

**SKOÐUN** Hannes Pétursson skrifar um fullveldi, hvalveiðar og hundamat. 29



**MENNING** Guðbjörg gefur út tímaritið Krakkalakkar fyrir börn á aldrinum 6-12 ára. 62



**SPORT** Aron Kristjánsson var ósáttur við frammistöðu Íslands í Hvíta-Rússlandi. 54







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
13. júní 2013
137. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Pylsur og gos til sölu við Seljalandsfoss

Skyndibiti og minjagripir verða til sölu við Seljalandsfoss frá og með næstu viku. Þá opna tvenn hjón söluvagn þar. 2

**Þúsundir húsa bíða friðunar** 3.000-5.000 hús eru sjálfkrafa friðuð eftir lagabreytingu. Mikil skráningarvinna er fram undan. 4

**Mótmæla leikskólalokun** Einstæðir foreldrar í Hafnarfirði segja 5 vikna lokun leikskóla óásættanlega. 16

**Gufulögn í umhverfismat** Alþingismenn spurðu gesti sína í þaula um vanda Hellisheiðarvirkjunar á sameiginlegum nefndarfundi í gær. 18




28

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 10° | | NNA | 4 |
| Akureyri | 14° | | A | 5 |
| Egilsstaðir | 11° | | NNA | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | | A | 3 |
| Reykjavík | 12° | | NV | 5 |

**Hlýtt** Í dag verður strekkingur við SA-ströndina, annars hægari vindur. Lítils háttar væta við S-ströndina en annars úrkomulítið. Milt í veðri. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Gönguskór | SHELL - bíladagar | Fólk






**VÍÐTÆK LEIT** Tugir björgunarsveitarmanna leituðu í gærdag minkaveiðimanns sem talið er að hafi fallið í Hjaltadalsá skömmu eftir hádegi á þriðjudag. Leitin hafði engan árangur borið þegar blaðið fór í prentun og til stóð að funda um klukkan ellefu til að meta hvort henni skyldi haldið áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Varað við fúskurum í barnavernd

Barnaverndarstofa hefur áhyggjur af faglegu starfi samtakanna Vörn fyrir börn og kannar nú starfsemi þeirra. Forstöðukona samtakanna segist gefa lítið fyrir kjaftasögur og fullyrðir að starf þeirra sé faglegt.

**BARNAVERND** Barnaverndaryfirvöld kanna nú starfsemi samtakanna Vörn fyrir börn. Áhyggjur yfirvalda beinast fyrst og fremst að þjónustumiðstöð sem samtökin opnuðu nýverið í Skútuvogi fyrir barnunga þolendur kynferðisofbeldis.

Páll Ólafsson, sviðsstjóri ráðgjafar- og fræðslusviðs Barnaverndarstofu, staðfestir þetta og segir starfsemina varasama. Hann bendir einnig á að ekki sé fullsannað að starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar sé faglært og slíkt sé mjög alvarlegt mál.



KRISTÍN SNÆFELLS

„Það er vissulega áhyggjuefni þegar svona einkaframtak fer af stað og setur sig jafnvel á móti yfirvöldum og okkar fagaðilum sem þó vinna brautryðjendastarf. Okkur ber því að sjálfsögðu skylda til að kanna slíka starfsemi,“ segir Páll.

Kristín Snæfells er forstöðukona Varnar fyrir börn. Hún segir mikla aðsókn í þjónustumiðstöðina, samtökin hafi ótal mál til vinnslu og þau séu hvert öðru erfiðara. Hún segist gefa lítið fyrir „kjaftasögur“ sem séu á kreiki um samtökin.

Spurð hvort ekki sé æskilegast að málaflokkurinn sé inni á borði barnaverndaryfirvalda segir hún svo vera en þó séu margir sem ekki treysti þeim tilteknu yfirvöldum. Hún segir að þó sé unnið að samstarfi á milli Barnaverndarstofu og samtakanna. Páll hafnar því alfarið að slíkt samstarf sé í vinnslu.

> **„Við erum að skoða starfsemina, þar sem málaflokkurinn er afar viðkvæmur. Við viljum síst að fólk geri skjólstæðingum óleik við úrlausn sinna mála.**
>
> *Páll Ólafsson, sviðsstjóri ráðgjafar- og fræðslusviðs Barnaverndarstofu.*

Í upplýsingum um starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar á vefnum kemur fram að þar starfi sálfræðingar og lögfræðingar ásamt öðru starfsfólki.

„Við erum með einn sálfræðing sem vann samfara námi sínu hjá Barnaverndarstofu og er því vel kunnugur starfsháttum hennar. Einnig erum við með lögfræðing sem vann hjá Fangelsismálastofnun,“ segir Kristín.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru þetta tvær ungar konur. Sálfræðingurinn hefur þó ekki verið brautskráður úr námi og hefur því ekki fengið starfsréttindi sín útgefin. Starf hennar hjá Barnaverndarstofu var á vegum átaksverkefnis Vinnumálastofnunar fyrir háskólanema. Lögfræðingurinn er með BA-próf.

„Við efumst ekki um að þau vilji öll vel. En þau verða líka að segja frá starfseminni eins og hún er. Þau eru mikið að biðja fólk um peninga fyrir rekstrinum og slíkt má ekki gera á röngum forsendum,“ segir Páll.

- mlþ






Macbeth valin sýning ársins á Grímuhátíð sem einkenndist af jafnræði:

# Ólafur og Kristbjörg leikarar ársins

Uppfærsla Þjóðleikhússins á Macbeth var valin sýning ársins og Grímuverðlaununum í gær. Alls fékk Macbeth fern verðlaun, flest allra verka, á hátíð þar sem verðlaunin skiptust tiltölulega jafnt á milli sýninga.

Englar alheimsins uppskar þrenn verðlaun af þeim níu sem sýningin var tilnefnd til, þar á meðal sem leikrit ársins. Öll verðlaunin fyrir leik skiptust á milli sýninga. Kristbjörg Kjeld var valin leikkona ársins í aðalhlutverki fyrir Jónsmessunótt; Ólafur Darri Darrason var valinn leikari ársins í aðalhlutverki fyrir Mýs og menn; Brynhildur Guðjónsdóttir fékk verðlaun fyrir leik í aðalhlutverki fyrir Gullregn og Hilmar Guðjónsson fékk verðlaun í sama flokki karla fyrir Rautt. Gunnar Eyjólfsson fékk heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands fyrir framlag sitt til leiklistar en Kristján Ingimarsson og leikhópurinn Neander hlutu Sprota ársins fyrir verkið Blam!.



ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON

KRISTBJÖRG KJELD

- bs / Sjá síðu 38




## SPURNING DAGSINS



Ari, ertu duglegur að safna í skýið?

**„Mjög svo. Ég er í skýjunum yfir nýja appinu!“**

Áskrifendur Stöðvar 2 geta nú notið sjónvarpsefnis á nýjan hátt í gegnum OZ-appið. Meðal annars geta þeir safnað þáttum, barnaefni, íþróttaútsendingum og kvikmyndum sem eru síðan aðgengileg áhorfs á skýinu.

Bresk stjórnvöld leita allra leiða til þess að auka hagvöxt:

# Kóngabarn færir björg í bú

**BRETLAND** Breska þjóðin bíður í ofvæni eftir fæðingu arftaka krúnunnar en Kate Middleton, hertogaynja af Cambridge, á að eiga í næsta mánuði. Bresk stjórnvöld binda vonir við að hin konunglega fæðing komi til með að hafa jákvæð áhrif á efnahagskerfi landsins.

Stórir viðburðir og gleðileg tilefni, líkt og þetta, eru gjarnan neytendavænir, sérstaklega þau sem varða konungsfjölskylduna. Þjóðarstolt Breta eykst og með því sala á breskum vörum, til að mynda á tei, smákökum og leirtaui með myndum af konungsfjölskyldunni. Sú var raunin þegar Vilhjálmur og Kate giftu sig í apríl á síðasta ári og síðan árið eftir þegar þjóðin fagnaði 60 ára krýningarafmæli Elísabetar drottningar. Í kjölfarið fylgdu Ólympíuleikarnir með tilheyrandi sölu á ýmsum varningi og er áætlað að þeir hafi fært þjóðarbúinu 2,5 milljarða punda. Fæðing barnsins er næsti stóri viðburður.

Á síðasta ársfjórðungi var hagvöxtur aðeins 0,3 prósent í Bretlandi og þar í landi er því mikil þörf á uppsveiflu. „Á krepputímum leitar almenningur eftir einhverju til þess að gleðja sig og hefur áhuginn á konungsfjölskyldunni sjaldan verið meiri,“ segir Pauline Maclaran, breskur markaðsfræðingur. Því eru fyrir hendi góðir möguleikar á efnahagslegum ávinningi af fæðingu arftakans. - ne



**KATE MIDDLETON** Hertogaynjan Kate Middleton á von á barni og það eru fleiri spenntir en móðirin verðandi.

Opinn fundur Evrópustofu:

# Fiskveiðistefna ESB tekin fyrir

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Ný sjávarútvegsstefna ESB verður kynnt á opnum fundi í Norræna húsinu á morgun. Ole Poulsen, sem er einn helsti sérfræðingur Dana í sjávarútvegsmálum og stýrði meðal annars endurskoðun stefnunnar um hríð, mun kynna þar helstu breytingar.

Meðal annars kveða breytingarnar á um bann við brottkasti og yfirfærslu hluta af ákvarðanatöku til aðildarríkja.

Fundurinn stendur frá kl. 12 til 13.



**STOKKIÐ AF STAÐ** Helstu hætturnar sem bíða Chloe McCardel á leiðinni frá Kúbu til Flórída eru hákarlar, marglyttur og sjálfur Golfstraumurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Chloe McCardel tekur sér 160 kílómetra sundsprett:

# Syndir allt frá Kúbu til Flórída

**KÚBA, AP Ástralska sundkonan Chloe McCardel stakk sér til sunds í höfninni í Havana á Kúbu í gær og setti stefnuna á Flórída. McCardel stefnir að því að verða fyrsta manneskjan til að synda þessa leið án þess að vera umkringd búri til varnar hákörlum.**

**Leiðin er um 160 kílómetra löng og þjóst þessi 29 ára kjarnakona við því að verða um 60 klukkustundir á leiðinni. Á meðan sundinu stendur má hún ekki halda í fylgdarbát sinn og ekki vera í heilbúningi.**

**Ein kona hefur áður synt þessa leið en hún notaði búr til varnar hákörlum. Tvær aðrar hafa reynt, en þurft frá að hverfa vegna marglyttubruna og sterkra strauma, en leiðin liggur í gegnum Golfstrauminn.**

Kvenréttindafélag Íslands:

# Steinunn kjörin formaður

**FÓLK** Steinunn Stefánsdóttir var kosin formaður Kvenréttindafélags Íslands á aðalfundi þess í gær. Fríða Rós Valdimarsdóttir tók sæti varaformanns. Í stjórn voru kosnar Eygló Árnadóttir, Helga Dögg Björgvinsdóttir, Hildur Helga Gísladóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Hugrún R. Hjaltadóttir og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir.



Rædd voru helstu verkefni næstu ára, en árið 2015 fagnar félagið því að öld er liðin frá því að konur fengu kosningarétt. - þþ

Skýrar línur í Íran:

# Kjarnorkan er á hendi erkiklerks

**ÍRAN, AP Úrslit forsetakosninganna í Íran mun ekki hafa nokkur áhrif á kjarnorkustefnu landsins. Þetta sagði utanríkisráðherra Írans í gær, skömmu eftir að forsetaframbjóðendur höfðu tekist á um málaflokkinn í sjónvarpskappræðum.**

**Þó að forsetinn komi fram fyrir hönd þjóðarinnar á alþjóðavettvangi fær hann litlu ráðið í stefnumótun þar sem Alí Kamení erkiklerkur fer með tögl og hagldir.**

**Íran hefur deilt við Vesturveldin vegna kjarnorkuáætlunar sinnar síðustu ár. Margir óttast að þeir stefni að því að koma sér upp kjarnorkuvopnum.** - þj



**VEITINGAVAGNINN** Eigendur Seljaveitinga við vagninn sem opnaður verður við Seljalandsfoss í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON/VILHELM

# Söluvagn settur upp næst Seljalandsfossi

**Tvenn hjón opna í næstu viku veitingavagn við Seljalandsfoss. Auk skyndibita og minjagripa selja þau regnslár fyrir þá sem ganga undir fossinn. Þau telja mikla eftirspurn eftir þjónustunni sem býðst með þessum fyrsta söluvagni á staðnum.**

**ÞJÓNUSTA** „Það hafa margir spekúlerað og velt fyrir sér í mörg ár af hverju það er ekkert við fossinn,“ segir Elísabet Þorvaldsdóttir um tilkomu veitingavagnsins sem opna á við Seljalandsfoss í næstu viku.

Veitingavagninn mun Elísabet starfrækja ásamt manni sínum, Heimi Hálfdanarsyni, og vinahjónum þeirra, Kristínu Guðbjartsdóttur og Atla Má Bjarnasyni.

„Við ætlum að vera með það helsta sem verið er að selja í svona vögnum; kaffi, gos, samlokur, pylsur og súpu og eitthvað af minjagripum og ferðamannavörum, að ógleymdum einnota regnslám fyrir þá sem vilja fara á bak við foss og eru ekki með útbúnað í það. Maður blotnar alltaf á bak við foss,“ segir Elísabet um vöruúrvalið.

Margir sem gengið hafa á bak við Seljalandsfoss hafa lent í því að aðrir fossgöngumenn biðja þá að smella af þeim ljósmynd. Spurð hvort boðið verði upp á slíka þjónustu að fossbaki segir Elísabet það einmitt hafa komið til tals. „Það eru framtíðarpælingar. Það eru ýmsar hugmyndir í gangi, þetta er bara byrjunin,“ svarar hún.

Eiginmaður Elísabetar er frá Seljalandi og einn eigenda jarðarinnar, sem er þríbýl, og á skikann í kringum Seljalandsfoss í óskiptri sameign með Seljalandsseli. Aðrir landeigendur hafa veitt sitt samþykki eins og Rangárþing eystra gerði að skilyrði þegar sveitarfélagið veitti stöðuleyfi fyrir veitingavagninum fram til 1. október.

Elísabet segir óvíst hversu lengi veitingavagninn verði opinn eftir að sumri tekur að halla.

„Mér finnst ólíklegt að við verðum með opið yfir háveturinn. Ferðamannastraumurinn til Íslands virðist samt alltaf vera að aukast utan þessara hefðbundnu sumarmánaða svo við munum horfa á þetta með opnum huga,“ segir veitingamaðurinn væntanlegi við Seljalandsfoss.

gar@frettabladid.is


# VISTVÆNAR VÖRUR

Í Rekstrarlandi finnurðu mikið úrval af vistvænum og vottuðum vörum.



PIPAR\TBWA • SÍA • 131772

**VISTVÆNN RUSLAPOKI**

100% niðurbrjótanlegur, úr maíssterkju, 10 lítra, 25 stk. í pakka.

**Verð 490 kr.**

Skeifunni 11 | Sími 515 1100

**MILD HÚÐ- OG HÁRSÁPA**

til daglegra nota. Lágt ph-gildi, aðeins 4,5.

**Verð 396 kr.**



REKSTRARLAND

www.rekstrarland.is


Rannsókn á kynferðisbrotum aldraðs bónda á Snæfellsnesi er á lokastigi:

# Barnaði ekki stjúpdóttur sína



**SNÆFELLSNES** Konan bjó með móður sinni, stjúpföður, bróður hans og fleirum á sveitabæ á Snæfellsnesi um langa hríð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega áttræður bóndi af Snæfellsnesi, sem grunaður er um að hafa níðst á stjúpdóttur sinni áratugum saman, er ekki faðir þrítugrar dóttur hennar. Þetta er niðurstaða faðernisprófs sem lögreglan á Akranesi lét gera í þágu rannsóknar málsins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ekki er útlit fyrir að úr því fáist skorið hver er faðir dótturinnar. Konan, sem er um fimmtugt, hefur greint frá því að tveir bræður bóndans hafi einnig misnotað sig þegar hún bjó á sveitabænum á Snæfellsnesi ásamt stjúpföður sínum og öðrum bróðurnum. Þeir létust hins vegar báðir fyrir áratug.

Bóndinn sætir nú nálgunarbanni og er bannað að koma nálægt stjúpdóttur sinni fyrrverandi eða hafa samband við hana með nokkrum hætti. Áður hafði hann setið í gæsluvarðhaldi frá því í janúar og fram í byrjun apríl.

Konan er verulega greindarskert vegna heilaskaða sem hún hlaut í æsku. Málið hófst í ársbyrjun þegar ófeðruð dóttir konunnar uppgötvaði að maður hennar hafði beitt móður hennar kynferðislegu ofbeldi um nokkurt skeið. Þau höfðu öll búið saman á Vesturlandi. Tengdasonur konunnar viðurkenndi brotin og dóttirin hefur slitið við hann samvistum.

Samkvæmt heimildum blaðsins var þætti tengdasonarins vísað til Ríkissaksóknara fyrir um mánuði en engin ákæra hefur verið gefin út á hendur honum enn.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu í tengslum við þau brot greindi konan frá ofbeldi fyrrverandi stjúpföður síns, bóndans á Snæfellsnesi. Rannsókn á þætti hans er á lokastigi hjá lögreglu. - sh


GARÐA DAGAR
ENN LÆGRA VERÐ!
SÍÐASTI SÉNS!
LÝKUR UM HELGINA!
25% afsláttur
Öll sumarblóm og garðplöntur
20% afsláttur
Öll viðarvörn*
20% afsláttur
Öll garð-húsgögn*
20% afsláttur
Outback og Beefeater gasgrill*
VERÐDÆMI
Sláttuvél B&D
29.596 kr.
fullt verð 36.995 kr.
VERÐDÆMI
Garðstóll Evergreen
7.900 kr.
fullt verð 9.990 kr.
VERÐDÆMI
Jotun Pallaolía 3 ltr.
2.390 kr.
fullt verð 3.290 kr.
VERÐDÆMI
BUGG gasgrill
63.990 kr.
fullt verð 79.840 kr.
20% afsláttur
Allar sláttu-vélar
20% afsláttur
Öll sláttuorf*
20% afsláttur
Öll garð verkfæri*
30% afsláttur
Allir útipottar
VERÐDÆMI
Rafmagnsorf Ikra
6.799 kr.
fullt verð 8.499 kr.
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
Tilboð gilda ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ eða öðrum tilboðum
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## SVONA ERUM VIÐ



**1.458** var fjöldi hjónavígslna á Íslandi árið 2011.

Tíðasti aldur brúðguma var 29 ára en brúðir voru flestar 30 ára.

*Heimild: Hagstofa Íslands.*

Prófessor í lýðheilsuvísindum rannsakar tengsl streitu og alvarlegra sjúkdóma:

# Streita stór þáttur í sjúkdómum

**HEILSA** „Það er í dag nokkuð staðfest vísindalega að streita hefur áhrif á þróun sjúkdóma, þá sérstaklega geðsjúkdóma og hjarta- og æðasjúkdóma,“ sagði Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands.

Rannsóknir Unnar snúast almennt um að varpa ljósi á það hvort og hvernig streita hefur áhrif á heilsufar og þróun sjúkdóma.

„Þekkingargrunnurinn fyrir krabbamein hefur verið í hraðri mótun undanfarið. Það eru ekki sterkar vísbendingar um að streita hafi áhrif á uppkomu meinsins en töluverðar vísbendingar um að streita hafi áhrif á þróun meinsins. Til að mynda hvort meinið stækki og stofni lífi einstaklingsins í hættu,“ sagði Unnur enn fremur.

„Eins höfum við séð í okkar rannsóknum að einstaklingar sem hafa orðið fyrir alvarlegu áfalli, eins og að greinast með krabbamein eða missa einhvern nákominn, eru í stóraukinni hættu á því að fá hjartaáfall strax í kjölfarið, en þeir hafa hærri dánartíðni og eru líklegri til að greinast með geðsjúkdóma,“ sagði Unnur. - ósk



**UNNUR ANNA VALDIMARSDÓTTIR** Prófessor í lýðheilsuvísindum.

Flóðin í Þýskalandi:

# Merkel heitir fólki bótum

**ÞÝSKALAND** Flóðin í Þýskalandi virðast vera í rénun þrátt fyrir að enn sé hættuástand víða.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefur heimsótt flóðasvæðin til að kynna sér ástandið. Hún hefur lofað því að þýska ríkið bæti tjónið sem orðið hefur vegna flóðanna.

Samgöngur eru enn víða úr skorðum í Þýskalandi og í Ungverjalandi, sem hefur einnig orðið illa úti í flóðum síðustu vikna. - þeb



**NELSON MANDELA** Berst hetjulega fyrir lífi sínu.

Mandela enn á gjörgæslu:

# Þjóðhetja berst fyrir lífi sínu

**SUÐUR-AFRÍKA** Nelson Mandela, sem hefur verið á gjörgæslu síðan hann var fluttur á sjúkrahús á laugardag, bregst betur við meðferð lækna en áður. Þetta segir Jacob Zuma, forseti Suður-Afríku. Hann segist ánægður með framfarir þjóðhetjunnar eftir erfiða daga í mikilli óvissu um heilsu hans. Í gær, miðvikudag, voru 49 ár síðan hann var dæmdur til fangelsisvistar. Hann var fangi í 27 ár og er talið að sýkingin sem hann berst nú við sé bein afleiðing af þeirri fangelsisdvöl. - ne

Afkoma fyrsta fjórðungs birt:

# Eik græddi 203 milljónir króna

**VIÐSKIPTI** Eik fasteignafélag hagnaðist um 203 milljónir króna á fyrstu þremur mánuðum ársins, að því er fram kemur í tilkynningu til Kauphallar. Rekstrarhagnaður félagsins var rúmlega 382 milljónir króna og jókst um átta prósent milli ára. Leigutekjur voru tæpar 485 milljónir og jukust um 10 prósent.

Viðsnúningur frá fyrra ári er sagður skýrast af því meðal annars að fjármagnsgjöld hafi lækkað í ár vegna endurfjármögnunar sem hófst í maí í fyrra og lauk í október. - óká

# Þúsundir aldargamalla húsa bíða friðunar vegna aldurs

**Talið er að þrjú til fimm þúsund hús á landinu séu nú sjálfkrafa friðuð vegna aldurs eftir lagabreytingu. Mikil skráningarvinna í bígerð hjá Minjastofnun. Heyrir til undantekninga að gömul hús verði rifin, segir arkitekt.**

**MENNING** „Almenna reglan á Íslandi hefur lengi verið sú að gömul hús eigi að rífa og undantekningin sé að þau fái að standa. Það má segja með þessum nýju lögum hafi því verið snúið við,“ segir Pétur Ármannsson, arkitekt hjá Minjastofnun. „Nú verður erfiðara að fá húsin rifin þar sem það verður að fara fram faglegt mat í hverju einasta tilviki.“

Talið er að á bilinu þrjú til fimm þúsund hús og mannvirki á landinu öllu séu orðin meira en 100 ára gömul og þurfi því að fara á skrá Minjastofnunar sem friðuð hús. Samkvæmt lagabreytingu sem gerð var um áramót er nú skráður greinarmunur á friðlýstum húsum, sem ráðherra friðar að tillögu Húsafriðunarnefndar, og friðuðum sem falla í flokkinn vegna aldurs.

Mikil vinna er fram undan hjá Minjastofnun, sem fer nú með málefni tengd húsafriðun, að safna upplýsingum um þau hús sem byggð voru fyrir árið 1913 til að koma þeim saman í einn gagnagrunn. Pétur bendir á að listinn verði þó mögulega aldrei fullkominn þar sem upplýsingar um byggingarár úr fasteignaskrá geti verið villandi. Það komi fyrir að skráð byggingarár sé í raun það ár sem sótt er um fyrstu breytingar á húsinu, sem þýðir að hús geti hafa verið byggt árið 1912 þótt byggingarár sé skráð 1916.

„Þetta kostar mikla vinnu og kannski verður aldrei komist fullkomlega til botns í þessu þar sem byggingarár margra húsa eru ekki alveg á hreinu,“ segir hann. „En svo eru einstök byggðarlög þar sem ekki er mikið af húsum sem voru byggð fyrir árið 1913, eins og til dæmis Kópavogur.“

> **Það neikvæða er að það eru ekkert öll hús sem eiga skilið að vera friðuð, þótt þau séu 100 ára.**
>
> *Magnús Skúlason, formaður Húsafriðunarnefndar*

Húsafriðunarnefnd, sem var áður sjálfstætt skipað stjórnvald, er nú orðin ráðgefandi nefnd fyrir Minjastofnun. Þær breytingar voru einnig gerðar við síðustu ríkisstjórnarskipan að málaflokkurinn færist frá menningarmálaráðuneytinu til forsætisráðuneytisins.

Magnús Skúlason, formaður Húsafriðunarnefndar, segir þær breytingar vissulega óvenjulegar, þótt hann taki þeim fagnandi. „Hann (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra) hefur mikinn áhuga á þessum málum og sýnt það og sannað áður svo ég fagna þessu,“ segir hann. Magnús segir þó ýmsa vankanta vera á lagabreytingunum frá áramótum.

„Það neikvæða er að það eru ekkert öll hús sem eiga skilið að vera friðuð, þótt þau séu 100 ára,“ segir hann. „En það jákvæða er að það verður ekki eins sjálfsagt að rífa hús eins og áður.“

sunna@frettabladid.is



**EKKI FRIÐLÝST** Vífilsstaðaspítali var byggður árið 1910 en er ekki friðlýstur. Pétur segir spítalann eitt merkasta hús íslenskrar byggingasögu enda fyrsta steinsteypustórhýsi sem Íslendingar hönnuðu og byggðu. Það er dæmi um byggingu sem væri mikilsvert að friðlýsa.

## 1,2 prósent húsa byggð fyrir 1908

„Ísland er ekkert óskaplega þjakað af gömlum byggingum eins og margar aðrar þjóðir. Hlutfall eldri bygginga hér á landi er miklu minni hér en annars staðar í heiminum,“ segir Pétur Ármannsson, arkitekt hjá Minjastofnun. „Árið 2007 voru 593 hús á höfuðborgarsvæðinu byggð fyrir 1908, sem gerir 1,2 prósent, og hefur það verið notað sem rök fyrir því að það sé ekki of mikið í lagt fyrir Reykvíkinga að halda í þetta rúma prósent sem þessar gömlu byggingar eru.“

Alls eru 492 friðlýstar byggingar á landinu öllu í dag en listinn yfir þær þúsundir sem eru friðaðar vegna aldurs verður birtur á netinu þegar Minjastofnun hefur lokið vinnu sinni. Þá munu byggingafulltrúar og skipulagsyfirvöld fylgjast með skránni og senda inn erindi til Minjastofnunar í hvert sinn sem beiðni um niðurrif eða breytingar kemur á viðkomandi byggingum til að fá álit hennar lögum samkvæmt.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**LITLAR BREYTINGAR** Næstu daga ríkja að mestu norðaustan- og austanáttir, yfirleitt frekar hægur vindur en strekkingur við SA-ströndina. Horfur á þokulofti, einkum við N- og A-ströndina en yfirleitt bjartara inn til landsins, einkum á laugardag.




**Á morgun**
Víða 2-7 m/s.




**Laugardagur**
Fremur hægur vindur

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 29° | Berlín | 20° | Friedrichshafen | 28° | Las Palmas | 24° | New York | 20° | París | 19° |
| Aþena | 26° | Billund | 17° | Gautaborg | 18° | London | 18° | Orlando | 35° | San Francisco | 24° |
| Basel | 29° | Frankfurt | 21° | Kaupmannahöfn | 20° | Mallorca | 28° | Ósló | 14° | Stokkhólmur | 19° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **4,3** til **5,5**L/100km og $CO_2$ útblástur (g/km) frá **113** til **159**.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Samkvæmt alþjóðlegri friðarvísitölu er Ísland friðsælasta land í heiminum en hvar eru mestu átökin?
**2.** Hvaða þjóð mætir íslenska landsliðið í handknattleik næsta sunnudag?
**3.** Stúlkur í hvaða íslenska kór fóru í eftirpartí með Robert Pattinson nú á dögunum?

**SVÖR:**
**1.** Í Afganistan **2.** Rúmenum **3.** Graduale Nobili

Bankasýslan skoðar skráningu Landsbankans á markað og forstjóri Kauphallarinnar er jákvæður:

# Væri akkur í Landsbankanum á markað

**VIÐSKIPTI** Bankasýsla ríkisins er að meta kosti og galla þess að skrá eignarhlut ríkisins í Landsbankanum tvíhliða á innlendum og alþjóðlegum markaði.

Þetta kemur fram í ársskýrslu Bankasýslunnar. Bankasýslan mun einnig vega og meta kosti þess að selja eignarhluti til innlendra lífeyrissjóða, annarra fagfjárfesta eða sérhæfðra alþjóðlegra fjárfesta í fjármálafyrirtækjum.



**PÁLL HARÐARSON**

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands, er jákvæður í garð slíkra hugmynda. „Ég hef verið þeirrar skoðunar að það vanti enn þá stærri fyrirtæki inn á markaðinn og smærri líka – meiri fjölbreytileika – og það væri klár ávinningur í þessu. Þetta myndi styrkja markaðinn mjög mikið.“

Hann segir að markmiðið sé raunhæft, markaðurinn mundi ráða við skráningu af þessari stærð, en segir þó liggja í augum uppi að ein af forsendunum fyrir henni sé að fyrst verði endursamið um tæplega 300 milljarða skuld nýja Landsbankans við þann gamla, sem þarf að gera upp í erlendri mynt. Viðræður um endurfjármögnun þeirrar skuldar hafa staðið yfir með hléum í tvö ár án niðurstöðu. **- le, sh**



**LANDSBANKINN** Skuldar þrotabúi gamla bankans tæpa 300 milljarða. Það mál þarf að leysa áður en hægt verður að skrá hann á markað. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA








**„TÖLUVERT LAKARI STAÐA“** Forsætisráðherra og fjármálaráðherra kynntu í gær endurmat á stöðu ríkisfjármála. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Segja stefna í 14 milljarða gat í ríkisrekstri

Forystumenn ríkisstjórnar kynntu endurmat á stöðunni í ríkisfjármálum. Gæti þýtt að 14 milljarða vanti til að fjárlög standist. Fyrrverandi fjármálaráðherra segir að fátt sé óvanalegt eða óvænt í stöðunni og að málin skyldi skoða í lok ársins.

**EFNAHAGSMÁL** Afkoma ríkissjóðs á þessu ári gæti orðið allt að 14 milljörðum lakari en gert var ráð fyrir í fjárlögum vegna lægri tekna og meiri útgjalda. Þetta kom fram í máli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra og Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra í gær þar sem þeir kynntu niðurstöðu úttektar á stöðu ríkisfjármála. Auk þess er hugsanlegt að ríkissjóður þurfi að afskrifa þrettán milljarða framlag til Íbúðalánasjóðs ef ekki rætist úr stöðu sjóðsins.

Til að bregðast við þessari breyttu stöðu mun sérstök hagræðingarnefnd fara yfir allan rekstur ríkisins með það að markmiði að ná fram sparnaði. Hún mun taka til starfa á næstu dögum.

Að baki þessum breyttu tölum liggur að tekjur verði fjórum milljörðum minni en gert var ráð fyrir, meðal annars í ljósi lakari þjóðhagsspár þar sem gert er ráð fyrir minni hagvexti í ár en áður var spáð, 1,9% í stað 2,5%.

Þá sé gert ráð fyrir því að fyrirhuguð sala eigna muni skila fjórum milljörðum minna en til stóð.

Á útgjaldahliðinni er gert ráð fyrir að umframgjöld í ríkisstofnunum verði um fimm milljarðar og ný verkefni sem þáverandi ríkisstjórn kynnti í aðdraganda kosninga, og eru ekki í fjárlögum, verði einn milljarður á árinu.

Þegar litið er lengra fram í tímann segja Bjarni og Sigmundur að útlit sé fyrir að áætlanir fyrir næsta ár séu á þann veg að ómögulegt verði að ná jafnvægi í ríkisrekstrinum að óbreyttu, þar sem afkoma ríkissjóðs gæti orðið um 27 milljörðum lakari en ríkisfjármálaáætlun gerir ráð fyrir.

Áætlanir hafa gert ráð fyrir því að jafnvægi yrði náð í ríkisrekstrinum á næsta ári og Bjarni vill ekki gefa það upp á bátinn.

„Það verður mun erfiðara viðfangsefni en við ætlum ekki að gefa það frá okkur, svona í upphafi, heldur leggja áherslu á að öllum árum verði róið að því að halda við áætlun um að ná fram hallalausum fjárlögum. Það verður hins vegar að koma í ljós á næstu vikum hversu raunhæft það markmið er.“

Vinna við gerð fjárlaga næsta árs er að hefjast um þessar mundir en Sigmundur segir að ekki verði einblínt á niðurskurð.

„Staðan er ekki sjálfbær eins og hún er núna og það mun ekki verða hægt að taka á þessum vanda eingöngu með því að skera niður.“

Áhersla yrði líka lögð á auknar fjárfestingar og örvun hagvaxtar.

thorgils@frettabladid.is

## RÍKISFJÁRMÁLIN MIÐAÐ VIÐ FJÁRLÖG 2013 SKV. ÚTTEKT RÍKISSTJÓRNARINNAR:




## „Eiga sjálfir eftir að lenda í þessu ...“

**Katrín Júlíusdóttir**, fyrrverandi fjármálaráðherra, segir í samtali við Fréttablaðið að þessi framsetning ríkisstjórnarinnar á stöðu mála sé eilítið langsótt og þeir Bjarni og Sigmundur gangi nokkuð langt til að „fylla upp í yfirlýsingar“ sínar úr stjórnarmyndunarviðræðunum.



„Það er ekkert óvanalegt að stofnanir fari fram úr fjárheimildum, en þá er það hlutverk ráðuneytanna að grípa inn í í tæka tíð. Þeir eiga sjálfir eftir að lenda í þessu aftur og aftur á meðan þeir eru í ríkisstjórn.“

Varðandi tekjuhliðina segir Katrín að margt geti enn gerst fram að árslokum og rétt að spyrja að leikslokum. Til dæmis sé ekki útilokað að sala ríkiseigna geti náð yfirlýstum markmiðum.

Hún segir hins vegar að það skjóti nokkuð skökku við að á sama tíma kynni stjórnin frumvarp um breytingu á veiðigjaldi sem muni hafa í för með sér 3,2 milljarða lækkun í tekjum ríkissjóðs í ár og 6,4 milljarða á næsta ári.

„Mér þykir mjög sérstakt að menn tiltaki þetta ekki, en tíni hins vegar til nokkur hundruð milljónir sem setja á í tannlækningar barna.“




# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM DÖMU- OG HERRAFATNAÐI**
13.-17. JÚNÍ



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 17. júní.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## HEIMURINN






### Þúsundir mótmæltu Pútín

**1 RÚSSLAND** Mörg þúsund manns komu saman í Moskvu í dag til að mótmæla Vladimir Pútín forseta. Mótmælendur krefjast þess að Pútín segi af sér og að pólitískum föngum verði sleppt úr haldi. Baráttufólk fyrir réttindum samkynhneigðra var einnig í mótmælagöngunni, til að mótmæla frumvarpi sem fór í gegnum neðri deild þingsins í gær. Samkvæmt því verður meðal annars ólöglegt að veita börnum upplýsingar um samkynhneigð.

### Castro neitaði sakargiftum

**2 BANDARÍKIN** Ariel Castro, sem hefur verið í haldi lögreglu frá því að þrjár ungar konur og lítil stúlka sluppu úr húsi hans í byrjun maí, kom fyrir dómara í dag. Hann hefur verið ákærður í 329 ákæruliðum fyrir mannrán, nauðganir og manndráp og á ákæruliðunum enn eftir að fjölga.

Castro neitaði sakargiftum fyrir dómi í gær. Með því knýr hann fram frekari rannsókn yfirvalda á manndrápsákærunni. Hann vill sleppa við dóm fyrir manndráp, enda gæti hann verið dæmdur til dauða fyrir það.

### Svíar gefast upp fyrir ESB

**3 SVÍÞJÓÐ** Sænsk stjórnvöld hafa gefist upp á tilraunum til að fá Evrópusambandið, ESB, til að aflétta banni við sölu á munntóbaki í aðildarríkjunum.

Í frétt á vef Dagens Nyheter segir að nú ætli stjórnvöld að reyna að fá að ákveða sjálf hvaða reglur eigi að gilda um um munntóbak í Svíþjóð. Haft er eftir ráðherranum Mariu Larsson að Svíum verði ekkert ágengt í útflutningi á munntóbaki. Hún segir jafnframt að óvíst sé hvort Svíar fái að hafa eigin reglur um bragð af munntóbaki og innihald þess.

## Vegavinna í Vaðlaheiði



**GANGUR Í GÖNGUNUM** Með tilkomu Vaðlaheiðarganga verður akstur um Víkurskarð úr sögunni. „Framkvæmdir ganga ljómandi vel og það er stanslaus veðurblíða,“ segir Einar Hrafn Hjálmarsson aðstoðarstaðarstjóri. „Síðasta sprengingin var í gær þannig að næsta stóra skref er að byrja jarðgangagröftinn.“ Áætlað er að það verk hefjist þann 1. júlí. FRETTABLAÐIÐ/PJETUR

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

FRÁBÆR KAUP

Hyundai i30 Classic
Verð frá: 2.990 þús. kr.
Eyðsla frá 4,9 l/100 km* – $CO_2$ 139 g/km

Aðgerðarhnappar í stýri
ESP-stöðugleikastýring
Aksturstölva
iPod-, USB- og AUX-tengi
Rafléttstýri
EBD-hemlajöfnun
Brekkuhemlun




5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður **5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur** með öllum nýjum Hyundai bílum.

**ÓKEYPIS LÉTTSKOÐUN** fyrir Hyundai viðskiptavini. Viðskiptavinir Hyundai geta komið með bílinn sinn hvenær sem er í Léttskoðun sér að kostnaðarlausu.

HYUNDAI
Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
575 1200 - www.hyundai.is

**Opnunartími Hyundai Kauptúni 1(Beint á móti IKEA)**
Opið frá kl. 07.45–18.00 virka daga og 12.00–16.00 á laugardögum.

ENNEMM / SÍA / NM58133

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070


DEBENHAMS
Gerðu lífið skemmtilegra
Kauptu eina vöru í dömudeild og fáðu aðra á hálfvirði*
*Gildir ekki af snyrtivörum og vörum frá Warehouse.
*Greitt er fullt verð fyrir dýrari vöruna.
Opið í kvöld til 21:00
Gildir út sunnudag
Frí ráðgjöf hjá stílista
Bókaðu tíma í síma 522 8010
eða hjá astrid@debenhams.is
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Yfirvöld í New York bregðast við heilsuvandamáli:

## Stærðarhöft sett á drykkjarmál

**NEW YORK AP Heilbrigðisyfirvöld í New York-ríki í Bandaríkjunum hafa lagt fram umdeilda reglugerð. Reglugerðin, sem tekur til veitingahúsa, felur í sér að sett verði stærðarhöft á drykkjarmál sem innihalda sæta drykki. Thomas Farley, nefndarmaður í heilbrigðisnefnd borgarinnar, segir New York-borg verða að reyna að stemma stigu við vaxandi heilsuvandamáli. Í nýlegri rannsókn kemur fram að árið 2011 hafi 5.695 borgarbúar látið lífið af völdum sykursýki. Reglugerðin hefur verið gagnrýnd harðlega. Hún var tekin fyrir af ríkisdómstól New York-borgar á þriðjudag og mun brátt liggja fyrir hvort hún verði dæmd ógild eða leyft að standa.** - ne



**NÝJAR REGLUR** Veitingastaðir í New York mega ekki lengur selja sæta drykki í risavöxnum glösum ef samþykkt verður ný reglugerð.

jura kaffivélar fyrir heimili og vinnustaði



20% AFSLÁTTUR

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

börn eiga rétt á nægum svefni



**SORPBRENNSLAN Á KLAUSTRI** Hreinsibúnaður var ófullkominn og magn díoxíns sem barst frá sorpbrennslunni var því of mikið. Þáverandi umhverfisráðherra ræsti ofninn árið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gefast endanlega upp á sorpbrennslu heima

Sveitarstjórn Skaftárhrepps segir of dýrt að taka aftur upp brennslu sorps til að kynda sundlaug og grunnskóla er verði því hituð með rafmagni. Sveitarstjóri segir sorpmál í landinu „í algeru rugli“. Sárt sé að loka brennslunni og aka rusli burt.

**UMHVERFISMÁL** „Sorpmál almennt á Íslandi eru í tómu rugli,“ segir Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps þar sem gefist hefur verið endanlega upp á rekstri sorpbrennslu.

Sveitarstjórnin í Skaftárhreppi ákvað í fyrradag að ekkert yrði af því að kaupa nýja sorpbrennslu í stað þeirrar sem sveitarfélaginu var gert að loka á Kirkjubæjarklaustri fyrir nákvæmlega hálfu ári. Var það gert vegna of mikillar díoxínmengunar frá brennsluofninum sem hitaði íþróttahús og sundlaug heimamanna. Laugin var lokuð í sparnaðarskyni í vetur vegna þessa.

„Ef við ætlum að uppfylla skilyrðin alveg í þaula þá erum við að tala um hundrað milljónir; fimmtíu milljónir fyrir ofn með hreinsunarbúnaði og aðrar fimmtíu milljónir í mælabúnað. Það er bara of stór biti fyrir okkur,“ segir Eygló.

Sveitarstjórnin ákvað því að kaupa varmadælu fyrir 15 milljónir króna. Sá búnaður á að lækka rafmagnsreikninginn fyrir sundlaugina og grunnskólann um helming frá því sem nú er og spara þessu 443 íbúa sveitarfélagi fimm til sex milljónir á ári. Varmadælan muni þannig borga sig upp á þremur árum.

Eygló segir að sorp hafi verið flokkað í Skaftárhreppi frá árinu 1998. „Við höfum talið okkur vera fremst á þessu sviði. Nú verður sorpið einfaldlega keyrt til Reykjavíkur og urðað þar,“ segir hún. „Umhverfisins vegna finnst okkur sárt að loka brennslunni og þurfa að keyra sorpið í burtu. Það er alveg nóg umferð um Suðurland þó að við förum ekki að bæta við flutningabílum.“

Að sögn Eyglóar gerir núverandi regluverk meðhöndlun sorps óvinnandi. Ekki sé bjartara fram undan.



> **Árið 2025 á ekki að urða neitt sorp og það má ekki fara í brennslu. Hvað ætlum við að gera þá?**
>
> *Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri Skaftárhrepps*

„Árið 2025 á ekki að urða neitt sorp og það má ekki fara í brennslu. Hvað ætlum við að gera þá? Þetta er bara orðin vitleysa,“ segir sveitarstjórinn í Skaftárhreppi vonsvikinn með lyktir sorpbrennslumálsins.

gar@frettabladid.is

Ný verslun hefur verið opnuð.

Við bjóðum upp á þýsk gæða-heimilistæki frá Bosch, borðbúnað og glæsilega gjafavöru.

Verið velkomin!

Frábær opnunartilboð.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090



**APENA Í GÆR** Starfsmenn neituðu margir hverjir að yfirgefa höfuðstöðvarnar í gær og héldu áfram að senda út fréttir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fréttamenn grískra fjölmiðla leggja niður störf:

## Lokun ríkisútvarps veldur hneykslun

**GRIKKLAND, AP** Starfsmenn gríska ríkisútvarpsins, ERT, héldu áfram störfum og sendu út fréttir í gegnum netið í gær þrátt fyrir að búið væri að loka ríkisútvarpinu og segja þeim upp störfum í sparnaðarskyni.

„Það er almannasjónvarp í öllum Evrópuríkjum, í öllum löndum heimsins. Þetta var áfall fyrir okkur og áfall fyrir samfélagið held ég,“ sagði Maria Kodoxi, fréttamaður hjá ERT. Hún hefur starfað þar í 27 ár.

Ákvörðun stjórnvalda um að loka ríkisfjölmiðlinum hefur vakið gríðarlega hörð viðbrögð. 2.700 manns misstu vinnuna við lokunina. Fjöldi fólks hefur mótmælt fyrir utan höfuðstöðvar ríkisútvarpsins frá því að tilkynnt var um lokunina á þriðjudagskvöld. Meðal þeirra sem þar hafa verið eru starfsmenn og sinfóníuhljómsveit ríkisútvarpsins sem spilaði fyrir mótmælendur í gær.

Talsmaður grískra stjórnvalda, Simos Kedikoglou, sagði í gær að nýtt ríkisútvarp myndi fara í loftið fyrir haustið. „Þegar verið er að endurskipuleggja eitthvað frá grunni verður að loka, tímabundið.“

Fréttamenn annarra fjölmiðla ætla að leggja niður störf í dag til að mótmæla og tvö stærstu verkalýðsfélög landsins hafa sömuleiðis boðað verkföll á morgun. - þeb


NÝTT
LAKTÓSA
FRÍ
MJÓLK
LAKTÓSAFRÍ MJÓLK
Sama góða bragðið bara án laktósa
Laktósafrí léttmjólk er bæði fyrir þá sem eru með laktósaóþol og þá sem vilja ekki laktósa í mataræði sínu. Fólk með laktósaóþol getur drukkið hana áhyggjulaust á hverjum degi án þess að finna fyrir óþægindum í maga. Svo er mjólkin líka kolvetnasnauðari en venjuleg léttmjólk.
• Náttúrulega próteinrík
• Náttúruleg uppspretta kalks
• D-vítamínbætt

Starfsmaður á lager í Kaupmannahöfn undraðist þyngd banana:

# 100 kg af kókaíni í bananakassa

**DANMÖRK** Starfsmanni á lager hjá COOP í Brøndby í Kaupmannahöfn þótti bananakassinn sem hann handlék í gærmorgun óvenjuþungur miðað við stærð. Þegar hann kíkti í kassann sá hann töskur með dufti í og var þá lögreglunni gert viðvart. Á fréttavef Jótlandspóstsins er haft eftir lögreglunni að um 100 kg af fíkniefnum, sennilega kókaíni, hafi verið í kassanum.



Fyrir viku fundust 80 kg af kókaíni í bananakassa í birgðageymslu COOP í Hasselager við Árósa. Lögreglan telur að samband sé á milli þessara tveggja fíkniefnamála en í báðum tilfellum kom bananasendingin með skipi frá sama aðila í Kólumbíu. Að sögn lögreglunnar var sá undrandi þar sem vörusendingarnar höfðu verið skoðaðar áður en þær fóru um borð.

Talið er að reynt hafi átt að fjarlægja fíkniefnin úr bananakössunum áður en þeim var ekið á lager. Lögregla leitaði í öllum kössum í birgðageymslum í gær. Kaupmenn voru einnig beðnir um að skoða vel í bananakassa áður en þeir voru settir fram í verslanir.

Fyrr á þessu ári var lagt hald á 100 kíló af kókaíni sem fundust í vörubíl við höfnina í Árósum. Talið var víst að Danmörk hefði aðeins verið viðkomustaður.

- ibs




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Sigurður viðurkenndi að hafa átt í sambandi við piltinn en neitaði að hafa notfært sér aðstöðumun og tælt hann með gjöfum.

# Hélt unglingi uppi í skiptum fyrir kynmök

Sigurður Aron Snorri Gunnarsson hefur verið dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir að misnota unglingspilt um tveggja ára skeið. Hann gaf móður hans peninga og bauð honum til útlanda í skiptum fyrir kynlíf.

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Sigurð Aron Snorra Gunnarsson, 36 ára, í átján mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn unglingspilti sem stóðu yfir reglulega í tvö ár.

Sigurður Aron er dæmdur fyrir að hafa í sex skipti haft kynmök við piltinn, sem þá var á aldrinum 15 til 17 ára.

Þrír vinir piltsins kærðu Sigurð Aron einnig fyrir kynferðislega áreitni í samkvæmum en þau mál voru látin niður falla.

Pilturinn segist hafa kynnst Sigurði Aron á Facebook. Þeir hafi fljótlega tekið upp kynferðislegt samband og Sigurður Aron farið að bera á hann gjafir.

Fram kemur í dómnum að Sigurður Aron hafi gefið piltinum áfengi og fíkniefni, tvo bíla, annan þeirra í jólagjöf, tvo síma, skó, föt og skartgripi. Þá hafi hann lagt inn á hann samtals yfir 300 þúsund krónur, boðið honum með sér til útlanda, lánað móður hans peninga og keypt mat fyrir fjölskyldu hans.

Móðir piltsins segist hafa vitað af vinasambandi Sigurðar og sonar hennar en hún hafi ekki vitað að þeir ættu í kynferðislegu sambandi.

Sigurður var á þessum tíma 32 til 34 ára gamall en sagði piltinum rangt til um aldur sinn. Hann taldi að Sigurður væri um 26 ára gamall þegar þeir kynntust.

## Margdæmdur

Sigurður Aron hefur á þrettán ára tímabili hlotið sex refsidóma. Nú síðast staðfesti Hæstiréttur 18 mánaða dóm yfir honum fyrir rán og fíkniefnalagabrot. Árið 2009 fékk hann dóm fyrir að brjóta gegn barni með því að sýna því klámefni og hafa uppi annars konar ósiðlega hegðun gagnvart því.

Sjálfur hefur Sigurður neitað því að gjafirnar hafi verið í skiptum fyrir kynferðislega greiða.

„Ákærði hefur engar trúverðugar skýringar gefið á örlæti sínu við piltinn, sem aftur hefur borið að hann hafi litið svo á að gjafirnar tengdust kynferðislegum samskiptum þeirra,“ segir hins vegar í dómnum.

Þar segir einnig að Sigurður Aron hafi brotið gróflega gegn piltinum „sem var á viðkvæmu aldurs- og þroskastigi þegar brotin voru framin“. Enn fremur segir í dómnum: „Mátti ákærða vera ljóst hversu alvarlegar afleiðingar háttsemi hans hlyti að hafa fyrir líf og sálarheill piltsins. Þá sýndi ákærði af sér einbeittan brotavilja í samskiptum við piltinn.“

Hann þarf að greiða piltinum 1,2 milljónir í miskabætur.

stigur@frettabladid.is

SUMAR-
OPNUN

Þessar Vínbúðir eru opnar lengur í sumar frá 1. júní til 1. september.
Verið velkomin!

Reyðarfjörður
Mán. – fim.: 11.00-18.00
Föstudaga: 11.00-19.00
Laugardaga: 11.00-16.00

Þórshöfn
Mán. – fim.: 16.00-18.00
Föstudaga: 13.00-18.00

Vopnafjörður
Mán. – fim.: 16.00-18.00
Föstudaga: 13.00-18.00

Seyðisfjörður
Mán. – fim.: 16.00-18.00
Föstudaga: 13.00-18.00

Fáskrúðsfjörður
Mán. – fim.: 16.00-18.00
Föstudaga: 13.00-18.00

Djúpivogur
Mán. – fim.: 16.00-18.00
Föstudaga: 13.00-18.00

Flúðir
Mán. – fim.: 11.00-18.00
Föstudaga: 11.00-19.00
Laugardaga: 11.00-16.00

Kirkjubæjarklaustur
Mán. – fim.: 16.00-18.00
Föstudaga: 13.00-19.00
Laugardaga: 12.00-14.00

Vík
Mán. – fim.: 16.00-18.00
Föstudaga: 13.00-19.00
Laugardaga: 12.00-14.00

Þorlákshöfn
Mán. – fim.: 16.00-18.00
Föstudaga: 13.00-18.00

Búðardalur
Mán. – fim.: 16.00-18.00
Föstudaga: 13.00-19.00
Laugardaga: 12.00-14.00

Grundarfjörður
Mán. – fim.: 16.00-18.00
Föstudaga 13.00-18.00

Hvammstangi
Mán. – fim.: 16.00-18.00
Föstudaga 13.00-18.00

Hólmavík
Mán. – fim.: 16.00-18.00
Föstudaga: 13.00-19.00
Laugardaga: 12.00-14.00

VÍNBÚÐIN



SUMARSKOÐUN
BARÐANS
AÐEINS KR.
1.990*
*INNIFALIN ÁFYLLING Á RÚÐUVÖKVA OG VÍXLUN Á DEKKJUM

SUMARSKOÐUN!

Komdu við hjá Barðanum og láttu okkur kanna hvort bílinn sé tilbúinn í sumarfríið. Í sumarskoðun Barðans þá skoðum við:

- Bremsuklossa og bremsudiska
- Ljósabúnað
- Fjöðrunarbúnað
- Mælum loftprýsting og könnum ástand hjólbarða
- Könnum olíu
- Skoðum rúðuþurrkur
- Athugum kerrutengi
- Mælum rafgeyma

Dekkjaverkstæði · Smurþjónusta · Smáviðgerðir · Hjólastillingar · Bremsuklossar · Rúðuþurrkur · Rúðuvökvi · Rafgeymar · Peruskipti

BARÐINN
– Síðan 1941 –

SKÚTUVOGI 2 | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 568 3080 | WWW.BARDINN.IS

# ÓDÝRT Í ÚTILEGUNA



ÖFLUGUR
3,9 kWh
BRENNARI

HÆGT AÐ FELLA SAMAN!

**Mr. Grill H-4000**
**FERÐAGASGRILL MEÐ VAGNI**
- 3,9 KWH
- ELDTEMJARI
- NIÐURFELLANLEGAR HLIÐARHILLUR
- ELETRÓNÍSK KVEIKJA
- STÆRÐ: 1050x460x950mm (Á STANDI)
- ELDUNARSVÆÐI: 430x350mm
- SAMFELLANLEGUR VAGN
- GASSLANGA OG ÞRÝSTIJAFNARI FYLGJA

**17.999**
~~24.999~~

ÚRVAL AF GRILLVÖRUM!





ÖFLUGUR
3,9 kWh
BRENNARI

**Mr. Grill H-4000A**
**FERÐAGASGRILL**
- 3,9 KWH
- ELDTEMJARI
- NIÐURFELLANLEGAR HLIÐARHILLUR
- ELETRÓNÍSK KVEIKJA
- ELDUNARSVÆÐI: 430x350mm
- GASSLANGA OG ÞRÝSTIJAFNARI FYLGJA

**12.999**
~~19.999~~

Vindsængur verð frá **1.999**

Kælibox, 2 í pk. **4.999**

Útilegustóll **2.499**

Fótpumpa **999**

Kælitaska **1.999**

Útileguketill **1.499**

Kælielement 2x400gr **299**

Kælibox 25 lítra **3.999**

Vatnskútur 8 lítra **899**

Veiðivörur í úrvali!

Dolomiti plasthægindastóll **3.999**

Grill **3.999**

Tjald **3.999**

Tjaldsett Tjald, 2 svefnpokar 2 tjalddýnur í tösku **9.999**

Svefnpokar verð frá **2.999**

Tjaldlugt **1.299**

Kælibox 2 í pk. **5.999**

Tjald **6.999**

Tjalddýna **1.999**

Svefnpoki **4.999**

# ÚRVAL AF GOLFVÖRUM



Bullet Herragolfsett XS700 **39.999**

Bullet Dömugolfsett XS700 **39.999**

Golftí 100 stk **399**

HÆGT AÐ LEGGJA VEL SAMAN...



Golfkerra Fast Fold T3 til í hvítu og svörtu **24.999**

Cougar Barnagolfsett fyrir 8-10 ára **19.999**



Cougar Barnagolfsett fyrir 9-12 ára **9.999**

Cougar Barnagolfsett fyrir 11-13 ára **19.999**

Golfkúlur 12 stk í fötu **1.099**



Golfhanskar **1.499**



Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Garðabæ, Kringlunni, Smáralind og Skeifunni. Minna úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


GARÐHEIMAR
TEIKNING: HELGI SIG.


Sumarhátíðin
heldur áfram
20% til 40% afsláttur
AF ÖLLUM PLÖNTUM: SUMARBLÓMUM - ÁVAXTATRJÁM - RUNNUM O.FL.
AF ÖLLUM SLÁTTUVÉLUM - GARÐVERKFÆRUM - KLIPPUM - MOSATÆTURUM O.FL.
AF ÖLLUM GRILLUM OG GRILLAUKAHLUTUM
AF ÖLLUM GARÐSTYTTUM OG ÚTIKERJUM
Á SPÍRUNNI:
LAUGARDAG & SUNNUDAG
FRÁ KL. 12:00 TIL 16:00
GRILLAÐAR PYLSUR
GOS EÐA SAFI Á 100KR
OG BÖRNIN FÁ ÍSPINNA!
emmessis
AFSLÆTTIRNIR GILDA: 13. - 17.JÚNÍ
OPIÐ
VIRKA DAGA FRÁ KL. 9:00 TIL 21:00
HELGAR FRÁ KL. 10:00 TIL 21:00
Á ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGINN 17.JÚNÍ
ER OPIÐ FRÁ KL. 11:00 TIL 19:00
GARÐHEIMAR
Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is og á






**LEIKSKÓLABÖRN Í HAFNARFIRÐI** Fimm vikna lokun leikskóla í Hafnarfirði auk sex daga lokunar yfir árið vegna skipulagsdaga fellur alls ekki í kramið hjá foreldrum í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Einstæðir foreldrar í launalausum leyfum

Foreldrar í Hafnarfirði segja fimm vikna sumarlokun leikskóla lengri en orlofsrétt flestra foreldra og því algerlega óásættanlega. Einstæðir foreldrar þurfi sumir að taka launalaust leyfi til að mæta leikskólafríum. Málið sé bænum til lítils sóma.

**STJÓRNSÝSLA** „Lokanir leikskóla í Hafnarfirði eru lengri en orlofsréttur flestra foreldra og er það algerlega óásættanlegt fyrir barnafjölskyldur í bænum,“ segir foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar um fimm vikna sumarlokun leikskólum bæjarins.

Í erindi foreldraráðsins til bæjaryfirvalda er rifjað upp að sumarlokanir leikskóla Hafnarfjarðar voru lengdar úr fjórum vikum í fimm árin 2012 og 2013.

„Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar hefur alltaf mótmælt harðlega þessari fimm vikna sumarlokun því svo löng lokun veldur flestum barnafjölskyldum í Hafnarfirði miklum óþægindum. Fáir hafa kost á því að taka fimm vikna sumarfrí og foreldrar þurfa að auki að eiga inni frídaga fyrir skipulagsdögum leikskóla,“ segir foreldraráðið.

Þá segir að einstæðir foreldrar þurfi jafnvel að taka launalaust leyfi fyrir hluta af lokunum leikskóla þar sem þeir sjái oft á tíðum einir um barnið. Í fjölskyldustefnu Hafnarfjarðar segi að skilyrði til uppeldis barna í bænum séu ákjósanleg. Fimm vikna sumarlokanir leikskóla ásamt sex skipulagsdögum stangist á við þessa fjölskyldustefnu bæjarins.

Enn fremur segir foreldraráðið að í Reykjavík, Kópavogi, Reykjanesbæ, Mosfellsbæ og Akureyri séu leikskólarnir lokaðir í fjórar vikur. Í Garðabæ sé engin sumarlokun. „Telur foreldraráðið það Hafnarfjarðarbæ ekki til sóma að vera með lengstu sumarlokanir leikskóla af stóru sveitarfélögunum,“ segir foreldraráðið og bendir á að nú séu skipulagsdagar leikskóla í Hafnarfirði sex á ári. Það komi sér mjög illa fyrir foreldra og mikilvægt sé að fækka þessum dögum auk þess að stytta sumarlokanirnar.

> **Fáir hafa kost á því að taka fimm vikna sumarfrí og foreldrar þurfa að auki að eiga inni frídaga fyrir skipulagsdögum leikskóla.**
>
> *Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar.*

Erindi foreldranna var tekið fyrir í fræðsluráði Hafnarfjarðar sem svarar því til að sumarlokun verði stytt eftir þetta skólaár og skipulagsdögum fækkað um einn þar næsta skólaár.

gar@frettabladid.is






**PAKKAÐ Í ÁLPAPPÍR** Amfetamíninu hafði verið komið fyrir í lyklaborði.

Barst til landsins með pósti:

## Fundu amfetamín í lyklaborði

**LÖGREGLUMÁL** Tollverðir fundu nýverið á annan tug gramma af amfetamíni sem bárust hingað til lands með póstsendingu. Póstsendingin kom frá Taílandi en var stíluð á íslenskan einstakling.

Amfetamíninu hafði verið komið fyrir í tölvulyklaborði. Þegar tollverðir tóku lyklaborðið til nánari skoðunar voru fíkniefnin fundin. Þeim hafði verið pakkað vandlega inn í álpappír.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur haft umsjón með rannsókn málsins sem nú er lokið. - ósk

**SPÁNN**

### Mikil flóð á Norður-Spáni

Spánn bættist um helgina í hóp Evrópuríkja sem hafa orðið fyrir barðinu á flóðum, sem eru þau verstu í mörg ár. Flóðin ollu miklum skaða í norðurhluta landsins. Mikil rigning hefur verið á svæðinu undanfarið en það á að breytast á næstu dögum.



Takk fyrir kæri
BLÓÐGJAFI
ég verð þér
ÆVINLEGA
þakklát
Blóðgjöf er lífgjöf
Í hundruðum tilvika á ári hverju þurfa nýburar eða sængurkonur á blóðgjöfum að halda. Þá er gott að eiga þig að.
Blóðgjafadagurinn er í dag. Komdu í heimsókn í Blóðbankann.
Það tekur bara 30 mínútur að gefa blóð
PÓSTURINN
Pósturinn er stoltur styrktaraðili Blóðbankans
BLÓÐBANKINN
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-1543

VANDI STEÐJAR AÐ HELLISHEIÐARVIRKJUN

# Gufulögn líklega í umhverfismat

**Alþingismenn spurðu gesti sína í þaula um vanda Hellisheiðarvirkjunar á sameiginlegum nefndarfundi í gær. Fundurinn svaraði fæstum þeirra álitamála sem spurt var um en eftirtekjan er að gufulögn frá Hverahlíð til Hellisheiðarvirkjunar þarf líklega í umhverfismat.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Fyrsti fundur nýrrar umhverfis- og samgöngunefndar og atvinnuveganefndar var haldinn sameiginlega í gær, og var vinnslugeta Hellisheiðarvirkjunar til umfjöllunar. Var þar orðið við ósk Katrínar Jakobsdóttur, formanns Vinstri grænna (VG), og Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, þingkonu sem situr í atvinnuveganefnd fyrir VG.

Katrín reifaði hvað helst brennur á þeim stöllum; ekki síst á þeim tíma sem orkunýting, ekki síst jarðvarma, er til umfjöllunar þingnefnda. Það sé áhyggjuefni hvað framleiðslan minnkar hratt í Hellisheiðarvirkjun, sagði Katrín.

Þetta þyrfti að skoða alvarlega í ljósi þess að fleiri jarðvarmavirkjanir eru á teikniborðinu. Knýjandi spurningar vakni, t.d. hvernig á að nota jarðvarma til lengri tíma litið; er reynslan á Hellisheiði til vitnis um að nýtingin sé ekki sjálfbær. Jafnvel, spurði Katrín, hvort jarðvarmi væri alls ekki heppileg orkulind fyrir stórar verksmiðjur.

Staða virkjunarinnar virðist þó vekja fleiri spurningar en fræðasamfélagið, stjórnkerfið og hagsmunaaðilar treysta sér til að svara, að svo komnu máli. Það kom skýrt fram á fundinum og umfjöllunarefnið sprengdi áætlaðan fundartíma þingnefndanna hressilega, og verður honum því fram haldið.



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Eina stærstu virkjun sinnar tegundar vantar afl, enda stendur vinnslusvæðið ekki undir fullum afköstum hennar. Orkuveitan vill leiða gufu frá Hverahlíð til að tryggja full afköst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samandregnar niðurstöður fundarins voru í aðalatriðum aðeins ein, eða að Skúli Thoroddsen, lögfræðingur Orkustofnunar og staðgengill orkumálastjóra, sagði um þá hugmynd að gufulögn verði lögð frá Hverahlíð að Hellisheiðarvirkjun að framkvæmdin ætti sér ekki fordæmi hér á landi „en þyrfti sennilega að fara í mat á umhverfisáhrifum“.



**Sigmundur Einarsson, jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun**

Ég hef í fjögur ár gagnrýnt þau áform sem menn hafa haft uppi um nýtingu jarðhitasvæðanna. **Varðandi sjálfbærnina þá er það okkar mat að skilgreiningar Orkustofnunar á sjálfbærni séu nánast út í hött. Þær eru einfaldlega komnar frá orkugeiranum sjálfum og engir sérfræðingar, nánast, komið að þeim málum.** Nema kannski sem ráðgjafar. Þar segir að sjálfbær nýting þýði nýting í 100 til 300 ár og það er ekki í takt við sjálfbærnihugtakið. Þá á nýtingin að vera nánast óendanleg. Það að hægt sé að klára eitthvað, en það sé samt sjálfbært, gengur einfaldlega ekki upp.“

Það hefur mikið verið klifað á því að orkuvinnslan sé sjálfbær og því að við séum með græna orku. Það er mikilvægt að horfa til þess að í eðli sínu er þetta hvorki sjálfbær né græn nýting á háhitasvæðunum, yfirleitt. Annað er, varðandi Hellisheiðarvirkjun og það sem þar er að koma upp, þá er athyglisvert að í umsókn Orkustofnunar um Hverahlíðarvirkjun, vegna mats á umhverfisáhrifum, þá varar Orkustofnun við því að fara í Hverahlíðarvirkjun fyrr en reynsla er komin á áhrif Hellisheiðarvirkjunar á vinnslusvæðið, sem bendir til þess að málið sé sýnu alvarlegra en fram hefur komið.“



**Skúli Thoroddsen, lögfræðingur Orkustofnunar og staðgengill orkumálastjóra**

Markmiðið [í störfum Orkustofnunar] er að auka eftirlit með nýtingunni, þ.e. að ekki sé verið að ganga á sjálfbæra nýtingu auðlindar eins og hún hefur verið skilgreind. Þá vil ég sérstaklega vekja athygli á því að skilgreiningin á sjálfbærni er mjög í lausu lofti, og ég tala nú ekki um skilgreininguna í skilningi lögfræði. [...] Það sem ég vil leggja áherslu á hér, í þessu samhengi, er að öllum var jú ljóst þegar virkjunarleyfi var veitt fyrir Hellisheiðarvirkjun að til þess að tryggja góða umgengni á þjóðareigninni þá voru skilgreind mörk á vatnsborðslækkun inni í hitakerfinu. Það er þá ákveðin mælistika á stöðu kerfisins í heild sinni. **Það var sérstaklega tekið fram í leyfinu að ef þessi vatnsborðslækkun yrði mikil gætum við farið fram á endurskoðun virkjanaleyfisins. Orkustofnun getur hvenær sem er gripið inn í og endurskoðað leyfið;** gert kröfu um að framleiðslan minnki. Í ljósi skilgreiningar virkjanaleyfisins þá hefur þessum hættumörkum ekki verið náð enn þá. Það er líka heimilt að stækka vinnslusvæðið sem menn vissu ekki fyrir fram, þótt menn grunaði að sú gæti verið raunin [eins og forstjóri OR talar um með gufulögn frá Hverahlíð].



**Ólafur G. Flóvenz, forstjóri Íslenskra Orkurannsókna**

Ég sendi ykkur skjal um það hvernig jarðhitasvæði virka. Í öllum aðalatriðum, og við verðum að gera okkur grein fyrir því, er að þau eru hulin augum okkar. Við vitum ekki hvað þau gefa af sér. Þess vegna byggir nýtingin á jarðvísindalegum rannsóknum, aðallega framan af, sem verður að fylgja eftir með borunum. Smá saman kemur í ljós hversu mikilli orkuvinnslu svæðið stendur undir. [...] Það má halda því fram í ljósi skilgreiningar á sjálfbærni að vinnsla sé alltaf ágeng í byrjun, en svo nær hún einhverju jafnvægi. Það er hins vegar í eðli allra háhitavirkjana að þær rýrna um eitt til tvö prósent í afli á ári, svona almennt séð yfir heiminn. Meira fyrst og minna seinna. [...] Því þurfa menn að mæta því með að bora viðbótarholur. Ef þrýstingsfallið er meira en svo að það náist jafnvægi þá er vinnslan ágeng. Það þýðir það aftur að draga þarf úr vinnslu.

Í engum tilfellum held ég að menn geti skaðað eða skemmt jarðhitasvæði, þó að menn fari í ágenga vinnslu um tíma. En spurningin er fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis. Við hjá ÍSOR höfum lagt áherslu á það í gegnum tíðina að menn virki háhitasvæði rétt, vegna þess hversu óviss orkugetan á tilteknu svæði er. Þau ráð sem við höfum alltaf reynt að gefa er að virkja í hæfilegum skrefum [Ólafur nefnir 40 til 50 MW en háð stærð svæða] og fá reynslu á það hversu vel svæðin standa sig. [...] Ég vil leggja áherslu á að þótt menn séu búnir að bora og komnir með vinnslu í gang þá verða menn að huga að áframhaldandi rannsóknum á því sem er að gerast á svæðinu. Menn vita ekki nema takmarkað, jafnvel þótt virkjunin sé komin í gagn.



**Sveinbjörn Björnsson frá Orkustofnun**

Varðandi Hellisheiði þá finnst mér menn vaða reyk. Það sem Orkuveitan hefur sagt er að þeir, jú, þurfa að bora viðbótarholur til að halda fullu afli en þeir meta það af reynslu sinni af vinnslu holum á vinnslusvæðinu að það muni ekki nást aukning á gufu þótt meira verði borað á svæðinu sem þeir eru að nýta. Þeir þurfa að leita nýrra svæða utan Hengilssvæðisins til að vinna viðbótina. Þá er þeirra tillaga að leiða gufu frá Hverahlíð þar sem þeir eiga holur. Ef það ætti að fara bora nýjar holur núna á nýjum blettum þá tekur það tvö, þrjú ár og hver hola kostar 400 til 500 milljónir. **Því held ég að þessi lausn þeirra sé sú langskynsamlegasta í núverandi ástandi, en jafnframt þarf að rannsaka svæðið betur.**



**Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar**

Við höfum lagt mikla orku í að meta náttúrufar jarðhitasvæða og verndargildi. Í því sambandi höfum við þurft að skoða gögn varðandi orkugetu og vinnslusögu þeirra svæða sem hafa verið virkjuð. Við höfum sett fram á undanförnum árum spurningar er varða orkunýtingu og orkugetu þessara svæða, og ekki síst um áform um virkjanir sem við höfum kallað að séu á veikum grunni.

Varðandi muninn á Henglinum og Reykjanesinu, og það kemur fram í umsögn okkar vegna Rammaáætlunar, **þá lögðumst við eindregið gegn því að Reykjanesvirkjun færi í nýtingarflokk, einmitt vegna þess að verndargildið var vanmetið og orkugetan ofmetin, að okkar mati.**



**Stefán Arnórsson, prófessor við Háskóla Íslands, og situr í stjórn Landsvirkjunar**

Mig langar til að koma á framfæri í hverju ólík sjónarmið liggja, annars vegar að vilja virkja í litlum þrepum og þá í stærri þrepum. [...] Menn giska á hvað auðlindin er stór. Ef svarið er að hún virðist mjög stór samkvæmt faglegri ágiskun, þá standa stjórnvöld frammi fyrir því að taka ákvörðun um hvort byggja á upp þekkingu til að stuðla að nýtingu auðlindarinnar, og jafnvel leggja fram fé til þess og jafnvel koma einhverju af stað. **En þessari ágiskun er gjarnan tekið sem staðreynd. Þetta heyrði ég síðast í gær er var sagt að Hengilssvæðið gæfi þúsund megavött. Þetta er ágiskun og þarna liggur hundurinn grafinn.**

Þetta er áhættustýring, ef svo mætti segja. Og ég verð að segja fyrir mitt leyti að eitt skref upp á 240 megavött á Hellisheiði var æði stórt. Það hefði mátt vera miklu minna. [...] **Fyrst að menn stóðu svona að verki þá kemur ekkert á óvart að það verði harkalegur niðurdráttur. Þetta er allt of lítið vinnslusvæði fyrir svona stóra virkjun.**

Ég tel að nýtingin í Hellisheiðarvirkjun ætti að vera 100 megavött. Það hefði verið eðlilegt skref. Það þýðir það að jarðgufuvirkjanir, einar og sér, henta alls ekki fyrir verksmiðjur eins og álver.

Það má laga ýmislegt í lögum. Lögin um umhverfisáhrifin henta alls ekki þegar jarðhitinn er annars vegar. Það hefur haft, tel ég, stundum slæmar afleiðingar.

Það er ekki hægt að tala um sjálfbæra vinnslu. Það er ekki heldur hægt að skilgreina þetta aftur og aftur, eins og mönnum dettur í hug. [...] **Þetta hugtak er huglægt. Þetta vefst fyrir mönnum og mér finnst stefnan alveg skýr. Viljum við að** komandi kynslóðir hafi sömu tækifæri og við?

## ÞETTA BRANN Á ÞINGMÖNNUM



„Komið hefur fram að verið sé að taka of mikið upp úr vinnslusvæðinu á Hellisheiði. Hvað væri eðlilegt að uppsett afl væri þarna?“
„[Vegna ummæla um að Hverahlíð og önnur svæði eigi að styðja vinnslu í Hellisheiðarvirkjun] Eru menn ekki búnir að selja orkuna til nýrra kaupenda? **Ég velti fyrir mér samningum sem Orkuveitan hefur gert** um sölu á nýrri orku, hvar standa þeir samningar? Eru þeir ekki fallnir um sjálft sig?“
*Katrín Júlíusdóttir, Samfylkingu*



„Ég spyr hvort borgaryfirvöld í Reykjavík hafi gengið allt of langt í virkjunum á þessu svæði og því komið óorði á virkjun á háhitasvæðum. Raforkuframleiðslan er komin í 303 megavött, og má ég spyrja þá sem það vita [...] hvað það var stórt sem fór í umhverfismat; hvað var það mikið sem fór ekki í umhverfismat af þessum 303 megavöttum? Og það sem snýr að Rammaáætlun – hefur ekki tekist, miðað við það sem hér er sagt, að halda jafnvægi á milli vatnsaflsvirkjana og jarðvarmavirkjana, **nema við séum á þeirri skoðun að það sé komið nóg af virkjanlegu afli.**“
*Kristján Möller, Samfylkingu*



„Mig langar að biðja fulltrúa Orkustofnunar að bregðast við fullyrðingum Sigmundar [Einarssonar frá NÍ] um að skilgreiningar Orkustofnunar á sjálfbærni væru út í hött. Mér finnst hún alvarleg þar sem Orkustofnun veitir virkjanaleyfi ...“
*Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sjálfstæðisflokki*



„Getið þið skilgreint það sem sjálfbærni, og notað það í hugtaki eins og sjálfbær vinnsla, ef það dugar bara í þrjár til níu kynslóðir en ekki fyrir þær sem koma á eftir? Og réttlætt það?“ *Jón Þór Ólafsson, Pírötum*



[Um 5 kílómetra gufulögn frá Hverahlíð til Hellisheiðarvirkjunar til viðhalda vinnslu] „Þarf slík framkvæmd ekki í umhverfismat, og hefur þetta verið gert áður með þessum hætti?“
*Katrín Jakobsdóttir, VG*



„Hafa rannsóknir á svæðinu og gögn sem menn hafa handbær verið þau bestu til að fylgjast með svæðinu frá upphafi?“
*Ásmundur Friðriksson, Sjálfstæðisflokki*



„Ég spyr í ljósi þessarar reynslu og nýrrar þekkingar á orkugeiranum **hvort Orkustofnun þurfi ekki að skerpa verulega á sínu eftirlitshlutverki gagnvart þessum háhitasvæðum,** vegna þeirra gífurlegu hagsmuna sem þarna eru undir í umhverfislegu ljósi og gagnvart orkukaupendum sem þarna eiga í hlut. Líka hvort staðan sem núna er uppi sé tilefni til að endurskoða að binda okkar háhitasvæði einum stórum orkukaupanda; hvaða áhættu við séum að taka.“
*Lilja Rafney Magnúsdóttir, VG*

# LÁGT VERÐ
– ALLA DAGA



BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
12.990 kr.
Almennt verð 15.990 kr.

Vnr. 41624117
MOSAIC borð, 60 cm.

BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
6.990 kr.
Almennt verð 8.990 kr.

Vnr. 41624118
MOSAIC stóll.

STÁLRAMMI MEÐ MÓSAÍK



Vnr. 53323130
Sláttuvél OY460P, 5,0 hestafla fjórgengismótor, 139cc, 2,3kw.
39.990 kr.

SUMAR Í BYKO!

60 L SAFNPOKI
SLÁTTUBREIDD 46 CM
HÆÐARSTILLING 25-75 MM

VERÐVERND BYKO
# LÆGRA VERÐ

# BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is

## ALLT FYRIR GARÐVERKIN



Vnr. 53323110
Sláttuorf BC260, tvígengismótor, 22,5cc, 42 cm sláttubreidd.
19.990 kr.



BOSCH
Vnr. 74891130
BOSCH ROTAK 320, rafmagnssláttuvél, 1200W, sláttubreidd 32 cm, stillanleg sláttuhæð frá 20-60 mm. 31 l safnkassi.

BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
23.990 kr.
Almennt verð 29.990 kr.



Einhell
Vnr. 74830010
EINHELL rafmagnssláttuorf BG-ET 2620, 260W, sláttubreidd 20 cm.
4.990 kr.



Vnr. 55095013
CASORON illgresiseyðir, 1 kg.

BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
2.990 kr.
Almennt verð 3.990 kr.



Vnr. 55092189
Grasfræ, 500 g.
1.290 kr.



HAGA
50 LÍTRAR
Plant jord

Vnr. 55097032
Gróðurmold, 50 l.

BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
990 kr.
Almennt verð 1.290 kr.



Vnr. 55430102
JUWEL Alustar hringsnúrur.

BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
7.990 kr.
Almennt verð 9.990 kr.

21 GÍR
24"
ORIENT BIKES
Vnr. 49620053-4
EXCEL reiðhjól.



BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
33.990 kr.
Almennt verð 38.990 kr.

21 GÍR
26"
ORIENT BIKES
Vnr. 49620055
LUXUS reiðhjól.



BYKO KLÚBBURINN
KLÚBB verð
36.990 kr.
Almennt verð 45.990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

## HÁTÍÐIR

**Sólstöðuhátíð, Hafnarfirði**
**14.-17. júní**
Bardagasýningar, tónlistaratriði og markaðir í miðbæ Hafnarfjarðar.

**Isnord-tónlistarhátíðin - tónleikar víða í Borgarfirði**
**13.-16.júní**
Lögð er áhersla á íslenska og norræna tónlist.

**Bíladagar Bílaklúbbs Akureyrar**
**14.-17. júní**
Haldnir í 17. sinn. Bíláhugamenn hittast, horfa á og taka þátt.

**Þar fyrir utan eru hátíðahöld um land allt á mánudaginn eins og venja er á þjóðhátíðardaginn 17. júní.**



## VEÐUR

**Fimmtudagur og föstudagur**
**7-15°C HLÝJAST V-LANDS**
Austan og norðaustan 5-13, en hægari vindur SV-til. Úrkomulítið víðast hvar.

**Laugardagur**
**7-16°C HLÝJAST S- OG V-LANDS**
NA-átt 3-8 m/s. Skýjað og sums staðar þokusúld norðan- og austantil, en bjart með köflum S- og V-lands,líkur á síðdegisskúrum.

**Sunnudagur**
**10-16°C VÍÐAST HVAR**
V-læg átt 3-8 m/s. Skýjað vestantil á landinu, en annars skýjað með köflum. Líkur á skúrum.

**17. júní**
**HITI BREYTIST LÍTIÐ**
Útlit fyrir suðvestlæga átt og dálitla vætu síðdegis, en bjartviðri N- og A-lands.

*Heimild: vedur.is*

## HÁLENDIÐ

**Allur akstur bannaður á flestum hálendisleiðum** vegna aurbleytu og hættu á skemmdum.

Nánari upplýsingar **Vegagerdin.is** eða í **síma 1777.**




➜ Strandtúr í Nauthólsvík, fjöruferð út í Gróttu og ævintýraferð á Rauðasand standa fyrir sínu.







# Sjóböð og strandferðir

Sjósund verður sífellt vinsælla á Íslandi og það er um að gera að prófa að baða sig í sjónum þar sem aðstæður bjóða upp á það. Þeir sem leggja ekki í kaldan sjóinn geta þó hæglega notið lífsins á ströndinni. Fréttablaðið leggur til strandferðir um land allt.

**1. Nauthólsvík**
Baðströnd Reykvíkinga er góð heim að sækja allan ársins hring. Á sólardögum á sumrin er oft margt um manninn en búningaaðstaða er til fyrirmyndar og annar fjöldanum. Eftir sjóbað er svo hægt að leggjast í heitan pott og slaka á.

**2. Grótta**
Vestast á Seltjarnarnesi er fjara þar sem ágætt er að baða sig í sjó eða bara njóta lífsins á ströndinni.

**3. Langisandur**
Langisandur á Akranesi var auglýstur sem besta baðströnd Íslands á fjórða áratugnum en þá var boðið upp á skemmtiferðir frá Reykjavík þangað. Skagamenn eru enn duglegir að halda þessari fullyrðingu á lofti og eru duglegir við að nota ströndina sem er iðandi af mannlífi á góðviðrisdögum.

**4. Skarðsvík**
Skammt vestur af Hellissandi er Skarðsvík að finna. Þar mynda klettabelti skjól fyrir veðri og vindum og þar er fyrirtak að fara í fjöruferð og skella sér í sjóinn ef sá gállinn er á manni. Víkin breytist í fyrirtaks baðströnd á sólríkum sumardögum.

**5. Rauðasandur**
Rauðasandur dregur nafn sitt af litnum á sandinum í fjörunni, sem er rauður vegna hörpuskeljarmulnings sem mikið er af í sandinum. Á sólardögum er suðræn stemming á Rauðasandi en mikilvægt er að kynna sér sjávarföll því erfitt er að komast á sandinn á flóði.

**6. Hvestusandur**
Í grennd við Bíldudal er Hvestusandur. Þar er rauðleitur sandur og fögur fjallasýn í einum fallegasta firði landsins.

**7. Önundarfjörður**
Ein fallegasta fjara landsins er sandfjaran í Önundarfirði. Þar er árleg sandkastalakeppni um verslunarmannahelgina en þar er gaman að koma allan ársins hring.

**8. Reykjaströnd**
Grettir sterki synti úr Drangey yfir að Reykjum á Reykjaströnd og síðan þá hafa sundkappar spreytt sig á þessu langa sjósundi í Skagafirði. Fyrir flesta er þó nóg að stinga sér stutt í sjóinn og í Grettislaug að loknu sjóbaði. Skammt undan er svo Glerhallavík fyrir þá sem vilja fara í hefðbundnari fjöruferð.

**9. Við ysta haf**
Bíltúr út Langanesið er ógleymanlegur. Hægt er að aka langt út á nesið og alls staðar er hægt að komast niður í fjöru en á þessum slóðum er alls staðar rekaviður í fjörunni.

**10. Hólmanes**
Nesið milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar heitir Hólmanes, þar er friðland og gaman að fara í fjöru, skoða steina og skemmta sér úti í náttúrunni.

**11. Stokkseyri**
Fjaran á Stokkseyri er einkar falleg og dásamlegt fyrir unga sem aldna að fara þar í fjöruferð.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


jura kaffivélar fyrir heimili og vinnustaði



20% AFSLÁTTUR

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


## UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN Á ÍSLANDI ASKJA



**HARPA ARNARDÓTTIR**

# Hlýnar um hjartarætur er hún hugsar til Öskju

Harpa Arnardóttir leikkona hefur yndi af því að ferðast um landið. „Það er úr vöndu að ráða," segir hún þegar hún er spurð að því hver sé hennar uppáhaldsstaður á landinu „Það er annaðhvort Askja eða Kverkfjall." Hún segir að það sé erfitt að útskýra af hverju þessir staðir séu í uppáhaldi. „Þetta er algjörlega ólýsanleg fegurð. Kverkfjöllin eiga stóran hluta af mínu hjarta en ætli það sé ekki Askja núna. Ég gekk hringinn í kringum Öskjuvatn í fyrra, þetta er ómótstæðilegur staður. Náttúrufegurðin í bland við tilfinninguna að vera inni á miðjum öræfum." Hún segir ferðahópinn Augnabliksferðir vera með það á dagskrá að fara ferð þangað einhvern daginn. Hún hefur ferðast mikið með hópnum en stofnandi hans er systir hennar Ásta Arnardóttir. „Þetta er svo stórkostlegt. Ég get ekki lýst af hverju en mér hitnar um hjartarætur við tilhugsunina um staðinn og ég roðna hér eins og ungmær."

\- ne





-25%
AF ÖLLUM SUNDLAUGUM
KAUPIÐ NÚNA!
MESTA úrval nokkru sinni!
INTEX®
ToysЯUs®
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
Tilboðin gilda 13.06.-24.06.2013. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

# IKEA innkallar LYDA-bolla



IKEA biður viðskiptavini sem eiga LYDA-bolla vinsamlega um að hætta að nota bollana og koma með þá aftur í IKEA-verslunina þar sem þeir verða endurgreiddir að fullu. Bollarnir geta brotnað þegar heitum vökva er hellt í þá og við það skapast hætta á bruna, að því er segir í tilkynningu á vef verslunarinnar.

IKEA hefur fengið tuttugu tilkynningar vegna bolla sem hafa brotnað við notkun. Engin þessara tilkynninga kom frá viðskiptavinum á Íslandi. Umræddir bollar voru seldir á tímabilinu frá ágúst 2012 fram í maí 2013. Innköllunin á ekki við aðra IKEA-bolla. Beðist er velvirðingar á óþægindunum sem þetta kann að valda.



**GRASIÐ SLEGIÐ** Ef gras er ekki slegið reglulega ná hávaxnar grastegundir yfirhöndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hvernig er best að slá grasflötina?

Raka þarf flötina fyrir fyrsta slátt, sem á að vera í hæstu stillingu. Grasið er viðkvæmt í byrjun sumars. Margir taka sláttuvél reglulega á leigu.

Þeir sem ekki vilja að grasflötin í garðinum heima sé eins og rennislétt flöt á golfvelli þurfa ekki að slá hana tvisvar til þrisvar í viku. En ef gras er ekki slegið reglulega munu hávaxnar grastegundir í garðinum ná yfirhöndinni þannig að lágvaxnari tegundir ná sér ekki á strik. Venjulegar grasflatir innihalda nefnilega nokkrar grastegundir með misjafna eiginleika og þarfir, að því er segir í ráðleggingum garðyrkjufræðinga Blómavals.

Bent er á að gott sé að raka grasflötina fyrir fyrsta slátt. Það losi um dauðar plöntuleifar og mosa auk þess sem steinar eða aðrir hlutir geti leynst í grasinu eftir veturinn sem skemmi sláttuvélar.

Í fyrsta slætti er ráðlegt að stilla sláttuvélina í hæstu stillingu svo ekki sé tekið of mikið í einu. Gras er viðkvæmt í byrjun sumars og á í samkeppni við illgresi og mosa. Mikilvægt er að leyfa grasinu að ljóstillífa og ná góðum vexti í upphafi tímabils.

Í leiðbeiningunum segir að aldrei eigi að slá meira en 1/3 af hæð grassins í einu. Slá á venjulega grasflöt fyrst þegar grasið hefur náð um það bil 8 cm hæð og er þá sláttuvélin stillt í 6 cm hæð. Ágætt er að í fyrstu tvö til þrjú skiptin sé vélin höfð í þeirri sláttuhæð. Hæðin er svo markvisst lækkuð niður í 3-4 cm sláttuhæð yfir hásumarið.

Bitlausir hnífar tæta blaðendana svo grasið visnar í endana. Þar með verður sláttuhæðin lægri en ætlunin var í upphafi.

Þegar slegið er lítið magn í einu má gjarnan láta heyið liggja. Það brotnar hratt niður í jarðveginn. Gott er að slá til skiptis þvert á fyrri sláttustefnu, það tryggir nákvæmari slátt. Garðyrkjufræðingarnir benda á að þegar líður að hausti sé sláttuhæðin aftur hækkuð upp og vélin höfð í 6 cm sláttuhæð við síðasta slátt.

ibs@frettabladid.is

## Taka reglulega sláttuvél á leigu

Sláttuvélar, bæði rafmagnssláttuvélar og bensínvélar, geta kostað nokkra tugi þúsunda króna í verslunum. Hægt er að taka bensínvélar á leigu og kostar fyrsti sólarhringurinn 4.800 krónur hjá leigumarkaði Byko en 3.762 hjá áhaldaleigu Húsasmiðjunnar. Leiga í hálfan sólarhring kostar 2.400 krónur hjá Byko en 2.090 krónur hjá áhaldaleigu Húsasmiðjunnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Húsasmiðjunni koma þó nokkrir viðskiptavinir reglulega yfir sumarið til að taka sláttuvél á leigu. Komi viðskiptavinurinn á síðasta afgreiðslutíma dagsins og skilar á fyrsta afgreiðslutíma næsta dags greiðir hann sömu upphæð og fyrir hálfsdagsleigu.

## NEYTANDINN ÁSLAUG ARNA SIGURBJÖRNSDÓTTIR

# Hlaupaskór við kjólinn

„Í vor gerði ég bestu kaup sem ég hef gert þegar ég keypti mér Nike Free-hlaupaskóna mína," segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður Heimdallar. „Þetta er eins og að labba á skýi," bætir hún við og segir að ástæðan fyrir kaupunum hafi verið sú að fætur hennar hafi, í gegnum tíðina, þurft að þola of mikla hælagöngu. „Í dag nota ég hælaskó einungis á tyllidögum og hlaupaskóna dagsdaglega," segir Áslaug, sem fagnar nýju hlaupaskótískunni. „Það er nýjasta tíska að ganga í hlaupaskóm og stelpur eru meira að segja byrjaðar að ganga í þeim við kjólana sína," segir Áslaug sem er nýbúin að panta sér aðra eins frá Frakklandi til þess að eiga til skiptana.

Verstu kaup sem sem Áslaug hefur gert er að kaupa sér pallíettustuttbuxur á útsölu í Topshop. „Þær eru skelfilega hallærislegar og ég mun aldrei fara í þær nema kannski ef mig vantar búning á grímuball," segir Áslaug, en buxurnar eru enn þá uppi í hillu hjá henni með merkimiðanum.

Áslaug Arna er formaður Heimdallar og hefur undanfarið verið á milli tannanna á fólki eftir að hún tjáði skoðun sína á opnunartíma ÁTVR. Áslaugu þykir sjálfsagt að hafa vínbúðir opnar á sunnudögum en hvort sem ósk hennar í þeim efnum rætist eða ekki er víst að nú getur hún að minnsta kosti skokkað út í næstu vínbúð, nánast hvenær sem er. - le



**ÁSLAUG ARNA SIGURBJÖRNSDÓTTIR** Formaður Heimdallar fagnar hlaupaskótískunni.



# Krefjast greiðslu af veikum ferðamönnum

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sent yfirvöldum á Spáni kvörtun þar sem veikir ferðamenn frá öðrum Evrópusambandslöndum fá ekki endurgjaldslausa þjónustu á opinberum sjúkrahúsum. Evrópska sjúkratryggingakortið veitir rétt til endurgjaldslausrar meðferðar veikist ferðamaður eða slasast.

Mörg sjúkrahús á ferðamannastöðum á Spáni taka hins vegar ekki kortið gilt. Yfirvöld á Spáni eiga á hættu að verða sektuð verði ekki breytt um stefnu á sjúkrahúsunum.


FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM



Sundföt

Fjölbreytt úrval fyrir alla aldurshópa

Sundbolir
Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
frá 4.990 kr.
Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.
Allt að 60%

Bikiní
Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
frá 1.990 kr.
Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr
Allt að 75%

Sundskýlur
Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.
Allt að 40%

Watershorts
Herrastærðir
Verð: 8.990 - 7.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.
Allt að 55%

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 6 113 Reykjavík
Opið:
Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17



NÝTT
-21%
TAX FREE
AF SÓFUM OG SUMRI 14.-16. JÚNÍ
15.721
Áður 19.900
GARÐHÚSGÖGN
-30.000
-50%
29.950
Áður 59.950
Eingöngu ef keypt er borð og 4 stólar
POLITRATTAN
ÞOLIR -15° C
SÓFI
27.571
Áður 34.900
STÓLL
20.461
Áður 25.900
78.921
Áður 99.900
DAYS SVEFNSÓFI
6.312
Áður 7.900
BORÐ
10.191
Áður 12.900
STÓLL
110.521
Áður 139.900
POLO HORNSÓFI
TUNGUSÓFI
102.621
Áður 129.900
KÆLITÖSKUR
Margir litir
782
Áður 990
FRÁ 624
Áður 790
the PIER
LOKAÐ 17. JÚNÍ
Gleðilega þjóðhátíð
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

Snjallposinn kynntur:

## Fyrstu greiðslurnar í farsíma

Með nýjum „snjallposa“ Handpoint er nú í fyrsta skipti hér á landi hægt að taka við kortagreiðslum í farsíma.

Handpoint segir lausnina henta einyrkjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem geti nú tekið á móti kortagreiðslum án þess að greiða mánaðargjöld líkt og gert sé með hefðbundna posa.



Lausnin samanstendur af Handpoint-smáforriti (appi), snjallsíma eða spjaldtölvu og snjallposanum, sem sé greiðslukortalesari.

Þá voru snjallgreiðslur Handpoint nýverið þær fyrstu í heimi til að fá alþjóðlega öryggisvottun frá kortaöryggisstofunni, PCI. - óká

Skuldastaða ríkis alvarleg:

## Fáar tillögur eru til lausnar

„Skuldastaða ríkisins er alvarleg og fáar tillögur virðast uppi til lausnar á þeirri stöðu,“ segir í nýrri umfjöllun Hagsjár hagfræðideildar Landsbankans.

„Mikils aðhalds hefur verið gætt í rekstri ríkisins á síðustu árum, en staðan er enn sú að um 15 prósent tekna fara í vaxtagreiðslur. Skuldir og skuldbindingar ríkisins eru nú vel fyrir ofan eina landsframleiðslu og fara hækkandi. Því er mikilvægt að miklu aðhaldi verði beitt áfram og unnið markvisst að lækkun skulda,“ segir þar jafnframt. - óká

# Óvissa um áform ríkisins

**Aðhaldssöm ríkisfjármál eru mikilvæg vegna afnáms hafta og markmiða um stöðugleika og verðbólgu. Eftir afnám verður lánsfjármögnun ríkisins erfiðari. Ný skýrsla um afnám hafta bíður samstarfs við ríkisstjórn.**



**ÁKVÖRÐUN KYNNT** Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynntu í gær ákvörðun um stýrivexti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ákveðin óvissa ríkir um áform í opinberum fjármálum,“ vitnaði Már Guðmundsson seðlabankastjóri í ákvörðun peningastefnunefndar um stýrivexti á kynningarfundi bankans í gær.

Í yfirlýsingu nefndarinnar er áréttað mikilvægi þess að jöfnuður náist sem fyrst á ríkissjóði þannig að samspil stefnunnar í peninga- og ríkisfjármálum stuðli með sem minnstum tilkostnaði að ytra jafnvægi þjóðarbúsins, efnahagslegum stöðugleika og verðbólgu í samræmi við markmið. „Miðað við þá stöðu sem við erum nú í er auðvitað heppilegast að hafa þetta samspil þannig að ríkisfjármálastefnan sé aðeins aðhaldssamari og þá hægt að hafa aðeins slakari peningastefnu vegna þess að það þýðir að raungengi krónunnar verður þá lægra en ella.“ Lægra raungengi samrýmist markmiðum um efnahagslegan stöðugleika og verðbólgu um leið og viðskiptaafgangur getur orðið meiri. „Og það er ekki gott ef peningastefnan og ríkisfjármálastefnan fara að toga of mikið í sitt hvora áttina,“ sagði Már en bætti um leið við að ekki væru sérstök merki um slíkt.

Már rifjaði einnig upp varnaðarorð bankans í janúar um að undirstöður tekjuhliðar fjárlaga kynnu að vera ekki nógu traustar. Seðlabankinn hefði haft af því áhyggjur að útkoman yrði eitthvað verri en að hefði verið stefnt.

Hvað framhaldið varðaði þyrfti að bíða framvindunnar við gerð nýrra fjárlaga.

Þá áréttaði Már að aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum væri líka mikilvæg vegna losunar fjármagnshafta. „Því þegar þau verða losuð verður lánsfjármögnun ríkissjóðs erfiðari og dýrari.“

Hvað varðar breytingar á áætlun um losun gjaldeyrishafta sagði Már stöðugt unnið að endurskoðun á þeirri áætlun. „Spurningin er bara hvenær verður gefin út ný skýrsla og það verður náttúrulega ekki gert nema í samvinnu við nýja ríkisstjórn.“

Framvinduna sagði Már að stórum hluta ráðast af því hvernig farið yrði að með bú föllnu bankanna. „Það verður að einhverju leyti að koma fyrst, þótt hægt sé að vinna samhliða að mjög mörgu. Við höldum áfram útboðunum og undirbúum ýmislegt sem boðað var í síðustu áætlun.“ Þar á meðal er könnun lagalegra skilyrða útgöngugjalds, eða -skatts sem kynni að verða lagður á og varúðarreglurnar sem Seðlabankinn hafi boðað. „Losun fjármagnshafta er miklu meira ein einhver tæknileg *fiff* varðandi einhver útboð. Þetta er spurningin um Ísland í heild sinni.“ olikr@frettabladid.is

> **Og það er ekki gott ef peningastefnan og ríkisfjármálastefnan fara að toga of mikið í sitt hvora áttina.**
>
> *Már Guðmundsson seðlabankastjóri*

### Stýrivextir óbreyttir en hagvöxtur óljós

Stýrivextir Seðlabanka Íslands eru óbreyttir samkvæmt ákvörðun peningastefnunefndar bankans. Sjö daga veðlánavextir eru 6,0 prósent.

„Nefndin bendir á að hagvöxtur virðist hafa verið heldur minni á fyrsta fjórðungi ársins en bankinn spáði í Peningamálum í maí,“ sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri í gær. Of snemmt væri þó að fullyrða að hagvaxtarhorfur fyrir árið í heild hafi versnað. „Fyrir það fyrsta eru hagvaxtartölur oftar en ekki endurskoðaðar frá fyrstu tölum, en því til viðbótar benda nýjustu tölur um eftirspurn til þess að efnahagsbatinn sé í samræmi við spá bankans,“ bætti hann við.





ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LEIKA
KRAKKADAGAR UM HELGINA
20%
AF SKÓM, FATNAÐI
OG REIÐHJÓLUM
FYRIR KRAKKA
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# ÞÚ FINNUR GJÖFINA Í PEN



Vildartilboð kr. 12.999,-
**Fullt verð kr. 14.899,-**
**Málverk/Pantings innbundin**
Blómamyndir Eggerts Péturssonar eru ein þekktustu og dáðustu verk íslenskrar samtímalistar.




Vildartilboð kr. 15.999,-
**Fullt verð kr. 18.999,-**
**Ísland í aldanna rás 2001- 2010**
Saga lands og þjóðar ár frá ári.




Vildartilboð kr. 12.999,-
**Fullt verð kr. 15.999,-**
**Upphafið**
Upphafið er heillandi yfirlit yfir milljóna ára sögu lífsins á jörðinni.




Vildartilboð kr. 4.999,-
**Fullt verð kr. 5.499,-**
**Íslenskir fiskar**
Þetta er einstæð bók þar sem gerð er grein fyrir öllum þeim ríflega 350 fisktegundum sem fundist hafa í hafinu umhverfis Ísland .




Vildartilboð kr. 4.499,-
**Fullt verð kr. 4.999,-**
**Handbók um íslensku**



Vildartilboð kr. 2.299,-
**Fullt verð kr. 2.499,-**
**Gæfuspor - Gildin í lífinu**




Vildartilboð kr. 4.499,-
**Fullt verð kr. 4.999,-**
**Skipulag alheims + Máttur tómar**
*Pakkatilboð*




Vildartilboð kr. 4.499,-
**Fullt verð kr. 4.999,-**
**101 Ísland: Áfangastaðir í alfaraleið**
Er í senn nýstárleg og stór- fróðleg vega-handbók fyrir ferðalanga á nýrri öld.




Vildarverð kr. 8.999,-
**Fullt verð kr. 12.999,-**
**Philip's Atlas of the World**
Sá allra flottasti á markaðnum.

VEGLEG GJÖF
SEM KEMUR
Í FALLEGRI ÖSKJU




**Verð kr. 3.999,-**
**The Illustrated Atlas of the Human Body**
Ótrúlega vegleg og flott bók um líkamann




**Verð kr. 3.999,-**
**501 Bækur**
501 bækurnar hvetja þig til að upplifa hluti sem þú vissir jafnvel ekki að væru til.

**Penninn og Eymundsson um land allt.**

| Penninn | Eymundsson | Eymundsson | Eymundsson | Eymundsson | Eymundsson | Eymundsson | Eymundsson |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hallarmúla 4 | Austurstræti 18 | Álfabakka 14b, Mjódd | Kringlunni norður | Kringlunni suður | Skólavörðustíg 11 | Smáralind | Strandgötu 31, Hafna |
| Sími: 540-2360 | Sími: 540-2130 | Sími: 540-2155 | Sími: 540-2145 | Sími: 540-2320 | Sími: 540-2350 | Sími: 540-2301 | Sími: 540-2160 |
| hallarmuli2@penninn.is | auafgr@eymundsson.is | MJ.afgr@eymundsson.is | Krpe@eymundsson.is | BK.afgr@eymundsson.is | verslun.skolavordustig@ eymundsson.is | smaralind@eymundsson.is | Hflager@eymundss |

# Töskurnar frá IT Luggage Ltd.
# eru léttustu ferðatöskur í heimi.




Ferðataska LW létt 2hj 73cm BL kr. 27.999,-
Ferðataska LW létt 2hj 63cm BL kr. 25.999,-
Ferðataska LW létt 2hj 55cm BL kr. 22.999,-
Ferðataska LW létt 2hj 45cm BL kr. 16.999,-

Gildistími tilboða er frá 13. júní - 23. júní 2013, nema annað sé tekið fram. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð.

rfirði
n.is

Penninn - Keflavík
Sólvallagötu 2
Sími: 540-2105
keafgr@penninn.is

Penninn Akranesi
Dalbraut 1
Sími: 540-2115
akranes@penninn.is

Penninn Ísafirði
Hafnarstræti 2
Sími: 456-3123
IS.afgr@penninn.is

Penninn Akureyri
Hafnarstræti 91-93
Sími: 540-2130
akureyri@penninn.is

Penninn Vestmannaeyjum
Faxastíg 36
Sími: 482-3683
vestmannaeyjar@penninn.is

Tekst nýrri stjórn að skapa trú á krónunni?

# Gatið í planinu

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, talaði um krónuna og höftin í umræðunum um stefnuræðu forsætisráðherra á mánudaginn. Hann ræddi um mikilvægi trausts fjárfesta á umhverfinu og benti á að höftin á krónunni hefðu skert frelsi Íslendinga til athafna. „Meðan höftin standa erum við eins og gölluð vara í augum umheimsins. Ég hef stundum sagt að höftin séu eins og blikkandi ljós yfir landinu þar sem stendur „varúð – við trúum ekki á virði gjaldmiðilsins“,“ sagði Bjarni.

Þetta er rétt lýsing hjá ráðherranum. En trúir hann því virkilega að það sé hægt að komast út úr höftunum til langframa án þess að stefna á að taka upp nýjan gjaldmiðil?

Á sínum tíma sýndi Bjarni, ásamt Illuga Gunnarssyni núverandi menntamálaráðherra, þann kjark að segja satt um íslenzku krónuna og stöðu hennar. Þeir skrifuðu grein í þetta blað í desember 2008 og sögðu þá meðal annars:



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

„Óstöðugur gjaldmiðill dregur úr trausti á hagkerfinu og þar með möguleikum okkar á að nýta til fulls þau tækifæri sem felast í innri markaði Evrópu, laða til okkar fjárfestingar og hámarka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Vöxtur nýrra atvinnugreina og fyrirtækja sem starfa að stórum hluta erlendis en eiga höfuðstöðvar hér á landi takmarkast mjög af stærð myntarinnar og því óöryggi sem af henni hlýst. Ekki verður horft fram hjá þeim veikleikum sem felast í smæð myntkerfisins. Meira að segja Bretar velta því nú fyrir sér hvort myntsvæði þeirra sé of lítið til að tryggja samkeppnishæfni þjóðarinnar. Það kemur því ekki á óvart að forystumenn íslensks atvinnulífs leggi um þessar mundir vaxandi áherslu á að mótuð verði stefna í gjaldmiðilsmálum á nýjum forsendum. Leiðtogar verkalýðshreyfingarinnar hafa á sama tíma sannfæringu fyrir því að án nýs gjaldmiðils muni ekki takast að verja stöðugleika og þar með kaupmátt almennings.“

Ekkert af þeim atriðum sem þarna eru talin upp varðandi stöðu krónunnar hefur breytzt. Krónan er áfram óstöðugur gjaldmiðill. Tilvist hennar dregur úr trausti fjárfesta. Fyrirtæki með alþjóðlega starfsemi telja sig ekki geta búið við hana til langframa. Atvinnulífið kallar enn eftir stöðugum gjaldmiðli. Leiðtogar ASÍ færa áfram rök fyrir því að nýr gjaldmiðill sé forsendan fyrir því að tryggja kaupmátt og hemja verðbólgu og vexti. Og þótt það sé ýmist skulda-, ríkisfjármála- eða bankakreppa í mörgum ríkjum sem nota evruna breytir það ekki því að evran er stöðugur, alþjóðlegur gjaldmiðill sem myndi stórbæta samkeppnisstöðu íslenzks atvinnulífs.

Jafnvel þótt takist að ná samningum við erlenda krónueigendur og losa um höftin breytist það ekki að krónan er sveiflukenndur gjaldmiðill og myntsvæðið pínulítið. Án nýs gjaldmiðils er tómt mál að tala um að útrýma verðbólgu eða verðtryggingu. Styrkir saga peningamálastjórnunar á Íslandi fjármálaráðherrann í trúnni á að krónan verði einhvern tímann trúverðugur framtíðargjaldmiðill?

Vöntur á nýrri peningamálastefnu er stóra gatið í plani ríkisstjórnarinnar um að efla íslenzkt efnahagslíf. Þótt ráðherrar ríkisstjórnarinnar þori ekki lengur að segja sannleikann um krónuna hljóta sumir þeirra að sjá það.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MARKÞJÁLFUN
VILJI, VIT OG VISSA

Fyrir einstaklinga sem og metnaðarfulla stjórnendur!



JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þá**

Haustið 2011 var Páll Magnússon gerður að forstjóra Bankasýslunnar. Sú ráðning fór öfugt ofan í þjóðina, svo að ekki sé meira sagt, meðal annars vegna þess að það þótti algjörlega ótækt að maður sem hafði verið aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra þegar bankarnir voru einkavæddir skyldi hljóta þessa upphefð – slíkur maður gæti nú varla kunnað mikið fyrir sér í bankarekstri. Svo fór að lokum að Páll sá sína sæng upp reidda, hraktist undan mótmælunum og hætti.

**Nú**

Stundum er sagt að Íslendingar séu fastir í hjólförum hrunsins en nýleg dæmisaga sýnir að við virðumst vera laus úr þeim. Í gær var nefnilega tilkynnt um nýjan aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins, sem vakti ekki mikil viðbrögð í samanburði við ráðningu Páls fyrir tæpum tveimur árum – raunar nánast ekki nokkur einustu viðbrögð. Maðurinn sem var ráðinn heitir Jón Þór Sturluson og var líka einu sinni aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, reyndar ekki þegar bankarnir voru einkavæddir – heldur þegar bankakerfið hrundi til grunna.



**Tímasetningin**

Ögmundur Jónasson hefur lagt fram á þingi, ásamt tveimur samflokksmönnum sínum, tillögu þess efnis að nauðungarsölum verði frestað þar til fyrir liggur hvaða aðgerða er að vænta frá stjórnvöldum í þágu skuldugra heimila. Það er synd að Ögmundi skyldi ekki hafa hugkvæmst þetta tveimur eða þremur mánuðum fyrr, þegar hann hefði getað ámálgað þetta við samráðherra sína á ríkisstjórnarfundi. Óvissan um lausn á skuldavanda heimilanna var síst minni þá.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Eru jöfn kynjahlutföll til skemmtunar?

JAFNRÉTTI



**Guðrún Halla Finnsdóttir**
rekstrarverkfræðingur

**Opið bréf til forsætisráðherra.**

*Kæri Sigmundur Davíð, forsætisráðherra Íslands.*

Um mig fór ónotahrollur þegar ég las um viðbrögð þín við kynjahlutfalli nýskipaðra nefnda Alþingis. Ekki nóg með það að ENGIN kona sé í efnahags- og viðskiptanefnd heldur virðist forsætisráðherra það ásættanlegt, en að það sé „alltaf skemmtilegra ef nefndir eða aðrir hópar fólks samanstanda af fólki úr ólíkum áttum, með ólíka reynslu og af sitt hvoru kyninu“. Skemmtilegra.

Nú er minna en mánuður síðan ríkisstjórnin var valin og svar þitt við athugasemdum um ójafnan hlut kynjanna í henni var svipað: „Auðvitað er alltaf skemmtilegast að hafa sem jafnast[an] hlut kynjanna.“ Skemmtilegast. Ekki nóg með að það gæti verið skemmtilegra að jafna hlut kynjanna, þá eru lög sem eiga að tryggja slíkt. Kannski væri skemmtilegra að fara að lögum.

Ég bý í Bandaríkjunum um þessar mundir og er oft spurð að því hvort það sé rétt að Ísland sé besta land í heimi fyrir konur. Ég svara því stolt að svo sé og að Bandaríkin gætu lært margt af Íslandi. Hins vegar skammast ég mín mikið fyrir það að núverandi forsætisráðherra þyki það ekki óásættanlegt að engin kona sé í efnahags- og viðskiptanefnd. Íslendingar geta verið stoltir af því hversu vel þeim hefur tekist að jafna rétt kynjanna, en það þýðir ekki að hægt sé að slaka á kröfunum. Þar sem þú situr í ráðherranefnd um jafnréttismál, sem lýsir einu af sínum helstu verkefnum sem eftirfylgni með jafnréttismálum, þá finnst mér frammistöðu þinni ábótavant.

„Auðvitað er æskilegra að það sé miklu meiri blöndun. Það hlýtur að vera stefna allra að reyna að koma því á.“ Hvernig stendur á því að þér finnist það vera æskilegt en ekki nauðsynlegt? Ef það „hlýtur að vera stefna allra“, er það stefna þín? Því það lítur svo sannarlega ekki út fyrir að vera svo. Ef það er hins vegar stefna þín, hvernig nákvæmlega ætlarðu að bregðast við núverandi stöðu sem forsætisráðherra, flokksformaður og þingmaður?

Tilvitnanir eru teknar úr fréttum af visir.is og ruv.is.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Verkaskipti

STJÓRNSKIPUN



Hannes Pétursson
rithöfundur

**➜ Þetta hefur í för með sér að hvalveiðar Íslendinga heyra nú beint undir forsetann, hvort heldur sem skotin eru smáhveli eða stórhveli og hvert á land sem afurðirnar rata.**

Samkvæmt skilningi nýja forsætisráðherrans á stjórnskipun Íslands eru svonefnd fullveldismál hvorki hefðbundin utanríkismál né innanríkismál, heldur mynda þau nýjan málaflokk handa forsetanum (og þinginu svona meðfram). Þetta hefur í för með sér að hvalveiðar Íslendinga heyra nú beint undir forsetann, hvort heldur sem skotin eru smáhveli eða stórhveli og hvert á land sem afurðirnar rata.

Hvað hef ég fyrir mér í þessu? Jú, hvalveiðar eru fullveldismál, það leyndi sér ekki þegar utanríkisráðherrann nýi brást við frétt af hugsanlegu banni Hollendinga við því að hvalkjöti frá Kristjáni Loftssyni yrði umskipað í Rotterdam á leið þess til Japans. Hann sagði að Hollendingar hlytu „að virða rétt fullvalda þjóðar til þess að nýta auðlindir sínar“. Þannig falla hvalveiðar sem fullveldismál undir embætti Íslandsforseta. Það léttir ekki lítið á ráðuneytunum.

**Útflutningsbjástur**

En setjum sem svo að umskipun kjötsins í Rotterdam yrði bönnuð. Myndi það þá skerða rétt Íslendinga til hvalveiða eins og skilja mátti af orðum utanríkisráðherra? Nei, engan veginn. Þeir gætu drepið áfram jafn mörg stórhveli og þeim sýndist sæma. Kristján Loftsson yrði aftur á móti að finna sér aðra flutningsleið á hundafóðursmarkaðinn í Japan. Af hverju setur þessi auðmaður ekki upp loftbrú þangað með hráefnið? Manni skilst á honum að eftirspurnin sé gríðarleg, þótt aðrir segi að gamalt hrámeti frá Kristjáni liggi nú í haugum í japönskum frystigeymslum.

Hvað á annars þetta útflutningsbjástur með óunnar hvalaafurðir að þýða eftir allt saman? Langar hilluraðir í öllum stórmörkuðum landsins svigna undan innfluttum hunda- og kattamat í fínum umbúðum. Úr því að Japanir búa til hundamat úr hvalkjöti héðan, hvers vegna gera Íslendingar það ekki sjálfir? Kristján Loftsson ætti að koma á laggir verksmiðju sem framleiddi bragðgott hundafóður úr langreyðunum sem hann lætur skjóta. Með slíkri verksmiðju ynnist einkum þrennt: mikill gjaldeyrissparnaður fyrir þjóðarbúið (allur innflutti hundamaturinn hlýtur að kosta sitt), talsverð atvinnubót og í þriðja lagi gætu þeir í Rotterdam ekki lengur brugðið fæti fyrir Kristján. Offramleiðslan fengi síðan bætur jafnharðan á urðunarstað. Enginn þarf að efast um að jafn pósitífur maður og Íslandsforseti myndi leggja verksmiðjunni lið, en eins og áður segir heyra nú hvalveiðar okkar beint undir hann þar sem þær eru fullveldismál.

# Burt með flokkspólitík úr Helguvík

ÁLVER



Kristján Gunnarsson
formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis

**➜ Við viljum álver í Helguvík með fjölbreyttum, vel launuðum störfum til að geta dregið lífsandann af krafti á ný.**

Það er sorglegt að horfa upp á sjónarspil öfgafólks sem hamast gegn álveri í Helguvík. Aðfarirnar eru vel skipulegar og slóttugar. Án þess að blikna er fullyrt að næga orku sé ekki að finna fyrir álverið þó svo að samkvæmt rammaáætlun sé borðleggjandi að yfirdrifin orka er til staðar.

Rauðgrænir fótgönguliðar, fræðingar og embættismenn básúna dómsdagsspár um hvílíkt glapræði það sé að halda áfram að nýta okkar hreinu orkugjafa, sérstaklega jarðvarma. Látið er líta út fyrir að það séu einhver ný tíðindi að bora þurfi viðhaldsholur með vissu millibili til að viðhalda vinnslu í jarðvarmavirkjunum. Sannleikurinn er auðvitað sá að gert er ráð fyrir þessum holum frá upphafi sem eðlilegu viðhaldi í áætlunum um rekstur virkjananna. En tilgangurinn með rangfærslunum helgar meðalið: Að koma í veg fyrir að orka fari til Helguvíkur.

**Öllu snúið á hvolf**

Það er rétt eins og þessu liði komi ekkert við að ein mikilvægasta máttarstoðin undir velferðarsamfélagi nútímans er aðgangur að nægri orku fyrir atvinnulífið, ekki síst hér á landi þar sem reisa þarf efnahagslífið úr rústum hrunsins. Við Íslendingar búum við þau forréttindi að okkar orka er vistvæn. Þjóðir, sem þurfa að notast við mengandi jarðefnaeldsneyti og kjarnorku, líta þessar auðlindir okkar öfundaraugum og botna ekkert í þeim átökum og sundrungu sem reynt er að magna upp hér á landi.

Aflgjafinn, sem knýr þessa öfrægingarherferð, er í herbúðum þeirra pólitísku afla, sem hafa útnefnt sjálf sig hina einu og sönnu gæslumenn íslenskrar náttúru en gleymt skyldum sínum við íslenskt launafólk. Reynt er að skapa krísuástand. Alið er á ótta fólks við að hér sé allt að fara fjandans til vegna nýtingar hreinna orkuauðlinda! Öfgafólkið veit greinilega upp á hár hvað það er að gera. Hræðsla er beittasta vopnið til að valda usla en loka um leið á lýðræðislega og upplýsta umræðu meðal almennings. Sá sem er skelfingu lostinn hugsar nefnilega ekki rökrétt og verður móttækilegri fyrir öfgaáróðri sem lausn á ímynduðum vanda.

**Lífsspursmál fyrir marga**

Atvinnuleysi er mest á landinu á Suðurnesjum og hefur markað gríðarlega djúp spor í samfélagið hér suður frá. Við höfum kynnst bölvun þess frá öllum mögulegum hliðum: sárri fátækt, upplausn heimila og fjölskyldna, gjaldþrotum og landflótta. Séð hvernig gleðin og áræðnin hverfa úr svipmóti fólks en við taka deyfð og depurð. Þess vegna er hreint ótrúlegt að fjöldi fólks skuli keppast við að koma í veg fyrir að verkafólk fái trausta atvinnu og geti séð fjölskyldum sínum sómasamlega farborða.

Starfsemi álvera er mikilvæg og ábatasöm fyrir samfélagið. Launin þar og hjá orkufyrirtækjum eru þau hæstu hér á landi. Allt er uppi á borðinu og svört atvinnustarfsemi fyrirfinnst ekki. Fyrirtæki í þessari starfsemi greiða verulega tekjuskatta meðan fyrirtæki í sumum geirum mælast varla. Samfélagið hér suður frá þarf á slíkum atvinnuveitanda að halda. Við viljum álver í Helguvík með fjölbreyttum, vel launuðum störfum til að geta dregið lífsandann af krafti á ný. Hér þarf að koma fjölda manna í vinnu í stað þess að mæla göturnar með tveimur jafnfljótum. Hér og í nágrannabyggðum bíða ótal vinnufúsar hendur eftir því að grípa álskófluna og taka til hendinni við endurreisn eigin lífskjara og samfélagsins.



# Hver ber ábyrgð á börnunum?

SAMFÉLAG



**Hrefna Sigurjónsdóttir**
framkvæmdastjóri Heimilis og skóla

Átta ára drengur er að leik í frímínútum í skólanum og fær þá hugmynd að príla upp á vegg sem skilur að skólalóð og kirkjulóð. Drengurinn verður fyrir því óhappi að detta af veggnum úr tveggja metra hæð, hlýtur af því áverka og í kjölfarið varanlega örorku. Slysið á sér stað á skólatíma og sem betur fer er skólinn tryggður… eða hvað? Fær drengurinn greiddar skaðabætur? Svarið er nei.

**Skaðabótaréttur barna**

Atvikið sem lýst er hér að ofan átti sér raunverulega stað og nýverið var tryggingafélagið VÍS sýknað af bótakröfu þessa 8 ára drengs. Foreldrarnir töldu að skólanum hefði láðst að tryggja öryggi drengsins með því að setja ekki girðingu á vegginn og að ekki hefði verið haft nægilegt eftirlit með drengnum, sem leiddi til þess að hann varð fyrir tjóninu. Héraðsdómur Reykjavíkur féllst ekki á þá röksemdafærslu og segir m.a. í niðurstöðu dómsins að eftir því sem börn eldist minnki nauðsyn þess að fylgjast stöðugt með þeim og það gildi ekki síður um skólann. Einnig var vísað í vitnisburð móður þar sem hún upplýsti að drengurinn gengi gjarnan heim sjálfur úr skólanum og virðist niðurstaða dómsins m.a. byggja á þeirri staðreynd. Varð niðurstaðan því sú að drengnum var sjálfum gert að bera skaðann af tjóninu. Hverra hagsmunir eru hér í fyrirrúmi?

**Slys á skólatíma**

Nemandi er samkvæmt grunnskólalögum á ábyrgð skólans meðan á daglegum starfstíma skólans stendur, þegar hann tekur þátt í skipulögðu skólastarfi innan skólans, á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans. Miðað við fyrrnefndan dóm virðist þó einkum horft til staðsetningar barnsins og hegðunar foreldra, þ.e. foreldrar drengsins treystu honum til að ganga heim úr skólanum.

Eiga þá réttindi átta ára barns að grundvallast á því hvar þau eru nákvæmlega staðsett og/eða hvaða ákvarðanir foreldrar þeirra taka? Hefði það breytt einhverju ef móðirin hefði staðhæft að drengurinn væri sóttur á hverjum degi? Hvað um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og jafnan rétt barna? Er eðlilegt að ung börn geti borið skaða af tjóni eða jafnvel orðið skaðabótaskyld? Hefur það ekkert að segja að slysið átti sér stað í frímínútum á skólatíma? Hvað um eftirlit á skólatíma? Hver ber í raun ábyrgð á börnum á skólatíma?

Á Íslandi er skólaskylda frá 6 til 16 ára aldurs. Foreldrar hafa ekki val um að senda börn sín í grunnskóla, þeim ber að gera það. Eðlilega. En ber þá ekki skólum og sveitarfélögum að fylgjast með börnunum á skólatíma og tryggja öryggi þeirra eftir fremsta megni? Vissulega. Þrátt fyrir þann almenna skilning virðist raunin vera sú að þessi ábyrgð sé túlkunaratriði, a.m.k. ef litið er til niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur. Við niðurskurðinn 2008 var m.a. skorið verulega niður í gæslu í frímínútum. Ítrekað hefur verið sýnt fram á að einelti á sér helst stað á skólagöngum og í frímínútum og einnig eru meiri líkur á að börn slasi sig í frjálsum leik við minna eftirlit. Samt sem áður er þetta látið viðgangast.

**Öryggi og aðbúnaður skólabarna**

Sveitarfélög bera ábyrgð á búnaði grunnskóla, mati og eftirliti og ber skólum að tryggja nemendum öryggi. Til er reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða (nr.942/2002) og ber sveitarfélögum að hlíta henni. Auk þess að hafa eftirlit með leiktækjum og leiksvæði er mikilvægt að merkja vel skólalóðina eða í það minnsta fræða börn um hvar mörkin liggja. Í ljósi ofangreindra atburða er ástæða til að skerpa betur á þessu í reglugerð og mikilvægt fyrir foreldra og foreldrafélög að sýna hér aðhald með því að óska eftir gögnum og upplýsingum, benda á það sem betur má fara og almennt fylgjast vel með. Þar sem ábyrgð skóla og tryggingarfélaga virðist vera túlkunaratriði og ábyrgð á skólatíma að einhverju leyti teygjanlegt hugtak er enn mikilvægara en áður að foreldrar beiti þrýstingi. Í raun ætti að vera lágmarksviðmið í grunnskólalögum um ásættanlega gæslu – það er ekki til staðar. Sama gildir um leikskólana og ef við færum okkur yfir í frístundaheimilin þá er staðan enn verri. Þar gilda í raun engin lög og reglur fyrir utan almenna skaðabótaábyrgð!

**➜ Hefur það ekkert að segja að slysið átti sér stað í frímínútum á skólatíma?**

**Skóli án aðgreiningar**

Við uppkvaðningu dóma er horft til þess hvaða fordæmi eru gefin. Hvaða fordæmisgildi hefur umræddur dómur fyrir foreldra á Íslandi? Geta þeir ekki treyst því að skólinn beri ábyrgð á grunnskólabörnum á skólatíma? Þurfa þeir að endurskoða sínar venjur með tilliti til réttarstöðu barnsins, svona ef óhapp skyldi eiga sér stað? Nú vinna íslensk menntayfirvöld eftir skólastefnunni „Skóli án aðgreiningar“ sem þýðir í raun skóli fyrir alla. Því fer fjölbreytt flóra grunnskólabarna í frímínútur á degi hverjum og því enn mikilvægara að allur aðbúnaður og eftirlit sé eins og best verður á kosið, óháð atgervi barna og venjum foreldra.

# Fremst í heiminum í baráttunni gegn skattaundanskotum

FJÁRMÁL



**Dagfinn Høybråten**
framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Leiðtogar ESB hittust 22. maí síðastliðinn til að ræða verðmætasköpun í Evrópu í skuldavanda. Eitt af aðalumræðuefnunum var skattaundanskot og barátta gegn svonefndum „skattaskjólum“. Skattaundanskot verða einnig á dagskránni á fundi G8-ríkjanna 17.-18. júní. Á þessu sviði má líta til Norðurlanda sem eru fremst í heiminum í baráttunni gegn skattaundanskotum.

„Skattaskjól“ er heitið á löndum þar sem ríkustu einstaklingar heims geyma fjármuni sína til þess að komast hjá skattlagningu í heimalandinu. Norðurlönd hafa síðan 2006 eflt starf sitt gegn skattaskjólum með árangri sem vekur eftirtekt. Hingað til hafa norrænar samningaviðræður haft í för með sér að náðst hafa samningar um skipti á upplýsingum um skattamál við meira en fjörutíu lönd.

**Endurheimt milljarða**

Samningarnir hafa haft í för með sér að löndin hafa endurheimt milljarða króna sem ekki hafa verið gefnir upp til skatts í viðkomandi löndum. Að auki hafa einstaklingar og fyrirtæki í Noregi, Svíþjóð og Danmörku getað gefið upp til skatts fjármagn sem áður hefur verið svikið undan skatti, án refsingar. Þegar hefur milljarðaupphæðum verið skilað og trúlega munu upphæðirnar hækka til muna á næstu árum.

**➜ Samningarnir hafa haft í för með sér að löndin hafa endurheimt milljarða króna sem ekki hafa verið gefnir upp til skatts í viðkomandi löndum.**

Greiningar sýna að upplýsingaskiptasamningarnir hafa haft í för með sér aukið fjárstreymi til norrænu ríkjanna frá útlöndum þar sem fjárfest er eða sparað. Stærsti ávinningurinn fyrir ríkissjóði er einnig forvarnargildi samninganna. Niðurstaða þessa markvissa samstarfs er að Norðurlönd geta í framtíðinni komist hjá milljarða undanskotum.

Norræna líkanið sýnir að það er hægt að berjast gegn skattaundanskotum þegar stjórnvöld vinna saman þvert á landamæri. Lausnirnar finnast þegar skattayfirvöld í þjóðlöndunum líta ekki á hvert annað sem keppinauta og ekki er hugsað um að hagnast á annarra þjóða tapi. Gagnkvæmt traust hefur gert það mögulegt að stofna alþjóðlegan vinnuhóp sem berst gegn skattaundanskotum (NAIS) sem í eru fulltrúar skattayfirvalda í norrænu ríkjunum fimm. Norræna líkanið gegn skattaundanskotum hefur vakið alþjóðlega athygli og áhuga hjá OECD. Í haust verður haldið málþing í Reykjavík þar sem norræna líkanið verður frekar til umfjöllunar.

Samstarf Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur, Finnlands, Íslands auk Færeyja, Grænlands og Álandseyja er einstakt í heiminum og baráttan gegn skattaskjólum sýnir að samstarfið skilar árangri sem er einnig einstakur.




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17

Ford
ford.is

Ford Fiesta Trend 5 dyra, 1,0i bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 99 g/km., fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn.
Ford Fiesta Titanium 5 dyra, 1,6i bensín 105 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 138 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja.
Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

Tilboðin gilda 13. - 17. júní

netto
Kræsingar & kostakjör



VERÐ-
SPRENGJA!

# LAMBAFRAMPARTUR
GRILLSAGAÐUR

798 KR/KG

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

†



Okkar ástkæra,

**JÓNA MARÍA HANNESDÓTTIR**
**fyrrverandi húsfreyja á Núpum,**

lést þriðjudaginn 4. júní á hjúkrunarheimilinu Ási. Útför hennar fer fram frá Hveragerðiskirkju föstudaginn 14. júní klukkan 15.00.

**Jóhann Valgeir Helgason**
**Sigurveig Helgadóttir**
**Gerður Helgadóttir**
**Hanna María Helgadóttir**
**Ragnheiður Jónsdóttir**
**Gísli Rúnar Sveinsson**
**Jón Ingi Skúlason**
**Ari Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær móðir, dóttir, systir, sambýliskona og dótturdóttir,

**INGIBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR**
**viðskiptafræðingur,**
**Hryggjarseli 6, Reykjavík,**

sem lést laugardaginn 8. júní á Landspítala Háskólasjúkrahúsi, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni, laugardaginn 15. júní, kl. 13.00.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið Langholtsvegi.

**Ragnar Örn Jóhannesson**
**Guðrún Ragnarsdóttir**
**Stefán Ingólfsson**
**Ragnar Ingi, Ingólfur, Margrét, Þórunn og Stefán Gestur**
**Sigurpáll Marinósson**
**Margrét Þ. Helgadóttir**

†



Ástkær sonur okkar, bróðir, frændi og mágur,

**KRISTINN ÆVAR STEINARSSON**
**Áshlíð 14, Akureyri,**

lést 31. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

**Svava Halldórsdóttir**
**Steinar Baldursson**
**Heiðbjört Svala, Unnur Björk, Ásdís Matthildur**
**frændsystkini og mágur.**

†



Okkar ástkæra móðir, amma, langamma og langalangamma,

**ANNA PÁLMEY HJARTARDÓTTIR**
***áður til heimilis á Stokkseyri,***

lést mánudaginn 10. júní á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi.

***Margrét Frímannsdóttir***
***Anna Pálmey Hjartardóttir***
***Áslaug Sæmundsdóttir***
***Hjörtur Sæmundsson***
***Þorgerður Erlendsdóttir***
***og fjölskyldur.***

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐLAUGUR GUNNARSSON**
***bóndi, Svínafelli í Öræfum,***

lést á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands föstudaginn 7. júní. Útför fer fram frá Hofskirkju í Öræfum laugardaginn 15. júní klukkan 14.00.

**Sólveig Guðlaugsdóttir**
**Hannes Guðlaugsson**
**Gunnar Guðlaugsson**
**Hólmfríður Guðlaugsdóttir**
**Ingvar Kristinsson**
**Brynja Dögg Birgisdóttir**
**Ragna Ragnars**
**Ármann Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGA J. GÍSLADÓTTIR**
**Vogatungu 5, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 3. júní. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 13. júní kl. 13.00.

**Guðrún Halldórsdóttir**
**Guðborg Halldórsdóttir**
**Andri Már Ólafsson**
**Baldur Baldursson**
**Kristín Sveiney Baldursdóttir**
**Baldur Jónsson**
**Birna Friðfinnsdóttir**
**Anna Rún Einarsdóttir**
**Hlynur Guðlaugsson**
**og barnabarnabörn.**

†



Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

**UNNUR LOVÍSA MARÍASDÓTTIR**
**Daggarvellir 6B, Hafnarfirði,**

andaðist 10. júní á Landspítalanum 13 E. Jarðarför verður auglýst síðar.

**María Bragadóttir**
**Bragi Bragason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, pabbi, tengdapabbi, afi og langafi,

**SIGURGEIR KRISTJÁNSSON**

lést á heimili sínu laugardaginn 8. júní. Útför hans mun fara fram frá Garðakirkju föstudaginn 21. júní kl. 15.00.

**Sólveig Berndsen**
**Kristján Hermann Sigurgeirsson**
**Gunnar Sigurgeirsson**
**Sigurður Sigurgeirsson**
**Sigurgeir Sigurgeirsson**
**Margrét Sigurgeirsdóttir**
**Kjartan Már Sigurgeirsson**
**Sigrún Tryggvadóttir**
**Birgitta Baldursdóttir**
**Guðrún V. Hafsteinsdóttir**
**Súsanna Viderö**
**Tómas Jóhannesson**
**Tinna Ösp Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og tengdasonur,

**ÞÓR INGÓLFSSON**
***húsasmíðameistari,***
**Glaðheimum 14, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 7. júní. Útförin fer fram í Langholtskirkju þriðjudaginn 18. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða líknardeildina.

**Þórdís Tómasdóttir**
**Hafþór Snær Þórsson**
**Þórdís Bergsdóttir**
**Þórdís Erla Sveinsdóttir**

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**NÍELS MARÍUS BLOMSTERBERG**
**Blommi kjötiðnaðarmeistari,**
**hjúkrunarheimilinu Eir,**
**áður Lambastekk 2,**

lést að morgni 9. júní sl. Útför fer fram mánudaginn 24. júní kl. 13.00 frá Bústaðakirkju.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Emma Þórunn Blomsterberg**
**Hans Pétur Blomsterberg**
**Birgir Bogi Blomsterberg**
**Sesselja María Blomsterberg**
**Ómar Kristvinsson**
**Sigrún Hafsteinsdóttir**
**Bryndís Halldóra Jónsdóttir**
**Gunnsteinn Halldórsson**

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR KR. ARNÓRSSON**
***frá Ási,***
***Jófríðarstaðarvegi 19, Hafnarfirði,***

sem lést miðvikudaginn 29. maí verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 14. júní klukkan 15.00.

**Friðfinnur Sigurðsson**
**Sólveig Sigurðardóttir**
**Arnór Sigurðsson**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Christina Wieselgren**
**Jóhannes Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**ÚTGEFANDINN** Hilmar átti hugmyndina að blaðinu ásamt Jóni Trausta Sigurðssyni og þeir sitja enn við stjórnvölinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fagna áratugs-útgáfu á KEX

**Fyrsta tölublað tímaritsins Grapevine kom út föstudaginn 13. júní 2003. Tíu árum síðar er tímaritið við hestaheilsu.**

Hugmyndin kviknaði úti í Prag haustið, þegar við Jón Trausti Sigurðarson bjuggum þar um tíma,“ segir Hilmar Steinn Grétarsson, útgefandi Grapevine og einn af stofnendum og eigendum þess. „Þar var gefið út blað í svipuðum anda ætlað ferðamönnum og útlendingum búsettum í Prag. Lestur þess hjálpaði okkur mikið að kynnast borginni og fá fregnir af því sem var að gerast í menningar- og skemmtanalífi og við sáum að svona blað vantaði algerlega í Reykjavík.“

Eftir heimkomuna fengu þeir Hilmar og Jón Trausti fleiri til liðs við sig og sumarið 2003 komu út sex blöð. Eftir það lagðist blaðið í dvala um skamma hríð en gekk í endurnýjun lífdaga vorið 2004 og hefur síðan komið út reglulega. Hilmar segir blaðið furðulítið hafa breyst á þessum tíu árum og upphaflega hugmyndin hafi fullkomlega haldið sér þrátt fyrir mannabreytingar á ritstjórn. „Umfjöllunarefnin hafa alltaf verið fjölbreytt. Við fjöllum um ferðalög, menningu, hönnun og skemmtanalíf og reyndar bara alls kyns málefni, gjarnan tengd útlendingum sem búa hér. Við gefum líka út sérblöð í tengslum við Iceland Airwawes, HönnunarMars og fleiri festivöl og erum í góðu samstarfi við þau.“

Stofnendur blaðsins voru fimm og fjórir þeirra eru enn viðloðandi reksturinn að sögn Hilmars. „Það er sami kjarninn sem stendur að blaðinu en það hafa mjög margir komið að skrifum í það í gegnum tíðina.“

Hvað er nú minnisstæðast frá þessum tíu árum? „Það er nú svo ótalmargt, við erum búnir að gefa út 166 útgáfur í fastri útgáfu og erfitt að tína til eitthvað eitt. En vissulega koma lætin út af forsíðunni með svörtu konunni í þjóðbúningnum fyrst upp í hugann, eins og sjálfsagt hjá flestum.“

Og þið bjóðið til veislu í kvöld? „Já, við byrjum á Kex klukkan fimm í dag og verðum eitthvað fram eftir. Þar verður bjórinn á sama verði og hann var 2003, karókí með undirleik píanóleikara og þekktir einstaklingar taka lagið og fleira og fleira. Þetta verður bara skemmtilegt og það er öllum velkomið að koma og fagna með okkur.“

fridrikab@frettabladid.is

†



Ástkær móðir okkar,

**INGIBJÖRG JÓNÍNA NÍELSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Hvassaleiti 56,**

lést á Droplaugarstöðum þriðjudaginn 11. júní. Útförin fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn 19. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Droplaugarstaða.

**Kristinn Gíslason**
**Halldóra Gísladóttir**
**Kjartan Gíslason**
**Óskar Gíslason**
**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**
**Auður Björg Sigurjónsdóttir**
**Reynir Ragnarsson**
**Ólöf S. Jónsdóttir**
**Heiða Waage**
**Hjörleifur Sveinbjörnsson**

Graníthöllin
Legsteinar
ÁVÍSUN
35.000.-

35.000.- krónur
Þessi ávísun að upphæð þrjátíu-og-fimm-þúsund-krónur gildir sem innáborgun á legstein.
Ávísunin gildir sem hlutagreiðsla með öllum tilboðum frá 1. júní til og með 31. ágúst 2013.
Ath, aðeins ein ávísun er tekin sem hlutagreiðsla við kaup á einum legsteini.
Graníthöllin Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði · Sími 555 3888 · granithollin.is



## SKÁRREN EKKERT Í FLATEY

**Hljómsveitin Skárren ekkert með Guðmundi Steingrímssyni alþingismanni verður með tónleika á hótelinu í Flatey laugardagskvöldið 15. júní. Með Guðmundi leika Frank Hall, Eiríkur Þórleifsson, Kjartan Guðnason og Hrannar Ingimarsson. Búist er við miklu fjöri á þessari fallegu eyju með skemmtilegum uppákomum.**



**DÁSEMDIR** Rannveig Eva Karlsdóttir er verslunarstjóri í Change Lingerie, þar sem allar konur finna undirföt sem klæða þær vel.

# KVENLEG RÓMANTÍK

**CHANGE KYNNIR** *Loks fæst undursamlegur kvennærfatnaður Change á Íslandi. Hann dásamar ólíkan líkamsvöxt og er alltaf fallegur og þægilegur.*

Change stendur fyrir fegurð og rómantík fyrir allar konur; hvernig sem vaxtarlag þeirra er,“ segir Rannveig Eva Karlsdóttir, verslunarstjóri í undirfatabúðinni Change sem var opnuð á dögunum í Smáralind.

Change er heimsþekkt danskt undirfatamerki og íslenskum dömum að góðu kunnugt. „Margar hafa komið í búðina og fagnað því innilega að Change hafi opnað á Íslandi. Með tilkomu verslunarinnar er fyllt upp í ákveðið tómarúm og ákaflega gaman að upplifa gleði og ánægju viðskiptavina,“ segir Rannveig.

Change hannar undursamlegan undirfatnað, sundföt og náttfatnað fyrir konur. Undirfötin eru hönnuð til að vera þægileg og snið taka mið af stærðum og ólíkum líkamsvexti.

„Stærðirnar hæfa öllum vexti og stærst koma brjóstahaldarar í K-skálum. Í Change finna því allar konur undirföt við hæfi og ekki skemmir fyrir að þau eru dásamlega smart og auka verulega á yndisþokka hverrar konu.“

Í Change er lögð rík áhersla á að konur finni brjóstahaldara sem passar. „Margar konur hafa aldrei verið mældar og þótt þær viti númerið sitt geta stærðir verið mismunandi á milli merkja. Við leggjum okkur því fram um að hver og ein kona finni undirföt sem klæða hana vel og henni líður vel í.“

Úrval undirfatnaðar er ríkulegt í Change. Þar fæst einnig breið aðhaldslína og íðilfögur brúðarlína.

„Aðhaldsfatnaður nýtur nú mikilla vinsælda enda veitir hann góðan stuðning og lagar línurnar svo að föt njóti sín betur á líkamanum,“ útskýrir Rannveig um Change, sem tekst að gera dásamlegan undirfatnað sem er þægilegur og þar sem hugsað er fyrir öllu.

„Hvert einasta smáatriði er úthugsað og meira að segja á hlýrum brjóstahaldara eru lítil munstur til að auka enn á kvenlegan þokka. Því geta konur klætt sig í ólík undirföt eftir skapi hvers dags.“

Á hverjum degi bjóðast freistandi tilboð í Change, sem býður viðskiptavinum sérstaka klúbbaðild með tilheyrandi afslætti og tilboðum.







## HVAR?

***Change er á 2. hæð í Smáralind, við hliðina á Líf og list. Nú stendur yfir ómótstæðilegt 2 fyrir 1 tilboð á Change grunnundirfatasetti í svörtu, hvítu og húðlitu.***

iittala
KAUPAUKI
Verslaðu fyrir 15 þús. eða meira af iittala vörum, þá fylgir kaupauki. Alvar Alto skál, glær 98 mm.
Alvar Alto skál, glær 98 mm
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

ÚTSALA HAFIN!
WEEKEND
MaxMara
MARINA RINALDI
BASLER
Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

Vertu vinur okkar á Facebook
Stærðir 36-52
Kvartbuxur, sparibuxur, gallabuxur, stretchbuxur
Margir litir - tvær síddir - háar í mittið
Gardeur - Gerke - Gino Lorenzi - Zaffiri - Lindon
Verð frá 9.980,-
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16

Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!
Kíktu á www.reverie.com
RECOGNIZED FOR EXCELLENCE
WOMEN CERTIFIED
• Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
• Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
• 10 mismunandi nuddstillingar
• Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
• Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
• Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
• Glæsileg fjölnota fjarstýring
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Gerðu gæða- og verðsamanburð
Frábært tilboð fyrir þá sem bíða eftir næstu sendingu
REVERIE 7S Supreme 2 x 90x200 cm
Verð áður kr. 569.900.-
Verð nú kr. 499.900.-
REVERIE 3E Essential 2 x 90x200 cm
Verð kr. 399.900.-
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# ÁFRAM SKÆRIR LITIR

**TÍSKA** *Skærir litir af öllu tagi eru afar áberandi í tískuvöruverslunum um þessar mundir. Appelsínuguli liturinn er þar engin undantekning enda afar sumarlegur og fallegur. Á tískusýningum stóru tískuhúsanna bæði fyrir vor og sumar, og haustið og veturinn, kemur í ljós að liturinn er síður en svo á undanhaldi eins og myndirnar hér bera með sér.*



**JEAN-PAUL GAULTIER** Úr vor- og sumarlínu sem sýnd var á tískuvikunni í París í janúar.

**MICHAEL KORS** Úr haust- og vetrarlínu sem sýnd var á Mercedes-Benz tískuvikunni í New York í febrúar.

**GEORGES CHAKRA** Sumarlínan fyrir 2013 sem sýnd var í París í janúar.

**AMAYA ARZUAGA** Línan fyrir haustið og veturinn sem sýnd var á tískuviku í París í mars.

**GIORGIO ARMANI PRIVE** Úr vor- og sumarlínunni sem sýnd var á tískuvikunni í París í janúar.

**MICHAEL KORS** Haust- og vetrarlínan.

**MARIMEKKO** Af Mercedes-Benz sýningunni í Stokkhólmi í janúar.

17. júní hátíð
30-70%
afsláttur
af öllum vörum



Verðdæmi:
Kjólar áður 9.900
Nú aðeins 3.990

COSMO
Kringlunni

## ISABEL MARANT HJÁ H&M

**FLOTT**

**Tískuverslunarrisinn H&M hefur tilkynnt um samvinnu við hinn þekkta franska tískuhönnuð Isabel Marant. Hún hefur hannað fyrir margar þekktar stjörnur og er eftirsóttur hönnuður. Hönnun hennar þykir kvenleg og afslöppuð. H&M hefur samið um kvenlega tískulínu fyrir konur á öllum aldri. Þá verður einnig gerð hönnunarlína fyrir karla. Margir fagna þessari ákvörðun H&M, enda hefur Isabel Marant verið vinsæl hjá tískubloggurum um allan heim. Búist er við langri röð áhugasamra kaupenda þegar fötin koma í verslanir í nóvember.**

**„H&M starfar einungis með bestu hönnuðunum svo það er afar spennandi að fá tækifæri til að vinna fyrir fyrirtækið,“ sagði Marant á blaðamannafundi.**



**SÝNING** Fatnaður frá Marant.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427

# Glæsilegur sparifatnaður
## fyrir útskriftirnar og brúðkaupin

**Vandaður þýskur og danskur kvenfatnaður fyrir konur á öllum aldri. Stærðir 36-52.**



hjá Hrafnhildi

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

Vertu vinur okkar á Facebook

DRANELLA JEANS

FIT FOR EVERYONE...

# 20% AFSLÁTTUR
## AF ÖLLUM BUXUM

FRÁBÆRT ÚRVAL AF BUXUM Í GÓÐUM SNIÐUM
HÁAR Í MITTIÐ! • STRETCH BUXUR • MARGIR LITIR
STÆRÐIR 34-46

DRANELLA - PULZ JEANS - MOS MOSH



Vertu vinur okkar á Facebook

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777


BUCILLA
Nýjar vörur
Amma mús
-handavinnuhús
**Amma mús – handavinnuhús**
Ármúla 18, 108 Reykjavík • Sími 511 3388
Opið mán - fös 9 - 18


# ROKKDÆTUR Í TÍSKU

**TÍSKA** *Dætur rokkstjarna eiga margar hverjar farsælan feril í tískubransanum og ýmist stika þær pallana eða hanna fötin.*

Alexandra Richards, dóttir Keith Richards, gítarleikara Rolling Stones, er fædd árið 1986. Hún er fyrirsæta og myndlistarmaður og plötusnúður í New York.

Eldri systir Alexöndru, Theodora Richards, er líka fyrirsæta en þær systur voru fengnar til að sitja fyrir í auglýsingaherferð Tommy Hilfiger árið 2006 ásamt Elizabeth Jagger, dóttur Mick Jagger, söngvara Rolling Stones, og fyrirsætunnar Jerry Hall. Elizabeth Jagger er fædd 1984 og hefur fetað í fótspor móður sinnar á tískupöllunum. Hún sýndi fyrst ásamt móður sinni árið 1998. Árið 2005 var hún valin andlit spænska tískufyrirtækisins MANGO og kom fram í nýlegri auglýsingaherferð Marks og Spencer.

Lily Jane Collins er fædd árið 1989. Hún er dóttir tónlistarmannsins Phils Collins og er bæði leikkona og tískufyrirsæta. Hún skrifaði einnig dálka í Teen Vogue og Seventeen á unglingsárum sínum og hefur meðal annars leikið í kvikmyndunum The Blind Side og Priest. Lily hefur látið hafa eftir sér að pabbi hennar hafi hjálpað henni við að ýta ferlinum af stað.

Liv Tyler hóf feril sinn sem fyrirsæta fjórtán ára en sneri sér svo að kvikmyndaleik og hefur leikið í kvikmyndum á borð við Lord of the Rings. Sagt er að ferill hennar hafi tekið kipp þegar pabbi hennar, Steven Tyler, söngvari rokksveitarinnar lífseigu Aerosmith, útvegaði henni hlutverk í myndbandi við lag hljómsveitarinnar, Crazy, árið 1994.


**ELIZABETH JAGGER OG JERRY HALL** Myndin er tekin þegar mæðgurnar opnuðu útsölu í versluninni Harrods í London. MYND/NORDIC PHOTOS GETTY


**DÆTURNAR** Theodora og Alexandra Richards ásamt pabba sínum Keith.


**FRÍÐ FEÐGIN** Liv og Steven Tyler mættu á sýningu vorlínu Stellu McCartney fyrr í vikunni. Stella er dóttir bítilsins Paul McCartney og tengist að sjálfsögðu líka tískuheiminum sem fatahönnuður.


Flott föt fyrir flottar konur
Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Minna að fletta
meira að frétta
visir.is

BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN
*Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

Glæsilegt úrval af skartgripaefni

Glerperlur crackle - 1 lengja ca 110 perlur - 990 kr.
Náttúrusteinar - 1 lengja 1.490 kr. - 40 steinar
Viðarperlur - 1 lengja 395 kr. - 40 perlur
FLOTT VERÐ Á VIÐARPERLUM
verð á lengjum 395-695 kr.
Glerperlulengjur frá 295 kr.
Stærsta föndurverslun landsins
Föndurlist
Holtagörðum | Sími 553 1800 | Opið virka daga 11-18 og laugardaga 11-15 | www.facebook.com/fondurlist


Rýmum fyrir nýjum vörum
25-50% afsláttur af öllum vörum
Reykjavík & Akureyri
fimmtudag - föstudag - laugardag
Íslensk hönnun
Sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri

# GÖNGUSKÓR

FIMMTUDAGUR 13. JÚNÍ 2013



## Gengið um Snæfellsnes

**Reynir Ingibjartsson hefur gefið út fjórðu gönguleiðabókina sína. Sú heitir 25 gönguleiðir á Snæfellsnesi.**

**SÍÐA 2**

## Allir vegir færir

**Ecco-gönguskórnir eru góður kostur í útivist. Í suma skóna er notað jakuxaleður, sem er afar sterkt.**

**SÍÐA 2**

## 800 gönguleiðir

**Á vefsíðunni www.ganga.is er að finna kort og fjölda gönguleiðarlýsinga.**

**SÍÐA 4**

# Berfættir á jakuxa

**Með Ecco eru allir vegir færir. Í suma skó er notað jakuxaleður sem er þrisvar sinnum sterkara og allir sólar eru ásteyptir. Ecco er því góður kostur í útivist.**

Ecco áttaði sig strax á því að til að gera góða skó þarf að nota gott hráefni. Því hefur Ecco engan hug á að vera stærsti skóframleiðandi í heimi heldur eingöngu sá besti,“ segir Adolf Óskarsson hjá S4S, innflytjanda Ecco.

Ecco er danskt að uppruna, með höfuðstöðvar á Jótlandi og var stofnað 1. apríl 1963. Fyrirtækið stóð því á fimmtugu í vor. „Árlega framleiðir Ecco um 20 milljónir skópara í eigin skóverksmiðjum til að hafa fullkomna yfirsýn yfir gæði framleiðslunnar,“ útskýrir Adolf um danska skósmiðinn, sem árið 2000 hóf fyrst framleiðslu á útivistarskóm.

„Ecco eru fremstir skóframleiðenda í að steypa sóla á sína skó. Það kemur í veg fyrir að sólar losni og að skór leki,“ upplýsir Adolf.

Ecco er næststærsti leðurframleiðandi heims og notar meðal annars jakuxaleður í skó sína. „Jakuxar búa við miklar frosthörkur og leður þeirra er því þrisvar sinnum sterkara en annað.“

Adolf segir Ecco leggja höfuðáherslu á gæði og þægindi. „Ecco notar eingöngu fyrsta flokks hráefni í skó sína og ætlar sér enga málamiðlun með ódýrari hráefni. Ecco er því almennt í dýrari kantinum en ódýrara hér en annars staðar í Evrópu.“



Adolf Óskarsson með trausta, létta og vatnshelda gönguskó frá Ecco. MYND/GVA

Ecco hrífst af Íslandi og hefur tvívegis unnið myndbönd sín og myndatökur hérlendis. „Í ágúst kemur á markað ný útivistarlína sem prýdd er myndum frá Íslandi. Þá býður Ecco blaðamönnum til að prófa Ecco-skó í íslenskri náttúru.“

Frá stofnun hefur Ecco rannsakað fót mannsins og setti af stað rannsókn við Kölnarháskóla í því augnamiði að hanna nýja tækni við hlaupaskó í ljósi lítils árangurs í meiðslatíðni hlaupara.

„Niðurstöður sýndu að best er að hlaupa berfættur eða því sem næst. Því var sett á fót hlaupalínan Biom og þá tækni hefur Ecco nú fært yfir í golf- og útivistarskó sína. Þar með aukast enn þægindi þess að ganga í Ecco-gönguskóm sem eru léttir, vatnsheldir og henta í meirihluta gönguferða hér á landi.“






Reynir tekur allar myndirnar í bókinni sjálfur.

# Gönguleiðir á Snæfellsnesi

**Reynir Ingibjartsson gaf nýlega út fjórðu gönguleiðabók sína. Í þetta sinn einbeitir hann sér að Snæfellsnesinu og leiðir fólk um áður óþekktar slóðir í þessu fallega héraði.**

Bókin heitir 25 gönguleiðir á Snæfellsnesi en eins og nafnið gefur til kynna lýsir Reynir 25 skemmtilegum gönguleiðum á nesinu. Svæðið teygir sig frá gömlu sýslumörkunum við Hítará og hringinn um Snæfellsnes, að fornum sýslumörkum við ána Skraumu milli Snæfellsness og Dala. Reynir þekkti vel til Snæfellsness áður en hann lagðist í gerð bókarinnar.



Reynir Ingibjartsson hefur skrifað bókina 25 gönguleiðir á Snæfellsnesi.

„Ég er ættaður af svæðinu, stóð auk þess að gerð korta af Snæfellsnesi fyrir tíu árum og hef líka verið að dunda mér við að ganga þar á fjöll,“ segir Reynir og telur að sennilega þekki hann ekkert hérað betur en einmitt þetta. „Hins vegar er maður alltaf að finna nýjar og nýjar slóðir,“ segir hann. Enda er það raunin í bók Reynis að þar leiðir hann fólk á áður óþekktar slóðir sem þó liggja nærri þekktum stöðum. „Ég get nefnt sem dæmi Djúpalónssand. Þangað fara margir og kíkja á aflraunasteinana og í víkina. Rétt hjá eru rústir af gömlu býli sem heitir Einarslón. Þangað er mjög forvitnilegt að koma en þangað fer nánast enginn,“ lýsir hann.

Gönguleiðir á Snæfellsnesi eru fjölmargar og því var nokkurt vandaverk að velja aðeins 25 þeirra. Reynir reyndi að velja jafnt af öllu nesinu svo fólk gæti séð sem mest, en náttúran á Snæfellsnesi er afar fjölbreytt.

Reynir gekk allar leiðirnar í bókinni tvisvar og nýtti til þess allt síðastliðið sumar. Að auki tók hann allar myndirnar í bókinni. Allar leiðirnar liggja í hring og oft má velja á milli styttri og lengri hrings. Stystu leiðirnar eru tveir kílómetrar og þær lengstu um tíu kílómetrar. „Þetta eru eiginlega allt saman göngur um láglendi og því mjög aðgengilegar fyrir fjölskyldur,“ upplýsir Reynir.

Áður hefur Reynir gefið út bækurnar 25 gönguleiðir um höfuðborgarsvæðið (sem verður nú prentuð í fjórða sinn), 25 gönguleiðir um Hvalfjarðarsvæðið og 25 gönguleiðir á Reykjanesskaga. Hann er ekki nærri hættur. „Draumurinn er að gera gönguleiðabækur fyrir allt Suðvesturland og Vesturland. Næsti bær við Snæfellsnes er Borgarfjörður og Dalir. Markmiðið er að vera þar á röltinu í sumar. Ef þetta lánast áfram er í raun aðeins Þingvallasvæðið eftir. Það væri glæsilegt að enda þar,“ segir Reynir glaðlega og bendir á að þá yrðu bækurnar sex og gönguleiðirnar 150.



Hvít skeljasandsfjaran á Snæfellsnesi hentar vel til göngutúra. Myndin er af fjörunni við Skógarnes.

# SHELL-BÍLADAGAR

FIMMTUDAGUR **13. JÚNÍ 2013**






Margt skemmtilegt verður í boði fyrir bílaáhugamenn og alla aðra sem leið eiga um Akureyri um helgina. MYND/AXEL ÞÓRHALLSSON

# Götuspyrna, drift og græjukeppni

**Shell-Bíladagar 2013 verða haldnir á Akureyri frá 14. til 17. júní. Bíladagar eru einn stærsti íþróttaviðburður sem haldinn er á Íslandi og er eins konar árshátíð allra áhugamanna um mótorsport. Bílaklúbbur Akureyrar heldur utan um viðburðinn en meðal keppnis- og sýningargreina eru götuspyrna, drift, auto-X, „burnout“, græjukeppni og bílasýning.**

Bíladagar eru haldnir árlega á Akureyri en í ár bera þeir nafnið Shell-Bíladagar.

Aðstaðan fyrir keppendur og áhorfendur verður með sóma en allar aksturskeppnir hátíðarinnar fara fram á nýju akstursíþróttasvæði Bílaklúbbs Akureyrar, sem var tekið í notkun á síðasta ári og er neðst við Hlíðarfjallsveg. Tjaldsvæði fyrir gesti verða á akstursíþróttasvæði BA.

Margt skemmtilegt verður í boði fyrir augu og eyru bílaáhugamanna. Á föstudag verður ökuleikni, hópakstur fornbíla og um kvöldið verður keppt í „burn out“. Á laugardag verður auto-X, drift og græjukeppni. Á sunnudag fer fram götuspyrna og á mánudag verður bílasýning í Boganum við Þórsheimilið.

Miðar verða seldir á hvern viðburð en hægt er að kaupa armband á bensínstöðvum Shell í Reykjavík, Hveragerði, Egilsstöðum og á Akureyri sem gildir á alla viðburðina. Annars staðar á landinu er einfaldast að kaupa armbönd á heimsíðu BA.

Nánari upplýsingar um Bíladaga má fá á heimasíðu Bílaklúbbs Akureyrar *www.ba.is* og á Facebook-síðu Bíladaga.


SKIPTU UM SKOÐUN
Það er **ódýrara.**

| | |
|---|---|
| Tékkland | 8.945 |
| Aðalskoðun | 10.320 |
| Frumherji | 9.600 |

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 12. júní 2013

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Borgartún / Holtagarðar / Reykjavíkurvegur / Akureyri / Sími 414 9900 / tekkland@tekkland.is / www.tekkland.is

# Samstarfið við Ferrari skilaði árangri

Shell V-Power er afrakstur áratuga samstarfs Shell og keppnisliðs Ferrari í Formúlu 1 kappakstrinum. Samstarfið hefur hjálpað Ferrari að vinna fleiri titla en nokkurt annað lið í sögu Formúlu 1 og um leið hjálpað við þróun á bensíni sem fæst á næstu Shell-stöð.

Fyrir meira en sextíu árum hóf Shell samstarf við Ferrari um þróun eldsneytis fyrir kappakstursbíla. Eldsneytið átti að skila því afli, vörn og afköstum sem krafist er í fremstu akstursíþrótt heims, nefnilega Formúlu 1 kappakstrinum. Samstarfið hefur skilað meira en 150 einstökum sigrum Ferrari-liðsins, tíu heimsmeistaratitlum framleiðenda og tólf heimsmeistaratitlum ökumanna.

Samstarfið felst í þróun á íblöndunarefni sem sett er út í venjulegt bensín. Íblöndunarefnið sem þróað er með Ferrari er hið sama og notað er í Shell V-Power bensíni sem fæst á næstu þjónustustöð Shell.



Áratuga samstarf Shell með keppnisliði Ferrari í Formúlu 1 kappakstrinum hefur gefið vísindamönnum tækifæri til að þróa Shell V-Power við mjög krefjandi aðstæður. MYND/ÚR EINKASAFNI

### Hvernig virkar Shell V-Power?

Tilgangurinn með þróun Shell V-Power hefur alltaf verið sá að eldsneytið hefði bæði langtíma- og skammtímaáhrif á vélina. Skammtímaáhrifin eru aukin snerpa og viðbragð vélarinnar og langtímaáhrifin eru aukin ending vélarinnar.

Eiginleikar Shell V-Power bensíns felast í íblöndunarefni sem blandað er út í hefðbundið bensín. Þetta íblöndunarefni er þróað með það að markmiði að ná fram hreinni bruna á eldsneytinu. Þannig er komið í veg fyrir að skaðlegar agnir safnist upp í ventlum, stimplum og eldsneytiskerfum vélarinnar.

Shell V-Power hjálpar til við að hreinsa burt óhreinindi sem annars konar eldsneyti hefur skilið eftir sig í eldsneytiskerfum vélarinnar. Með því að hreinsa þessi óhreinindi í burtu minnkar viðnámið í þessum vélarhlutum og afköstin aukast.

Með viðvarandi notkun getur Shell V-Power hjálpað til við að halda nýjum bíl lengur í toppstandi og í sumum tilvikum endurheimt bestu afköst eldri bíla. Nú þegar bílafloti landsmanna er að eldast þurfa bifreiðaeigendur að huga betur að viðhaldi og endingu bílsins.

### Áhrif á eldsneytiseyðslu

Ef viðnámið í vélinni minnkar og hún gengur þýðar, ætti það þá ekki að hafa áhrif á eyðsluna?

Þar sem minna viðnám er í vél sem er hrein að innan, lá beinast við að athuga hver áhrifin yrðu á eyðslu bíls með Shell V-Power samanborið við annað eldsneyti. Frá apríl til júní 2012 voru fengnir tveir óháðir íslenskir fagaðilar til að gera eyðslumælingu þar sem eknir voru rúmlega 2.500 km. Niðurstaðan úr þessari tilteknu tilraun var sú að bíll sem ekið var með Shell V-Power bensíni eyddi minna eldsneyti en sami bíll með annars konar bensíni. Til að geta fullyrt nákvæmlega hver munurinn sé á eyðslu þarf að gera enn frekari prófanir en niðurstaðan úr þessari tilteknu tilraun lofaði góðu fyrir notendur Shell V-Power.



Shell V-Power hjálpar til við að hreinsa burt óhreinindi sem annars konar eldsneyti hefur skilið eftir sig. MYND/ÚR EINKASAFNI




14.-17. júní á Akureyri

## Dagskrá Shell Bíladaga 2013

**Dagskrá Shell-Bíladagar** 2013 verður eftirfarandi og verður einnig kynnt á heimasíðu Bílaklúbbs Akureyrar www.ba.is og á Facebook-síðu Bíladaga og Bílaklúbbs Akureyrar.

### Föstudagur 14. júní

- Ökuleikni kl. 13 á akstursíþróttasvæði B.A.
- Hópakstur kl. 18.30. Fornbílar og margir aðrir fræknir fákar fara hópakstur frá Shell um Akureyri og enda rúntinn á akstursíþóttasvæði B.A. um kl. 19.30.
- „Burn out" kl. 21.30 á akstursíþróttasvæði B.A.

### Laugardagur 15. júní

- Auto-X kl. 13 á akstursíþróttasvæði B.A.
- Græjukeppni kl. 16 neðan við Shell Hörgárbraut. Enginn aðgangseyrir.
- Drift kl. 19 á akstursíþróttasvæði B.A.

### Sunnudagur 16. júní

- Götuspyrna kl. 15 á akstursíþróttasvæði B.A.

### Mánudagur 17. júní

- Bílasýning frá kl. 10 til 18 í Boganum við Þórsheimilið.



Frá Bíladögum í fyrra. MYND/AXEL ÞÓRHALLSSON

### Aðrir ótímasettir viðburðir

- Að loknu drifti á laugardagskvöld verður „Live2Cruize" með hitting og skemmtun á driftsvæði B.A.
- Að lokinni götuspyrnu á sunnudag verður „Live2Cruize" með grill og hitting í Kjarnaskógi.
- Spólsvæði verður opið alla dagana á akstursíþróttasvæði B.A. utan þess tíma sem viðburðir eru á svæðinu. Svæðið verður opið frá fimmtudegi til mánudags.

***Nánar á www.ba.is***


10 KR.
AFSLÁTTUR AF ELDSNEYTI Í DAG*
TIL N1 KORTHAFA
SONAX®
DEKRAÐU VIÐ BÍLINN Í JÚNÍ
25% AFSLÁTTUR AF SONAX VÖRUM!
FYLLTU Á TANKINN – BÍLADAGAR Á AKUREYRI UM HELGINA – GÓÐA FERÐ!
R 2290
R 757
V 302
MUSTANG
* Af hverjum eldsneytislítra fimmtudaginn 13. júní. Hefðbundin afsláttarkjör bætast ekki ofan á sértilboð dagsins.
WWW.N1.IS
N1
Meira í leiðinni

# Betri kjör á bílafjármögnun

**Landsbankinn býður upp á** tvær leiðir, bílasamning eða bílalán, til að eignast nýjan eða notaðan bíl, ferðavagn eða vélhjól.

- » **9,4%* óverðtryggðir – breytilegir vextir**
- » **Lægri lántökugjöld**
- » **Allt að 7 ára lánstími**
- » **Lánshlutfall allt að 75%**

Lægri lántökugjöld

9,4%* vextir

**Skilmála og nánari upplýsingar** má finna á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Borgartúni 33.
* Sérkjör til Vörðufélaga. Vextir samkvæmt vaxtatöflu 11. júní 2013.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



# FRÁBÆRT ÚRVAL AF ECCO GÖNGU-SKÓM





Stærðir: 40-47
**Verð kr. 29.995.-**



Stærðir: 40-47
**Verð kr. 33.995.-**



Stærðir: 36-48
**Verð kr. 31.995.-**



Stærðir: 36-46
**Verð kr. 29.995.-**



Stærðir: 36-47
**Verð kr. 26.995.-**



Stærðir: 36-47
**Verð kr. 21.995.-**

**ECCO - KRINGLAN - SÍMI: 553 8050**
STEINAR WAAGE - SMÁRALIND & KRINGLAN
WWW.SKOR.IS

ecco®

## ÁTTA HUNDRUÐ GÖNGULEIÐIR



**Göngum um** Ísland er landsverkefni UMFÍ sem sett var á laggirnar sumarið 2002. Hluti af verkefninu er að halda úti vefsíðunni www.ganga.is. Vefurinn var opnaður árið 2005 og er unninn í samstarfi við ungmennafélög um land allt, Ferðamálaráð og Landmælingar Íslands.

Á heimasíðunni er að finna upplýsingar um 800 gönguleiðir á Íslandi ásamt áhugaverðum fróðleik fyrir göngu- og útivistarfólk. Til dæmis er þar fróðleikur um hvernig best sé að beita líkamanum á göngu:

- Haldið höfðinu hátt en þó afslöppuðu. Hakan á að vera lárétt eða halla örlítið niður að bringunni. Axlir afslappaðar og maginn inndreginn. Verið bein í baki án þess að vera stíf eða sperrt.
- Gleymið ekki önduninni. Andið djúpt niður í maga, inn um nef út um munn.
- Ef þið eruð með bakpoka munið að hafa hann rétt stilltan. Bestu bakpokarnir eru með stillanlegum ólum fyrir mjaðmir og bak. Meginþunginn á að hvíla á mjöðum og því er best að ólin sé vel bólstruð.
- Gott er að teygja á vöðvum eftir göngu en passa skal upp á að líkaminn sé vel heitur.





Fæst í apótekum, Flexor stoðtækjaverslun og Atlas Göngugreiningu.

Heelen

*Hvert sem leið þín liggur*

Heelen er stór íslensk vörulína sem býður uppá einfaldar lausnir við algengum fótavandamálum. Heelen vörurnar má allar þvo og nota aftur og aftur, þær taka ekki óþarfa pláss í skófatnaði, eru afar einfaldar í notkun og koma með góðum íslenskum leiðbeiningum. Ekki þjást að óþörfu, taktu Heelen með í ferðalagið og njóttu dagsins.



*Margnota hlífðarhúð* Með sjálflímandi yfirborði. Hægt að sniða eftir þörfum. þvo og nota aftur og aftur.

*Klædd tábergshlíf* Mjúkur gelpúði hlífir táberginu gegn álagi og núningi.

*Gelhettur fyrir tær* Þunnar til hliðanna en þykkari fremst til að taka við álagi.

*Gelhlíf fyrir hæl* Frábær margnota vörn gegn hælsæri. Mjúkur gelpúði hlífir hæl og hásin.

*Liðhlíf fyrir litlutá* Liggur þétt við fótinn og hlífir gegn núningi frá skófatnaði.

Í samvinnu við Félag íslenskra fótaaðgerðafræðinga

**- láttu þér líða vel**


## ÁRBÓKARFERÐ UM NORÐAUSTURLAND

**Tveggja daga** árbókarferð um Norðausturland verður farin á vegum Ferðafélags Íslands 22. júní. Hjörleifur Guttormsson er fararstjóri ferðarinnar en hann er höfundur Árbókar FÍ 2013. Farið er í ferðina frá flugvellinum á Egilsstöðum og er rúta, gisting og fararstjórn innifalið í verðinu sem er 15.000 krónur.

Ekið er frá Egilsstöðum norður um Vopnafjörð, Langanes, Þistilfjörð, Sléttu, Núpasveit, Öxarfjörð og Hólsfjöll og til baka um þjóðveg 1 til Egilsstaða.



Hjörleifur Guttormsson er fararstjóri ferðarinnar.

Gott er að taka með nesti fyrir báða dagana en kostur gefst til að kaupa hressingu á Vopnafirði (súpa) og kvöldverð og morgunverð á Ytra-Lóni. Hugsanlega einnig léttan miðdegisverð á Hótel Norðurljósum á Raufarhöfn.

Gisting á Ytra-Lóni Langanesi. Árbókarkynning um kvöldið.

Árbókarsvæðið nær meðal annars yfir Vopnafjörð, Langanesströnd, Þórshöfn og Langanes, Þistilfjörð, Melrakkasléttu, Núpasveit, Öxarfjörð og Hólsfjöll. Afréttum og fjalllendi viðkomandi byggðarlags er einnig lýst í árbókinni.

Nánar um ferðina á vef Ferðafélags Íslands.

## GÓÐ UMHIRÐA BORGAR SIG



**Góð umhirða** getur lengt endingartíma skópars svo um munar. Mikilvægt er að verja gönguskó strax og þeir eru teknir í notkun. Eins er mikilvægt að nota rétt efni eftir því sem við á og lesa leiðbeiningar sem fylgja skónum.

**Þrífa skal** gönguskó eftir notkun. Bursta mold og önnur óhreinindi af eða nota til þess volgt vatn og tusku. Skola skóna á eftir með köldu og þurrka þá við stofuhita. Næra verður leðrið svo það þorni ekki upp og springi. Þá verður að vatnsverja leðrið, til dæmis með vaxi eða silíkoni. Vax er gott að bera á þunnt og jafnt yfir skóna með fingrunum en leðrið getur dökknað við meðferðina. Silíkon breytir ekki lit leðursins en nærir það ekki eins og vaxið. Silíkonvörn er best að bera á skóna þegar þeir eru nýir.



Þrífa skal gönguskó eftir notkun.

**Heimild: www.alparnir.is**


**www.gongugreining.is**

**Getum við ekki örugglega gert eitthvað fyrir þig...**



Ætlar þú
**að byrja að hlaupa eða ganga í sumar...**
komdu og við hjálpum þér að velja skó sem henta þínu fótlagi og niðurstigi.

Ert þú
**með verki í skrokknum...**
komdu í göngugreiningu og við balancerum þig af með innleggjum og réttum skóbúnaði.

ecco



**Tímapantanir í síma 55 77 100**

ATLAS GÖNGUGREINING

Engjavegur 6 - 104 Reykjavík - Sími 55 77 100

# VEIÐIPORTIÐ

10 ÁRA

ÚT Á GRANDA

Allt nýjar vörur enginn gömul flot sem eru hætt að fljóta eða gamlar sökkur sem eru hættar að sökkva

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16. **Opið á sunnudögum í allt sumar 10 – 14**

## Jaxon 4 og 5 laga öndunarvöðlur

Engir saumar á innan verðum skálmun góðar sandhlífar, belti,poki og vasi ótrúlega sterkar og góðar vöðlur.
Fullt verð 34.900 kr
Afmælistilboð **24.900 kr**

10.000 KR AFSL.



**Barnavöðlur**
Þessar hafa heldur betur slegið í gegn. hvort sem í veiðina eða leikskólann Aldrei aftur blautir fætur .
Grænar,bleikar, bláar og mosagrænar.
st.22 – 41
Verð frá **9.900 kr**



## Strandveiðisett

14 eða 15 feta Jaxon stöng stórt 6 legu hjól með aukaspólu, 250 m af 80 punda ofurlínu, sökkur og slóðar fylgja. Allt að 200m köst !

Fullt verð
41.750 kr
Afmælistilboð
**31.750 kr**



10.000 KR AFSL.

## Stangartilboð

Jaxon stangar tilboð 7 eða 8 feta spinnstöng 3 legu hjól og lína
Aðeins **5.900 kr.**



TILBOÐ

## Tvíhendu tilboð

Jaxon Eternium 14 feta tvíhenda, stórt large arbour hjól, undirlína og skotlína frá G.loomis.
Fullt verð 43.900 kr.
Afmælistilboð
**33.900 kr**

10.000 KR AFSL.



## Flugustangarsett.

Jaxon XT pro besta stöngin frá Jaxon.
Lína 4, 5, 6, 7, eða 8 large arbour hjól, okkar besta flotlína, undirlina og hólkur. Frábærar stangir sem gefa dýru stöngunum ekkert eftir.
Fullt verð 43.900 kr. Afmælistilboð **33.900 kr**




10.000 KR AFSL.

## Jaxon slöngubátar 50.000 kr afsláttur

50.000 KR AFSL.

290 cm fullt verð 249.000 kr
Afmælisverð **199.000 kr**

320cm fullt verð
289.000 kr
Afmælisverð
**249.000 kr**




Allar nánari uppl.um bátana á **veidiportid.is**

## Ódýrt strandveiðisett

Ódýrt strandveiðisett 14 – eða 15 feta stöng, 6 legu Jaxon hjól 250 metrar af 25 punda girni.
Allt að 120 metra köst gott byrjenda sett. Verð **18.900 kr**



## Ný sending af Polaroid gleraugum

Poki og bönd fylgja öllum gleraugum
Verð frá **3.900 kr**



## Jaxon veiðihjól



Jaxon splendid
8 legu kasthjól, aukaspóla,
2 ára ábyrgð
Fullt verð 8.900 kr
Afmælistilboð **6.900 kr**



Jaxon Ayrton 400 9 legu hjól, aukaspóla ,2 ára ábyrgð
7 ára reynsla á Íslandi fanta gott hjól. Fullt verð 9.900 kr
Afmælis tilboð **7.900 kr**



Jaxon Bossman 4 legu sjóhjól með raðara og teljara. Fullt verð 12.900 kr
Afmælisverð **9.900 kr**

## Flís galli undir veiðigallann

Flís galli undir veiðigallann
Peysa og buxur saman
Verð aðeins **9.900 kr**



Allar nánari upplýsingar á
**veidiportid.is**

## Letingjar og Flökunarhnífar



Góður flökunarhnífur með mjúku blaði og sliðri
Aðeins **2.500 kr**



Fínir letingjar á **500 kr**

## Yukon nætursjónaukar

Nánari uppl. á **veidiportid.is**



10.000 KR AFSL.

Yukon nætursjónauka kitt á haglabyssu 3x42 ,titanium festing, laiser mið mjög léttur
Fullt verð 69.900 kr
Afmælistilboð
**59.900 kr**



Yukon nætursjónaukar á byssur NVRS 2,5 X 50
Fullt verð 118.900 kr
Afmælistilboð
**108.900 kr**

10.000 KR AFSL.



Yukaon Sentinel 3x60
Fullt verð 149.000 kr
Afmælistilboð
**129.000 kr**

20.000 KR AFSL.



**DROTTNINGIN** Silvía drottning ásamt syni sínum Karli Philip prins.



**KRÓNPRINSESSAN** Þau taka við krúnunni, Viktoría og Daníel, ásamt dóttur sinni, Estellu prinsessu.



**Í HESTVAGNI** Ungu brúðhjónin óku um götur Stokkhólms í hestvagni og veifuðu til mannfjöldans.



**FJÖLSKYLDAN** Konungsfjölskyldan saman komin á hallartröppunum.

# PRINSESSUBRÚÐKAUP Í STOKKHÓLMI

**HÁTÍÐ** *Það var mikið um dýrðir í Stokkhólmi síðastliðinn laugardag þegar yngsta dóttir Silvíu og Karls Gústafs, Madeleine, gekk í hjónaband með Bandaríkjamanninum Christopher O´Neill.*

Madeleine er fædd 1982 en elsta systir hennar, Viktoría, fædd 1977, er krónprinsessa. Hún er gift Daníel prins og dóttir þeirra er Estella prinsessa, fædd 2012. Karl Philip prins er miðbarnið, fæddur 1979, en hann er ókvæntur.

Margt fyrirmanna var viðstatt vígsluna sem fram fór í hallarkirkjunni. Konunglegir gestir komu hvaðanæva úr Evrópu. Kóngar og drottningar voru þó víðs fjarri en næsta kynslóð konungborinna mætti. Sendiherrar Norðurlanda mættu í stað þjóðhöfðingja. Ástæðan er sú að Madeleine er síðust í röð konungsfjölskyldunnar til að taka við krúnunni.

Þarna mátti meðal annars sjá Friðrik, krónprins Danmerkur, og konu hans, Mary, Hákon krónprins í Noregi og konu hans, Mette-Marit. Sænska sjónvarpið sýndi beint frá brúðkaupinu, en mikill fjöldi manna hafði safnast saman á götum Stokkhólms til að hylla hin ungu brúðhjón.

**GESTALISTINN**

***Kóngar og drottningar voru víðs fjarri en næsta kynslóð konungborinna mætti. Sendiherrar mættu í stað þjóðhöfðingja enda er Madeleine síðust í röð konungsfjölskyldunnar til að taka við krúnunni.***




Sumarleg!

Toppur á 5.900 kr. - 4 litir
Trefill á 1.890 kr.
Hálsmen á 1.790 kr.
Lokkar á 1.190 kr.

Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516



FLOTT FYRIR 17. JÚNÍ



Túnika 5.000 kr. St. 40-48. 5 litir



Skokkar áður 14.990 Nú 9.990
Margar gerðir



Túnika 7.990 st. 8-16

Sjá fleiri myndir á

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201




**BJÖRK Á HOLLYWOOD BOWL** MYND/DEBI DEL GRANDE

## TILKOMUMIKIÐ HÖFUÐSKRAUT

**Björk Guðmundsdóttir bar tilkomumikinn höfuðbúnað þegar hún kom fram á Hollywood Bowl í Los Angeles í gær.**

**Höfuðskrautið kemur úr nýjustu línu ungs japansks hönnuðar, Maiko Takeda, og er úr gagnsærri filmu alsettri nálum úr silfri.**

**Kjól Bjarkar hannaði listamaðurinn Michael Van der Ham og var kjóllinn hluti af útskriftarverkefni hans úr skólanum Central Saint Martins árið 2009. Innblásturinn að kjólnum fékk hann frá þremur kjólum eftir Andy Warhol frá áttunda áratugnum.**

**Björk og Michael hittust fyrir nokkrum árum og unnu meðal annars saman að hönnun og stíl söngkonunnar á Biophilia-tónleikaferðalagi hennar.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

Óska eftir að kaupa vínyl hljómplötur og playstation leiki. Uppl. í s. 698 8629.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

Til sölu áldokamót ca. 43lm mikið af fylgihl. S: 8472157 eða 004799429062 Kalli

## Vélar og verkfæri

Laser mælitæki í úrvali.
ÍSMAR
Síðumúla 28 - s:5105100
www.ismar.is

## Verslun

Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

2 ára kínverskan faxhund vantar nýtt heimili vegna breyttra aðstæðna. S:897 8952.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug

Leigum út Cessna 152 og 172 gott verð, ekkert klúbbgjald simi 5510880 / 8959028 Flugskóli Helga Jónssonar

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

Til leigu 2 herbergja íbúð á Grandavegi fyrir 55 ára+ með aðgang að mötuneyti, heitum potti, gufubaði o.fl. Leigist rólegum og reglusömum einstakling. Uppl. í s. 661-7000.

Til leigu 5 herb. íbúð í hólahverfi í RVK. Öll þjónusta í nágreni. Leigist á 180þ. á mán. 3 mánaða bankatrygging. S:892 0375.

## Sumarbústaðir



Bjálkahús tilbúið til flutnings til sölu rúmir 100 fm, 2 herbergi, stofa og manngengt milliloft. Óska eftir tilboðum. Upplýsingar í símum 822-3000 og 577-1111.

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

TOPP HESTAR
HESTALEIGA
DREYRAVELLIR 8
S: 557 2208
Bifreiðas.: 864-5588
Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös., allan daginn frá kl. 9-16 með fæði. Aldur 5-12 ára.
Reiðkennari: Lárus Sindri
Uppl. í s. 557 2208 & 895 3588

Glæsilegu vörurnar frá Vanity Fair
Vanity Fair
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
Erum á Facebook
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

**Lítill veitingastaður í miðborginni**
Tekur 28 manns í sæti og er staðsettur við hliðina á hóteli. Er í eigin húsnæði. Fallegur og vel tækjum búinn staður.
Uppl. gefur :
Fyrirtækjasala Ísl. S: 520-3500 www.atv.is

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**SPARAÐU BENSÍN!**
Metan uppfærðu bílinn þinn
Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
bigas
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**
*Viðgerðir og viðhald fasteigna!*
*Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir*
*Veggjakrotsvarnir - Múrverk*
*Fyrirbyggjandi varnir*
**Sími: 565-7070**

*Rafstilling ehf*
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Flugnanet fyrir glugga og hurðir**
Varanleg lausn fyrir heimilið og sumarhúsið.
Snyrtilegt og sérsmíðað eftir máli.
SBD ehf. Sími 895-9801
oskar@sbd.is – www.sbd.is

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

PALLAR.IS
Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar
SALA LEIGA
altrex
KVARNIR
Akralind 8
► www.kvarnir.is ► Sími: 564 6070

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# DÚNDURVERÐ!

**Nýr Haswell örgjörvi kominn á lager. Í tilefni af því bjóðum við geggjað verð á örgjörvum, móðurborðum og öðrum íhlutum!**




## AMD MINI TURN

- CoolerMaster Elite 342 mini turn
- AMD Trinity A4 5300 DualCore
- 4GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 500GB SATA3 diskur
- Radeon HD7540D 2GB skjákjarni
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 8 64bita

**GÓÐ VINNUSTÖÐ**

**AMD TÖLVA 1**

AMD

**69.950**




## INTEL HASWELL TURN

- CoolerMaster Elite 335 midi turn
- Core i5 4430 Haswell 3,2GHz Turbo, QuadCore
- 8GB Dual DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA3 diskur
- Intel HD Graphics skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 8 64bita

**ÖFLUG HEIMILISTÖLVA**

**INTEL TÖLVA HAS1**

intel

**114.950**




## INTEL HASWELL TURN

- CoolerMaster Elite K350 turn
- Core i5 4570 Haswell 3,8GHz Turbo QuadCore
- 8GB Dual DDR3 1600MHz minni
- 1TB SATA3 diskur
- Radeon HD7850 skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 8 64bita

**ÖFLUG LEIKJAVÉL**

**INTEL TÖLVA HAS2**

intel

**159.950**

## LEIKJATURNKASSI




**CoolerMaster HAF 912**

Glæsilegur medium leikjaturnkassi án aflgjafa með 200MM viftu.

**15.750**

## INTEL MÓÐURBORÐ




**MSI H87-G43**

Intel H87 kubbasett, Socket 1150 styður Haswell örgjörva, 4x DDR3 1600, 1x PCI-E 16x slot VGA DVI & HDMI skjátengi, 6x SATA3 Gbit Lan ofl.

**20.950**

## INTEL HASWELL ÖRGJÖRVI




**Intel Core i5 4670**

Nýjasta kynslóð Intel örgjörva er lent., 4 kjarnar, klukkuhraði 3,4GHz, 3,8GHz Turbo mode, kemur í retail pakkningu með kælivifu.

**36.750**

## LEIKJASKJÁKORT




**Geforce N770 Lightning**

Eitt hraðasta skjákortið á markaðnum í dag, 1202 core clock (Boost), 2048 MB GDDR5 7010MHz og Twin Frozr IV kæling.

**84.950**

## 500 W AFLGJAFI




**Coolermaster RS500**

Aflgjafi með fir 85% virkni. Active PFC & PWM Combo Control. Hljóðlát 120mm vifta með hraðastýringu. Green power hönnun. Öflug +12V mótstaða gegn yfirkeyrslu. OCP / OVP / OPP / OTP / SCP.

**8.950**

## 3TB HARÐUR DISKUR




**Seagate 3TB**

3TB SATA3 6Gb/s harður diskur með 64MB cache. 7200rpm.

**22.750**

## FULL HD LED SKJÁR




**AOC E2250SWDA**

Þunnur 21.5" WLED skjár með Full HD 1920x1080 upplausn, 20.000.000:1 í skerpu og 5ms svartími. VGA og DVI tengi.

**21.950**

## FULL HD SPILARI




**AC Ryan Playon PV73500-1TB**

Full HD spilari með WD Greenpower diski. USB2 box sem tengist við sjónvarp án tölvu með HDMI, Component, S-video eða Composite.

**34.950**

**@tt.is** *Allt tölvutengt á betra verði*

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR **AÐEINS KR. 950** HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

**@tt.is** *Allt tölvutengt á betra verði*




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 5 | | | 6 |
| | | 5 | 9 | 6 | | | | |
| 8 | | 3 | | | 2 | | 5 | |
| 3 | 7 | 1 | | 5 | | | | |
| 4 | | | 2 | | 9 | | 6 | |
| | | 6 | 3 | 8 | | | | |
| | | | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | |
| | 3 | | 7 | | | 5 | 1 | |
| | | | | | | | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 6 | 9 | 3 | |
| 6 | 8 | | | 5 | | | | 4 |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| 7 | 2 | | 6 | | | 4 | | |
| 5 | 6 | 8 | 9 | | | 1 | | |
| | | | | 1 | 2 | | 8 | |
| 4 | | | | | 5 | | | 1 |
| 8 | | 7 | | | | 6 | | |
| | | | 4 | 9 | | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | 1 | | 8 | |
| 5 | 8 | | | | | 9 | | 1 |
| | | 2 | 3 | | | | | |
| 4 | 5 | | | | | | | |
| | | | | | | | 1 | |
| | | 3 | | 9 | 7 | 2 | | |
| | 3 | 6 | | 2 | | | 9 | |
| | 9 | | | 4 | | 3 | | |
| | | 8 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 5 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 | 6 | 5 |
| 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 5 | 4 | 9 | 2 | 1 |
| 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 6 |
| 4 | 6 | 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 |
| 3 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 4 | 8 | 1 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 8 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 9 | 8 | 6 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 7 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 4 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Munurinn á mér og andlega veikum manni er að ég er ekki andlega veikur.“

*Salvador Dali*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** hljóðfæri **6.** skóli **8.** skarð **9.** pfn. **11.** tveir eins **12.** enn lengur **14.** gimsteinn **16.** hvað **17.** tálbeita **18.** kærleikur **20.** átt **21.** högg.

**LÓÐRÉTT**
**1.** útmá **3.** rún **4.** líkamlegt afl **5.** kraftur **7.** kvængast **10.** kvk nafn **13.** herma **15.** sníkjur **16.** rámur **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** túba, **6.** fg, **8.** rof, **9.** mig, **11.** ll, **12.** áfram, **14.** tópas, **16.** ha, **17.** agn, **18.** ást, **20.** na, **21.** stuð.
**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** úr, **4.** bolmagn, **5.** afl, **7.** giftast, **10.** gró, **13.** apa, **15.** snap, **16.** hás, **19.** tu.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Hinn 10 ára Vignir Vatnar Stefánsson fékk sérstök stigaverðlaun á Íslandsmótinu í skák. Í fimmtu umferð vann hann landsliðskonuna Hallgerði Helgu Þorsteinsdóttur laglega.**



**Svartur á leik** 33...Hb2! Tryggir svörtum hjartnær unnið tafl því eftir 34. Hxb2 Dxb2 ræður hvítur ekki við hótanirnar 35...Dxa3 og 35...Bxc3 ef hrókurinn færir sig. Hvítur reyndi 34. Ha1 Dc2 35. Hd1 en tapaði manni eftir 35...Bxc3!

**www.skak.is.** Tal Memorial. Carlsen, Kramnik og Anand taka þátt.

# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM




**ENN BETRA VERÐ**

### 16GB MINNISLYKILL

Örsmár og sérlega glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**1.990**

4GB 990 • 8GB 1.490 • 32GB 4.990

**AÐEINS 147gr**

### 500GB FLAKKARI

Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Diamond USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!

**9.990**

1TB 14.900 | 1.5TB 24.900

**SUMAR GRÆJAN**
BeBook lestölvan er málið :)

LES ÍSLENSKAR OG ERLENDAR RAFBÆKUR

### PURE LESTÖLVA

6" E-Ink lestölvan er fislétt og örþunn, aðeins 188gr og 8mm, geymir allt að 4000 bækur

**19.900**

M/SNERTISKJÁ OG WIFI 29.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA



**ÞAU BESTU** Allir verðlaunahafarnir á Grímuhátíðinni í gær voru hylltir í lok verðlaunaafhendingarinnar í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Macbeth valin sýning ársins

Verðlaun skiptust nokkuð jafnt á milli verka á Grímuhátíðinni í gær. Macbeth fékk flest verðlaun allra sýninga, alls fern, þar á meðal sem sýning ársins. Englar alheimsins hlutu þrenn verðlaun. Kristbjörg Kjeld var valin leikkona ársins í aðalhlutverki annað árið í röð. Ragnar Bragason var valinn leikstjóri ársins fyrir frumraun sína á sviði og Gunnar Eyjólfsson var heiðraður fyrir framlag sitt til leiklistar.

**Bergsteinn Sigurðsson**
bergsteinn@frettabladid.is



Ekkert verk skaraði fram úr á Grímuverðlaununum, sem veitt voru við hátíðlega athöfn í Þjóðleikhúsinu í gær. Til marks um jafna skiptingu féllu verðlaunin í flokkum sýningar ársins, leikrits ársins og fyrir leikara og leikonu í aðal- og aukahlutverkum öll sitt hverri sýningunni í hlut.

Macbeth dró vagninn með fern verðlaun, þar á meðal sem sýning ársins en einnig fékk það verðlaunin fyrir lýsingu, tónlist og hljóðmynd. Englar alheimsins hlutu þrenn verðlaun; sem leikrit ársins og fyrir búninga og leikmynd. Þetta kemur óneitanlega á óvart. Margir spáðu Englunum meiri velgengni á Grímuverðlaunahátíðinni; verkið hefur fengið lofsamlega dóma og góða aðsókn og fékk flestar Grímutilnefningar, alls níu.

Macbeth var aftur á móti umdeildara og særði meðal annars fram ritdeilu milli þeirra Hallgríms Helgasonar rithöfundar og Jóns Viðars Jónssonar, leiklistargagnrýnanda DV, fyrr á árinu. Samstarf Þjóðleikhússins og Andrews við uppsetningu á Shakespeare hefur hins vegar reynst farsælt, en Lér konungur hlaut flest verðlaun á Grímunni 2011, alls sex.

Það voru mestmegnis gamalkunn andlit sem stigu á svið í Þjóðleikhúsinu í gærkvöldi. Kristbjörg Kjeld hlaut verðlaun fyrir leik í aðalhlutverki annað árið í röð fyrir Jónsmessunótt Hávars Sigurjónssonar. Ólafur Darri var valinn leikari ársins í aðalhlutverki fyrir Mýs og menn. Þetta er í fyrsta sinn sem hann hlýtur verðlaunin í þessum flokki en hann hefur tvívegis verið verðlaunaður fyrir leik í aukahlutverki.

Brynhildur Guðjónsdóttir var valin leikkona ársins í aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í Gullregni. Þetta eru fjórðu Grímuverðlaunin sem Brynhildur hlýtur fyrir leik, tvö fyrir aðalhlutverk og tvö fyrir auka.

Eini leikarinn til að taka við verðlaunastyttu í fyrsta sinn, var Hilmar Guðjónsson.

Ragnar Bragason, sem hlotið hefur einna flest Edduverðlaun, bætti fyrstu Grímunni í safnið í gær en hann var valinn leikstjóri ársins fyrir frumraun sína á leiksviði, Gullregn.

Vytautas Narbutas hlaut einnig sín fyrstu Grímuverðlaun fyrir leikmynd í Englum alheimsins. Filippía I. Elísdóttir hlaut verðlaun fyrir búninga í sömu sýningu en þetta er í fimmta sinn sem hún hlýtur Grímuverðlaunin.

Gunnar Eyjólfsson var heiðraður fyrir framlag sitt til leiklistar. Þá hlaut Kristján Ingimarsson og leikhópur hans, Neander, sprotann fyrir uppfærsluna á verkinu Blam! í samstarfi við Borgarleikhúsið.

Alls hlutu sýningar Þjóðleikhússins átta verðlaun á móti fimm verðlaunum sem runnu til Borgarleikhússins, fyrir utan samstarfssýningar.

bergsteinn@frettabladid.is

## Handhafar Grímunnar 2013

**Sýning ársins**
**MACBETH**
*William Shakespeare*
Sviðsetning **Þjóðleikhúsið**
Leikstjórn **Benedict Andrews**
Þýðing **Þórarinn Eldjárn**

**Leikrit ársins**
**ENGLAR ALHEIMSINS**
Sviðsetning **Þjóðleikhúsið**
Leikstjórn **Þorleifur Örn Arnarsson**
Leikgerð **Þorleifur Örn Arnarsson** og **Símon Birgisson**
Byggt á skáldsögu eftir **Einar Má Guðmundsson**

**Leikstjóri árins**
**Ragnar Bragason** fyrir Gullregn í sviðsetningu Borgarleikhússins.

**Leikari ársins í aðalhlutverki**
**Ólafur Darri Ólafsson** fyrir Mýs og menn í sviðsetningu Borgarleikhússins.

**Leikkona ársins í aðalhlutverki**
**Kristbjörg Kjeld** fyrir Jónsmessunótt í sviðsetningu Þjóðleikhússins

**Leikari ársins í aukahlutverki**
**Hilmar Guðjónsson** fyrir hlutverk sitt í verkinu Rautt í sviðsetningu Borgarleikhússins.

**Leikkona ársins í aukahlutverki**
**Brynhildur Guðjónsdóttir** fyrir hlutverk sitt í verkinu Gullregn í sviðsetningu Borgarleikhússins

**Leikmynd ársins**
**Vytautas Narbutas** fyrir Engla alheimsins.

**Búningar ársins**
**Filippía I. Elísdóttir** fyrir Engla alheimsins.

**Lýsing ársins**
**Halldór Örn Óskarsson** fyrir Macbeth.

**Tónlist ársins**
**Oren Ambarchi** fyrir tónlist í leiksýningunni Macbeth.

**Hljóðmynd ársins**
**Kristinn Gauti Einarsson** og **Oren Ambarchi** fyrir hljóðmynd í leiksýningunni Macbeth í sviðsetningu Þjóðleikhússins

**Söngvari ársins**
**Alina Dubik** fyrir hlutverk sitt í óperunni Il Trovatore í sviðsetningu Íslensku óperunnar.

**Dansari ársins**
**Aðalheiður Halldórsdóttir** fyrir hlutverk sitt í dansverkinu Walking Mad í sviðsetningu Íslenska dansflokksins

**Danshöfundur ársins**
**Katrín Gunnarsdóttir** og **Melkorka Sigríður Magnúsdóttir** fyrir kóreógrafíu í dansverkinu Coming Up í sviðsetningu Íslensku hreyfiþróunarsamsteypunnar

**Útvarpsverk ársins**
**Opið hús** eftir Hrafnhildi Hagalín í leikstjórn Kristínar Eysteinsdóttur. Framleitt af Útvarpsleikhúsinu á RÚV.

**Sproti ársins**
**Kristján Ingimarsson** og **Neander** fyrir uppfærsluna á verkinu Blam! í sviðsetningu Neander og Borgarleikhússins

**Heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands**
**Gunnar Eyjólfsson** fyrir ævistarf í þágu sviðslista á Íslandi



**HEIÐRAÐUR** Gunnar Eyjólfsson fékk heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands fyrir ævistarf sitt í leikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



ENGLAR ALHEIMSINS



GULLREGN



MÝS OG MENN



JÓNSMESSUNÓTT



RAUTT



BLAM!

# netto
Kræsingar & kostakjör



## NAUTAINNRALÆRI
FERSKT

**2.499**
ÁÐUR 3.845 KR/KG

**35% AFSLÁTTUR**

GRÍSAKÓTELETTUR
HUNANGS
GOÐI
**1.793**
ÁÐUR 2.359 KR/KG



**24% AFSLÁTTUR**

KJÚKLINGUR
OKKAR - HEILL
**759**
ÁÐUR 949 KR/KG



BBQ
LAMBALÆRISSNEIÐAR
**1.897**
ÁÐUR 2.285 KR/KG



KJÖTSEL

LAMBALÆRI
ÍSLANDSKRYDDAÐ
**1.390**
ÁÐUR 1.598 KR/KG



KJÖTSEL

VÍKINGASTEIK
KJARNAFÆÐI
**1.490**
ÁÐUR 1.795 KR/STK



RELENTLESS
ORKUDRYKKUR
**187**
ÁÐUR 249 KR/STK
500 ML




EMERGE
ORKUDRYKKUR
**79**
ÁÐUR 119 KR/STK
250 ML

KAFFI
X-TRA
**296**
ÁÐUR 389 KR/PK




**24% AFSLÁTTUR**

KREMKEX
X-TRA - SÚKKUL.
**249**
ÁÐUR 289 KR/PK




KEX
X-TRA
SÚKKUL. BITA
**108**
ÁÐUR 135 KR/PK




KLEINUHRINGUR
SÚKKULAÐI
**95**
ÁÐUR 189 KR/STK



**50% AFSLÁTTUR**

MASSARÍNA
KRISTJÁNS
**659**
ÁÐUR 1.098 KR/PK




**40% AFSLÁTTUR**

**Tilboðin gilda 13. - 17. júní**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Hér þrífst engin fegurð

BÆKUR ★★★★☆

**Djöflatindur**

Deon Meyer. Þórdís Bachmann þýddi.

**TINDUR**




Suðurafrískar skáldsögur rekur ekki á fjörur íslenskra lesenda á hverjum degi, hvað þá magnaða krimma sem allt í senn segja mergjaða glæpasögu, byggja á sterkum persónum og endurspegla hitann, rykið, örbirgðina og vonleysið sem hinn venjulegi suðurafríski borgari upplifir á hverjum degi. Ein slík er þó nýlega komin út hjá bókaútgáfunni Tindi og er það svo sannarlega lofsvert framtak.

Djöflatindur eftir Deon Meyer er mögnuð lesning sem stenst allar kröfur sem hægt er að gera til spennusagna og gott betur. Norrænu glæpasögurnar sem hér hafa riðið húsum undanfarin ár blikna fullkomlega í samanburði.

Meyer stillir hér ekki upp neinni ofurlöggu sem þrátt fyrir vandræði í einkalífinu er klárari en fjandinn sjálfur og sér við öllum klækjum glæpamannsins. Fyrir það fyrsta er löggan hér, Benny Griessel, langt genginn alkóhólisti sem er að berjast við að verða edrú og eftir því illa á sig kominn andlega og líkamlega. Í öðru lagi er hann mannlegri en flestar löggur glæpabókmenntanna og klúðrar hlutum fram og til baka, án þess að það leiði til þess að hann af brilljans sínum leysi gátuna.

Í öðru lagi fer hér fram sögu þriggja einstaklinga út frá sjónarhóli þeirra sjálfra. Thobela Mpayipheli er svartur fyrrverandi lífvörður glæpabaróns sem verður fyrir því að sonur hans er skotinn fyrir slysni í bensínstöðvarráni og grípur til sinna ráða þegar ræningjarnir/morðingjarnir sleppa án sakfellingar fyrir rétti. Lesandinn fær að fylgjast með ferli hans sem morðingja frá fyrstu hendi og spennan liggur því ekki í því að finna hefnarann sem tekur að stráfella fólk sem gert hefur börnum miska, heldur í því að fylgjast með Thobela missa tökin og prinsippin þar til í óefni er komið.

Þriðji sögumaðurinn er vændiskonan Christine sem segir sögu sína í formi skrifta fyrir presti og lesandinn er aldrei alveg með á hreinu hvað hún spinnur upp og hvar sannleikurinn liggur. Leiðir þessa þriggja persóna liggja síðan saman í tilraun Griessels til að stöðva drápsæði Thobela með ófyrirséðum afleiðingum fyrir þau öll.

Allar þessar persónur eru fádæma vel dregnar og þótt engin þeirra sé sérlega geðfelld heldur lesandinn meira og minna með þeim öllum og vill kannski bara alls ekkert að málið leysist. Sterkustu áhrif sögunnar liggja þó í lýsingum höfundar á þeim aðstæðum og andrúmslofti sem Suður-Afríka býður íbúum sínum upp á. Hitinn, rykið, dópið, glæpirnir, virðingarleysið fyrir mannslífunum, allt kemst þetta firnavel til skila og á köflum nær frásögnin slíkum tökum á lesandanum að hann verður steinhissa á að ranka við sér í íslenskum rigningarsudda.

Plottið er flókið, enda þrjú mismunandi glæpamál í gangi, en spennan myndast fyrst og fremst í persónusögum þessara þriggja einstaklinga og því sem þær þurfa að gera til að lifa af við þessar aðstæður. Mögnuð lestrarupplifun.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Kynngimagnaður krimmi úr framandi veröld sem nær heljartökum á lesandanum. Sennilega besta glæpasagan á íslenska markaðnum í dag.

# Rautt er litur kynlífs – og hærra verðs

Því meira sem er af rauðum lit í málverkum, þeim mun hærra verð fæst fyrir þau. Þetta kemur fram í viðtali við Philip Hook, listfræðing hjá Sotheby´s-uppboðshúsinu, í The Times í gær. Engin furða að verk Marks Rothko slái sölumet.

Kynlíf selur. Um það velkist enginn í vafa. Og rautt er litur kynlífsins, í lífinu jafnt og listinni, eins og Jonathan Jones, myndlistargagnrýnandi og höfundur bókarinnar Loves of the Artists, bendir á í bráðskemmtilegum pistli í The Guardian í gær. Hann bendir á að rauðir kjólar þyki kynæsandi, kynlífshverfi borga séu gjarnan kölluð rauða hverfið og að konur auki kynþokka vara sinna með rauðum lit. Það ætti því ekki að þurfa að koma neinum á óvart að því rauðari sem myndverk séu því meira höfði þau til kynhvatar kaupenda og því hærra verð séu þeir tilbúnir að greiða fyrir verkin.

Jones bendir enn fremur á að í listinni sé rauði liturinn enn tengdari kynlífi en í lífinu sjálfu og tekur nokkur dæmi því til stuðnings. Vændiskonan María Magðalena sé til dæmis iðulega rauðklædd í málverkum og Titian hafi gengið enn lengra með því að gera hana rauðhærða í hinu fræga verki Noli Me Tangere. Hann nefnir Caravaggio og Degas einnig til sögunnar sem meistara þess að láta rauða litinn endurspegla kynferðislega undirtóna í verkum sínum og klykkir út með sögu af Mark Rothko sem að hans sögn heillaðist svo af rauðum vegg í gleðihúsi í Pompei að hann notaði rauða litinn óspart í verkum sínum upp frá því. Rothko hefur fengið hærra verð fyrir verk en nokkur annar myndlistarmaður og Jones þykir það fullkomlega skiljanlegt: „Þegar ég sé þessi hárauðu verk í Tate Modern finnst mér þau ólýsanlega sexý, þrátt fyrir tilvistarlegan drunga þeirra. Ég myndi borga hvað sem væri fyrir þau."

fridrikab@frettabladid.is



**MARK ROTHKO**
„Þegar ég sé þessi hárauðu verk í Tate Modern finnst mér þau ólýsanlega sexý ..."
Jonathan Jones



**DEGAS**

➜ Því rauðari sem myndverk eru, þeim mun meira höfða þau til kynhvatar kaupenda.



**CARAVAGGIO**




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 13. JÚNÍ 2013**

**Tónlist**

**12.00 Hilmar Örn Agnarsson**, organisti Grafarvogskirkju, leikur í Hallgrímskirkju ásamt Björgu Þórhallsdóttur sópransöngkonu. Tónleikarnir, sem eru hluti af tónleikaröðinni Alþjóðlegt orgelsumar, standa í u.þ.b. hálfa klukkustund. Aðgangseyrir er 1.700 kr.

**21.00** Edgar Smári og hljómsveit skemmta á Café Rosenberg.

**22.00** Þórður Árnason gítarleikari verður heiðursgestur á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg. Auk hans koma fram Karl Pétur Smith, Magnús Einarsson og Tómas Tómasson.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



# TRYLLT

# TÖSKUÚTSALA

# GRIFFILS




## 5 - 70%

## afsláttur af bakpokum og skólatöskum

**13 - 23 júní**

**Opnunartími Griffils**

*Alla virka daga*
*frá 10 til 19*

*Laugardaga*
*frá 11 til 19*

*Sunnudaga*
*frá 13 til 19*

**GRIFFILL**
ALLTAF ÓDÝR

SKEIFUNNI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 5331010



## TÓNNINN GEFINN

Kjartan Guðmundsson

# Stingur í augu og eyru

Ein af þeim grúppum sem eru í þann mund að vaða í festivala-sumarrúntinn um Evrópu og víðar er hin erkiameríska Jimmy Eat World, band sem hefur skotið upp kollinum reglulega síðustu tuttugu árin með fremur þreytulegt háskólarokk og er kannski helst þekkt fyrir síbyljukennda smellinn The Middle („Everything, everything will be alright, alright“) sem reið húsum í upphafi aldarinnar. Undirritaður hefur þó alla tíð eingöngu haft áhuga á Jimmy Eat World vegna nafns hljómsveitarinnar, sem hlýtur að vera það allra versta sem heyrst hefur á byggðu bóli í gervallri sögu mannkyns. Í rauninni er verðugt rannsóknarefni fyrir hvers kyns fræðimenn að kanna hvernig í ósköpunum er mögulegt að láta sér detta slíkan óskapnað í hug.



Jimmy Eat World. Þetta hljómsveitarnafn hefur ekkert við sig, er hvorki fyndið né frumlegt, felur ekki í sér vott af reisn (sem er reyndar býsna viðeigandi í tilfelli þessarar ákveðnu sveitar) og er ekki lýsandi fyrir eitt né neitt. Aldrei. Á tímabili voru uppi sögusagnir um að skammstöfunin, J.E.W., væri vísun til þeirrar trúar sem meðlimir bandsins aðhyllast en þær gróusögur reyndust argasta bull og vitleysa, rétt eins og fáránleg nafngiftin. Svei mér þá ef „Blubbs“ væri ekki hentugra nafn á hljómsveit. Það hefur þó einhvers konar skírskotun (fyrir suma).

En auðvitað er nóg til af martraðakenndum hljómsveitanöfnum um allan heim. Í könnun Fréttablaðsins fyrir nokkrum misserum völdu álitsgjafar Pláhnetu Stebba Hilmars og félaga versta íslenska nafnið, en skammt á hæla þess fylgdu Soðin fiðla, Klamedía X, 8-villt, Gildrumezz og fleiri, og að sönnu er nærri ómögulegt að ímynda sér nokkurt þessara banda sigrandi heiminn með tónlist sinni.

Þess vegna er ótrúlegt til þess að hugsa hvernig sumir, eins og meðlimir téðrar Jimmy Eat World, hafa sloppið með að velja hljómsveitum sínum ömurleg nöfn og fengið fjölda fólks til að líta fram hjá hryllingnum. Sigur Rós er til að mynda hræðilegt nafn. Líka Three Doors Down, Beady Eye, Hoobastank og Ned‘s Atomic Dustbin, sem hafa selt glás af plötum. The Beatles er meira að segja glataður fimmaur sem hefði ekki átt að fá að lifa lengur en einn konsert í Cavern-klúbbnum. „Gott kvöld, Madison Square Garden! Bjóðið velkomin á svið: Sixpence None the Richer!“ Þetta hefði alls ekki átt að ganga en gerði það samt. Aldrei segja aldrei.

## Í spilaranum





**Sigur Rós** - Kveikur
**Amiina** - The Lighthouse Project
**Botnleðja** - Pegar öllu er á botninn hvolft



**MADLIB** Quasimoto er annað sjálf Kaliforníubúans Madlib. Fyrsta platan, sem kom út um aldamótin, vakti mikla athygli. NORDICPHOTOS/GETTY

# Quasimoto snýr aftur

Quasimoto, hugarfóstur rapparans og upptökustjórans Madlib, sendir frá sér Yessir Whatever, sína þriðju plötu á þriðjudag. Átta ár eru liðin frá síðustu plötu.

Margir aðdáendur hipphopp-tónlistar glöddust innilega þegar út spurðist fyrir skemmstu að von væri á nýrri plötu frá Quasimoto, teiknuðu öðru sjálfi pródúsersins Madlib, en sá heitir í raun Otis Jackson Jr., er uppalinn í Kaliforníu Bandaríkjanna og stendur á fertugu. Átta ár eru síðan sá teiknaði sendi síðast frá sér efni (The Further Adventures of Lord Quas frá 2005) en frumraun hans, The Unseen, kom út árið 2000 og vakti gríðarlega lukku. Tónlistartímaritið Spin valdi hana sem eina af bestu plötum ársins og Madlib þótti líka forsjáll í þeirri aðgerð að gera teiknimyndapersónu að andliti músíkatriðis – nokkuð sem Damon Albarn lék eftir með Gorillaz með góðum árangri örskömmu síðar.

Fljótlega kom í ljós að nýja platan frá Quasimoto, Yessir Whatever, er nokkurs konar safnskífa með lögum sem orðið hafa til á síðustu tólf árum. Nokkur þeirra eru löngu ófáanlegar b-hliðar en önnur hafa aldrei komið út áður og eru hljóðblönduð í fyrsta sinn á plötunni. Því má í raun með ágætis móti kalla Yessir Whatever nýja plötu frá hinum ímyndaða rappara.

Madlib, skapari Quasimoto (sem minnir meira en lítið á hina ástsælu tuskubrúðu ALF úr sjónvarpsþáttum níunda áratugarins, en ávallt með rauðan múrstein í hendi), hefur verið afkastamikill upptökustjóri frá því í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar og starfaði meðal annars með Alkaholiks og J Dilla áður en hann sendi frá sér The Unseen. Sjálfur rappar Madlib líka í lögum sem gefin eru út undir nafni Quasimoto, en þá sem hjálparhella þess teiknaða sem er öllu æstari, með hvella rödd og leyfir sér að segja ýmislegt sem upptökustjóranum dytti aldrei í hug.

Yessir Whatever kemur út næsta þriðjudag en þegar hafa birst nokkrir dómar um plötuna í erlendum vefmiðlum. Flestir eru þeir jákvæðir, þótt mörgum þyki verkið ekki jafnast á við tvær fyrri plötur Quasimoto. Þá eiga dæmendurnir flestir sameiginlegt að bíða spenntir eftir annarri „alvöru“ nýrri plötu frá Quasimoto og vonast til að ekki líði önnur átta ár þar til slík lítur dagsins ljós.

kjartan@frettabladid.is

## Teiknuð innyfli



Umslag Yessir Whatever með Quasimoto, sem kemur út á þriðjudaginn, skartar límmiða með mynd af hinni teiknuðu hetju. Þegar límmiðinn er plokkaður af koma í ljós beinagrind og innyfli, svo eflaust koma einhverjir til með að halda miðanum á.

## 6.6.2013 → 12.6.2013



### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | **Daft Punk / Pharrell** | **Get Lucky** |
| ▲ | 2 | Robin Thicke | *Blurred Lines* |
| ▲ | 3 | Emmelie de Forest | *Only Teardrops* |
| ▼ | 4 | Justin Timberlake | *Mirrors* |
| ▲ | 5 | Pink / Nate Ruess | *Just Give Me a Reason* |
| ▲ | 6 | Valdimar | *Beðið eftir skömminni* |
| ▲ | 7 | Christina Aguilera / Pitbull | *Feel This Moment* |
| ▼ | 8 | Capital Cities | *Safe and Sound* |
| ▲ | 9 | Macklemore & Ryan Lewis | *Can't Hold Us* |
| ▼ | 10 | Bruno Mars | *Treasure* |



### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ýmsir | *Tíminn flýgur áfram* |
| ▼ | 2 | **KK & Maggi Eiríks** | **Úti á sjó** |
| ▼ | 3 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▲ | 4 | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music* |
| ▼ | 5 | Daft Punk | *Random Access Memories* |
| ▲ | 6 | Of Monsters and Men | *My Head Is an Animal* |
| ▼ | 7 | Ýmsir | *Pottþétt 59* |
| * | 8 | Amiina | *The Lighthouse Project* |
| ▼ | 9 | Ýmsir | *Eurovision Song Contest 2013: Malmö* |
| * | 10 | Mezzoforte | *Islands* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.


FAGOR UPPÞVOTTAVÉLAR

30% AFSLÁTTUR!

FAGOR UPPÞVOTTAVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI!

FAGOR 1LF-017S
VERÐLISTAVERÐ
KR: 157.789.-
TILBOÐSVERÐ
KR: 110.452.-



FAGOR 1LF-017SX
VERÐLISTAVERÐ
KR: 159.000.-
TILBOÐSVERÐ
KR: 111.300.-



GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
RÖNNING
Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími: 562 4011
Akureyri • Draupnisgata 2 • Sími: 4600 800
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020
5 ÁRA ÁBYRGÐ

iRobot
RYKSUGUVÉLMENNI
ÞÚ SPARAR 7.000
ROOMBA 630
VERÐ ÁÐUR ...... 69.995
TILBOÐSVERÐ .... 62.995
ÞÚ SPARAR ......... 7.000
# 6574263O

25%
PHILIPS
TAKMARKAÐ MAGN
VERÐ ÁÐUR ...... 22.499
TILBOÐSVERÐ .... 16.874
ÞÚ SPARAR ......... 5.625
# 63372101

50%
XTRA LANGUR
GRILLBURSTI
VERÐ ÁÐUR ........ 1.499
TILBOÐSVERÐ .......... 749
# 63372101

BRÚÐARGJAFALISTI
GLÆSILEGIR VINNINGAR
INNEIGN & GÓÐGERÐARMÁL
Kannaðu málið
Vinningar 355.174

# MÖGNUÐ TILBOÐ
AÐEINS Í NOKKRA DAGA
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
VEFVERSLUN
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

43%
KJÚKLINGA STANDUR
VERÐ ÁÐUR ........ 3.499
TILBOÐSVERÐ ...... 1.999
ÞÚ SPARAR ......... 1.500
# 50651333

40%
FÁNINN 90x150CM
VERÐ ÁÐUR ........ 1.649
TILBOÐSVERÐ .......... 990
# 16850832

21%
FORERUNNER FR10
HLAUPAÚR • 3 LITIR
VERÐ ÁÐUR ...... 23.900
TILBOÐSVERÐ ..... 18.900
ÞÚ SPARAR ......... 5.000
# 54003903

30%
GRILLPYLSUTÖNG
VERÐ ÁÐUR ............ 499
TILBOÐSVERÐ .......... 349
# 63372920

20%
ALLAR BORÐVIFTUR
VERÐ FRÁ 3.999

50%
GASTROMAX PLAST OSTASKERI
VERÐ ÁÐUR ............ 999
TILBOÐSVERÐ .......... 499
# 42111600

GARMIN
GPSTÆKI
20%
NUVI 40 LM
LEIÐSÖGUTÆKI
LÍFSTÍÐAR UPPFÆRSLA Á KORTI • 4,3" SNERTISKJÁR
VERÐ ÁÐUR ... 29.900 • TILBOÐSVERÐ ... 23.900 • ÞÚ SPARAR ... 6.000
# 54099018

KitchenAid
MATREIÐLUBÓK AÐ VERÐMÆTI 4.890 FYLGIR MEÐ
ÞÚ SPARAR 8.500
HVÍT
VERÐ ÁÐUR ...... 84.990
TILBOÐSVERÐ .... 76.490
ÞÚ SPARAR ......... 8.500
LITUÐ
VERÐ ÁÐUR ...... 87.990
TILBOÐSVERÐ .... 79.490
ÞÚ SPARAR ......... 8.500
# 69001001

ALLAR KÆLITÖSKUR
MIKIÐ ÚRVAL
35%
COOLER
VERÐ FRÁ 1.299

KAI
Pure Komachi 2
Litaða Kai hnífalínan frá Japan sem slegið hefur í gegn á Íslandi. Kai hefur framleitt hnífa í yfir 100 ár.
ÖLL LÍNAN 20% AFSLÁTTUR
Verð frá 2.399 til 3.599

26%
VÖFFLUJÁRN
EKTA BELGÍSKAR
VERÐ ÁÐUR ........ 9.499
TILBOÐSVERÐ ...... 6.999
ÞÚ SPARAR ......... 2.500
# 65009045

GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
REMOVES UP TO 42% OF FAT
Russell Hobbs
25%
HEILSUGRILL FAMILY
VERÐ ÁÐUR ................ 19.999
TILBOÐSVERÐ ............ 14.999
ÞÚ SPARAR .................... 5.000
# 65087056
29%
HEILSUGRILL COMPACT
VERÐ ÁÐUR ................ 13.999
TILBOÐSVERÐ ................ 9.999
ÞÚ SPARAR ...................... 4.000
# 65085056

35%
SUMAR KARAFLA
FULLT VERÐ ............... 1.299
TILBOÐSVERÐ ............... 849
# 63361180

40%
4 KOKTEILSGLÖS & KOKTEILHRISTARI
FULLT VERÐ ............... 4.999
TILBOÐSVERÐ ........... 2.999
ÞÚ SPARAR ............... 2.000
# 42208928

35%
SAFTFLASKA 1L
VERÐ ÁÐUR ........ 1.299
TILBOÐSVERÐ .......... 849
# 63361230

40%
SÓLARORKU LUGT
SKEMMTILEG OG ÓDÝR VARA
VERÐ ÁÐUR ........ 2.499
TILBOÐSVERÐ ...... 1.499
ÞÚ SPARAR ......... 1.000
# 63364690

27%
GRILLGRIND MEÐ HANDFANGI
VERÐ ÁÐUR ........ 2.749
TILBOÐSVERÐ ...... 1.999
# 63371503



**YFIRBURÐIR** Níu af tíu launahæstu leikkonunum í Hollywood árið 2012 voru 37 ára eða eldri.

# Fertugar leikkonur með yfirburði

## Eru valdar í hlutverkin fram yfir þær yngri.



Sú mýta hefur lengi loðað við Hollywood að þegar leikkonur skríða yfir 35 ára aldurinn fari hlutverkunum fækkandi. Tímaritið „The Hollywood Reporter“ fjallaði um efnið í vikunni og segir að nú sé annað uppi á teningnum. Á síðasta ári voru níu af tíu launahæstu leikkonunum í Hollywood 37 ára eða eldri, en þar má telja þær Söndru Bullock, Meryl Streep og Angelinu Jolie. Bent er á að handritshöfundarnir Tina Fey, Amy Poehler, Sarah Polley, Mindy Kaling, Lena Dunham og Kristen Wiig, sem bæði skrifaði og lék aðalhlutverkið í hinni stórskemmtilegu Bridesmaids, skrifi kvenhlutverkin eftir sínu eigin höfði og ekki eftir því hvort leikkonurnar teljast kynverur eða ekki. Einnig er talað um að lýtaaðgerðir hljóti að hafa sitt að segja, en sumar leikkonur í Hollywood taka varla útlitsbreytingum svo árum skiptir sökum botox-aðgerða.



**SÆKJA UM HJÁ GOOGLE** Þeir Owen Wilson og Vince Vaughn fara með hlutverk þeirra Billys og Nicks sem sækja um lærlingsstöðu hjá tölvurisanum Google.

# Grínmynd um Google

## Gamanleikararnir Vince Vaughn og Owen Wilson fara með aðalhlutverk í kvikmyndinni The Internship sem frumsýnd var í vikunni.

Gamanmyndin The Internship var frumsýnd í vikunni. Það eru þeir Vince Vaughn og Owen Wilson sem fara með aðalhlutverkin en þeir léku einnig saman í gamanmyndinni Wedding Crashers sem kom út árið 2005. The Internship fjallar um félagana Billy og Nick sem eru reknir úr störfum sínum sem sölumenn og þurfa að hugsa sér til hreyfings. Billy, sem leikinn er af Vince Vaughn, sækir um lærlingsstöðu hjá Google fyrir þá félagana þrátt fyrir að hafa nánast enga kunnáttu á nútímatækni. Þeir eru ráðnir í störfin og eyða sumrinu í liðakeppni með öðrum lærlingum, þar sem liðin keppast um að sigra og tryggja sér þar með stöðu hjá tölvurisanum.

Það er kanadísk-bandaríski leikstjórinn Shawn Adam Levy sem leikstýrir myndinni en hann hefur meðal annars leikstýrt gamanmyndunum Big Fat Liar, Just Married, Cheaper by the Dozen, Night at the Museum og Date Night. Kvikmyndir leikstjórans hafa samanlagt velt um tveimur milljörðum dala og myndir hans fallið í góðan jarðveg. Margar spennandi myndir eru væntanlegar með þeim Wilson og Vaughn í burðarhlutverkum. Í lok árs er von á framhaldi kvikmyndarinnar The Anchorman, en þar fer Vaughn með hlutverk fréttapésans Wes Mantooth, erkióvinar Rons Burgundy sem leikinn er af Will Ferrell. Owen Wilson er með margt í pípunum en þar ber eflaust hæst að nefna framhald myndarinnar um Derek Zoolander, þar sem Wilson fer með hlutverk karlfyrirsætunnar Hansel.

➜ The Internship velti rúmlega 2 milljörðum fyrstu sýningarhelgina.

Úrval sumarkjóla




MÝRIN

Mýrin Kringlunni • Mýrin Hafnarbúðum Geirsgötu



**LEGGJA Á RÁÐIN** Þeir Dwayne Johnson, Mark Wahlberg og Anthony Mackie fara með aðalhlutverkin í kvikmyndinni Pain & Gain.

# Hasar og spilling

## Michael Bay sendir frá sér enn einn hasarinn. Kvikmyndin Pain & Gain byggir á sannri sögu.

Michael Bay leikstýrir hasarmyndinni Pain & Gain sem frumsýnd var á dögunum, en myndin er byggð á sannri sögu sem kom út árið 1999. Kvikmyndin segir frá þremur líkamsræktarfrömuðum sem flækja sig í mannrán og fjárkúgun þar sem allt fer úrskeiðis. Það er stórleikarinn Mark Wahlberg sem fer með aðalhlutverkið en hann leikur Daniel Lugo, fyrrverandi fanga sem vinnur í líkamsræktarstöðinni Sun Gym ásamt besta vini sínum, Adrian, sem leikinn er af Anthony Mackie. Í líkamsræktarstöðina mætir hinn forríki og spillti viðskiptajöfur Victor Kershaw. Þeir Daniel og Adrian eru tilbúnir að gera allt til að láta drauma sína rætast og þegar þeim stendur til boða að fremja mannrán til að koma sér áfram í heiminum hika þeir ekki. Þeir leggja á ráðin um að ræna Kershaw en eins og svo margoft áður fara hlutirnir ekki á réttan veg. Leikstjórinn Michael Bay er þekktur fyrir að senda frá sér stórmyndir, stútfullar af tæknibrellum, og leikstýrði meðal annars Armageddon, Pearl Harbor og Transformers-myndunum sem allar skiluðu gríðarlegum hagnaði. Það verður því spennandi að sjá hvort Pain & Gain muni gera slíkt hið sama.

# Vonir bundnar við Henry Cavill

Henry Cavill verður sífellt vinsælli í Hollywood. Cavill fer með hlutverk Supermans í stórmyndinni Man of Steel sem frumsýnd verður hér á landi í næstu viku. Leikarinn fetar í fótspor þeirra Georges Reeves, Christophers Reeve og Brandons Routh sem allir hafa farið með hlutverk Clarks Kent. Hinn breski Cavill hefur hingað til aðeins birst í litlum hlutverkum í kvikmyndum en það var í sjónvarpsþáttunum The Tudors sem Cavill hóf að vekja athygli. Það eru engir nýgræðingar sem leika við hlið Cavills í Man of Steel, en þar má nefna þau Amy Adams og Russell Crowe, Michael Shannon, Kevin Costner og Diane Lane.




**MYNDARLEGUR** Henry Cavill fer með hlutverk Clarks Kent í kvikmyndinni Man of Steel sem frumsýnd er í næstu viku.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FJÓRIR FERSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR
100% ÍSLENSKIR MEÐ BRAUÐI

4 stk 80gr **798 KR.**
4 stk 120gr **998 KR.**

## KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT

HANGILÆRI **2598 KR.KG.**
HANGIFRAMPARTUR **1798 KR.KG.**

## KJARNAFÆÐI

**1398 KR. KG**
KJARNAFÆÐIS
**ÍSLENSKT HEIÐALAMB**
MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM
BLÓÐBERG-BIRKILAUF-AÐALBLÁBERJALYNG-EINIR

Pepsi / Pepsi Max **198 KR. 2 ltr.**

AÐEINS MIÐLÆRISSNEIÐAR
**2298 KR. kg**
**GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR**
*ÚR MIÐLÆRI*

**2198 KR. kg**
ÍSLANDSLAMB
**GRILL LAMBAKÓTILETTUR**

Egils Appelsín **245 KR. 2 ltr.**

**1198 KR. KG**
BÓNUS GRILL **GRÍSAKÓTILETTUR**

**109 KR. 5 stk.**
**BÓNUS FLATKÖKUR 5 stk**

**1198 KR. KG**
BÓNUS GRILL ÚRB. **GRÍSAHNAKKI**

**439 KR. 170 gr**
**BÓNUS HANGIÁLEGG 170gr**

**129 KR.** **89 KR.**
# KÓK&PRINS
KÓK Í GLERI 250ML OG STÓRT XXL PRINCE POLO

Coca-Cola **198 KR. 1.5 ltr.**

AMERÍSKAR SÆTAR KARTÖFLUR **259 KR. kg**

SPÁNSKAR VATNSMELÓNUR RAUÐAR **198 KR. kg**

**598 KR. 1.5 ltr**
EMMESS **RJÓMAÍS** 1.5 ltr.

**198 KR. 300ml**
**EMMESS ÍSSÓSUR** *300ml*

AFGREIÐSLUTÍMI
**17. JÚNÍ** MÁNUDAGUR
**11:00-18:00**

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
**17. JÚNÍ** MÁNUDAGUR
**11:00-18:00**




Voltaren

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ




# Magabolir aftur í tísku

**Stjörnurnar stökkva á magabolatískuna sem er mikil tískubóla í sumar.**

Tískan kemur í bylgjum og hver man ekki eftir að hafa hlegið að ákveðinni tískubólu og trúað því að þessi flík væri að baki og yrði ekki vinsæl á nýjan leik. Tískustraumarnir koma hins vegar oft á óvart og nú eru magabolirnir komnir aftur upp á yfirborðið.

Madonna gerði garðinn frægan í kringum 1980 þegar hún birtist í „crop top“ eða magabol í myndbandinu við lagið Lucky Star og var hún því brautryðjandi þessarar tískubólu sem fleiri stjörnur, til dæmis Shania Twain, Britney Spears og Christina Aquilera, féllu fyrir.

- mmm



NORDICPHOTOS/GETTY

**SVARTKLÆDD** Kylie Jenner í magabol á rauða dreglinum.

**SÖNGKONA** Jessie J sumarleg.

**BLÚNDA** Leikkonan Mischa Barton í hvítum blúndukjól með bert á milli.

**RÖNDÓTT** Beyoncé mætti í samstæðum bol og pilsi í afmælisveislu Kanye West og vakti athygli.

**STÆLT** Pink hikar ekki við að flagga magavöðvunum.

# Erótísk sumarlesning sem kitlar

Þrátt fyrir að veðrið á suðvesturhorninu minni ekkert á sumar þá gerir bókastaflinn minn það. Ég hef nefnilega haft það fyrir sið að lesa erótík á sumrin. Ég byrjaði á þessu þegar ég þurfti að hvíla heilann á þungum doðröntum hundgamalla sálfræðinga. Ég var kona einsömul á stúdentagörðum og rétt eins og nú var júní afskaplega blautur og því kærkomin afsökun til að hanga uppi í rúmi og vera fluga á vegg í ástarsamböndum liðinnar tíðar.

Ég ákvað að byrja erótíkina með Elskhuga lafði Chatterleys. Mig skorti sárlega rómantík í líf mitt á þessum tíma og drakk bókina í mig. Fleiri bættust svo við. Hið lesna orð kitlaði öðruvísi en hreyfimyndirnar, enda nenna fæstir að horfa á meira en 90 sekúndur af klámi en í bólinu með góða bók geta klukkustundirnar flogið áfram. Ég opinberaði ekki þessa sumarlesningu á kaffihúsum borgarinnar því ég vildi ekki særa blygðunarkennda annarra, eða kannski vildi ég bara ekkert láta trufla mig. Svört á hvítu erótík (eða klám, ég á erfitt með muninn á því tvennu) opnaði fyrir mér nýjan heim og ég settist við skriftir. Orðin flugu út í sumarloftið og áður en ég vissi af var ég langt komin með tvær erótískar smásögur. Lesning þeirra hefur ekki farið víða enda varð ég hálffeimin við þessi skrif. Hvað myndi fólk eiginlega halda um mig og mínar hugsanir ef það læsi þessar grafísku lýsingar á ást og losta? Mátti ég blanda saman hlutum í kynlífi sem mér persónulega hugnast ekki sjálfri?

Þá fór ég að pæla í því hvað kynlíf og kynferðislegar hugsanir eru enn mikið tabú. Þrátt fyrir að önnur hver kona hafi lesið um gráa skugga seinasta sumar þá vakti bók um fantasíur kvenna þvílíkt fjaðrafok og deilur spruttu upp um af hverju höfundar fantasíanna væru nafnlausir. Í sumar sendir „þekktur“ höfundur svo frá sér erótík undir dulnefni. Rithöfundar mega skrifa um hvað sem er en fáir tengja á milli hugarheims afbrotarithöfundar og hans raunverulega lífs. Sömu lögmál virðast ekki gilda um kynlíf og lýsingar á því. Það er eins og það sé; ég skrifa, ég vil eða ég þrái. Auðvitað er þetta ekki svo, ekki frekar en með krimmabækurnar.

Ég steig skrefið seinasta sumar og opinberaði lesningu mína á fantasíum annarra á vel völdu kaffihúsi bæjarins, þrátt fyrir að eiga lesbretti þar sem ég hefði vel getað falið hana. Það má alveg viðurkenna þessa tegund af bókmenntum sem réttmæta og skemmtilega. Rétt eins og krimmarnir geta kitlað og fengið adrenalínið til að streyma um líkamann þá þarf enginn að skammast sín fyrir erótíkina. Nú á þessum helst til blautu dögum hef ég lagst í þríleik Sylviu Day og ég finn hvernig fingurna langar að berja á lyklaborðið og fjölga smásögunum. Hver veit svo hvar þær enda, en þær munu þá gera það undir nafni undirritaðrar, því get ég lofað þér.




**LESNING SEM KITLAR** „Hið lesna orð kitlaði öðruvísi en hreyfimyndirnar, enda nenna fæstir að horfa á meira en 90 sekúndur af klámi en í bólinu með góða bók geta klukkustundirnar flogið áfram.“

➜ Rétt eins og krimmarnir geta kitlað og fengið adrenalínið til að streyma um líkamann þá þarf enginn að skammast sín fyrir erótíkina.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**



Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.

kynlif@frettabladid.is

# SJÓÐHEIT Í SUMAR!

## Ný æsandi íslensk skáldsaga eftir Karl Fransson

Berorð og krassandi




Mirabelle hafði skrifað á spegilinn með varalit.

**VERTU NAKINN ÞEGAR ÞÚ NUDDAR MIG!**

Ég hafði aldrei verið eins snöggur úr fötunum. Sturtuhausinn var það stór að fjögurra manna fjölskylda hefði hæglega getað rölt í hringi undir bununni, samtímis. Ég staldraði stutt við undir ylvolgu vatninu. Smurði á mig líkamskremi sem Mirabelle hafði stillt upp við hliðina á vaskinum. Hvílík fyrirhyggja. Að svo búnu vafði ég hvítu handklæði um mig miðjan og mér varð hugsað til Afrodítu á þriðju hæð. Selskapur með henni og ástkonu hennar hefði ekki verið síðri. Ég hafði aldrei verið með tveimur konum samtímis en tilhugsunin kitlaði mig inn að kviku.

VAKA-HELGAFELL




*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# Dóttir Tom Cruise ferðast ódýrt

Isabella dóttir leikarans ferðast með Ryanair en Suri ferðast á fyrsta farrými.



**EINS OG PABBI** Isabella er í Vísindakirkjunni eins og pabbi hennar.

Tom Cruise er metinn á 275 milljónir dollara en það virðist ekki hafa mikil áhrif á ferðamáta eldri dóttur hans, Isabellu. Hin tvítuga, Isabella Jane Kidman Cruise birti Instagram-myndir af sér og vinum sínum á ferðalagi á dögunum, en þar ferðaðist hún til Ítalíu með lággjaldaflugfélaginu Ryanair. Isabella virtist þó njóta lífsins í sólinni í fallegu borginni Flórens.

Litla systirin, Suri, ferðast hins vegar um heiminn í fylgd foreldra sinna, annaðhvort með einkaflugvél eða á fyrsta farrými. Isabella hefur áður unnið sem lærlingur í fatahönnunarfyrirtæki fyrrverandi stjúpmóður sinnar, Katie Holmes, en í fyrra sagðist hún hafa verið rekin. Einnig hefur hún fetað í fótspor föður síns og er meðlimur í Vísindakirkjunni.

Isabella er dóttir Cruise og fyrrverandi eiginkonu hans Nicole Kidman en Isabella og Connor, bróðir hennar, voru bæði ættleidd. - mmm



# Sjálfsfróunar-app

Nýr leikur væntanlegur sem fræðir konur um líkamann og sjálfsfróun.

Kynhneigð er eitt af undirstöðuatriðum eðlishvatar manna en lengi vel hafa verið til staðar félagslegir fordómar gagnvart sjálfsfróun kvenna. Konur hafa verið hvattar til að halda sér hreinum en hjá mörgum þjóðum er sjálfsfróun kvenna mikið tabú. Nú hefur hönnuðurinn Tina Gong unnið að farsímaleik sem kallast „Happyplaytime“ en leikinn mun verða hægt að nálgast sem farsíma-app. Appið er á þróunarstigi og mun leiðbeina konum á fræðandi hátt um sjálfsfróun. - mmm

Úrval sumarkjóla




MÝRIN

Mýrin Kringlunni • Mýrin Hafnarbúðum Geirsgötu

# Skemmtu sér vel á Band of Horses

Bandaríska hljómsveitin Band of Horses steig á svið í Eldborgarsal Hörpu á þriðjudagskvöld. Uppselt var á tónleikana fyrir löngu og skemmtu gestir sér vel.



**TVEIR HRESSIR** Tryggvi Sigþórsson og útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson voru hressir.



**FALLEG BROS** Ásdís Ómarsdóttir og Elín Björg Björnsdóttir brostu fallega fyrir ljósmyndarann.



**Í HÖRPU** Böðvar Guðjónsson og Hrafnhildur Heba Júlíusdóttir voru á meðal gesta.



**SÁU BAND OF HORSES** Jóhann Jóhannsson, Björgvin Þorgrímsson og Þorsteinn Rúnar Stefánsson mættu á tónleikana.



**FRIÐBERT OG JÓN ÖRN** Friðbert Kristjánsson og Jón Örn Jóhannsson biðu spenntir eftir tónleikunum.

**GAMAN Á TÓNLEIKUM** Ólöf Sigþórsdóttir og Berglind Bjarnadóttir mættu til að sjá Band of Horses.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Verkfræðingur syngur um Árbæ

Vélaverkfræðingurinn Helgi Þór Ingason syngur um Árbæinn á nýrri plötu.

Vélaverkfræðingurinn Helgi Þór Ingason, sem starfar meðal annars sem dósent við Háskólann í Reykjavík, hefur gefið út sína fyrstu plötu, Gamla hverfið.

Titillag plötunnar er óður til Árbæjarhverfisins þar sem hann ólst upp. „Í þessum texta er verið að yrkja um kennileiti sem gamlir Árbæingar þekkja vel,“ segir Helgi Þór og bætir við: „Á umslagi plötunnar er loftmynd af Árbænum frá 1977. Þá var ég tólf ára. Þetta er svo mögnuð mynd. Þarna sést enginn Grafarvogur eða Grafarholt. Þarna sér maður hvað þetta var mikil sveit.“

➜ Helgi Þór er einn af stofnmeðlimum South River Band.



**Í STOFUNNI HEIMA** Helgi Þór Ingason í stofunni þar sem platan var tekin upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Helgi Þór samdi plötuna á 20 til 25 ára tímabili og er að láta gamlan draum rætast með henni. Hann spilar á píanó og honum til halds og trausts voru Einar Clausen, Matthías Stefánsson, Einar Sigurðsson og Karl Pétur Smith.

Eftir að Helgi Þór flutti að heiman bjó hann á mörgum stöðum en fyrir fjórum árum flutti hann heim og keypti sér hús í Árbænum. Platan var tekin upp þar í stofunni á tveimur kvöldum í febrúar. „Það var kveikt á kertaljósum og búin til hugguleg stemning með svakalega fínu útsýni yfir Reykjavík. Þetta voru björt og falleg vetrarkvöld og mjög skemmtileg stemning, sem átti ábyggilega þátt í að móta þann anda sem er á plötunni.“ - fb

DEBENHAMS




** gildir til 19. júní eða meðan birgðir endast.

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Með tökulið á hælunum í New York

## Billboard-tímaritið fylgdi sveitinni eftir fyrir tónleika hennar á Governors Ball.

„Við tökum oft nokkur dansspor til að koma okkur í gírinn áður en við stígum á svið,“ segir Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, söngkona Of Monsters and Men, við fréttamann frá Billboard-tímaritinu sem fylgdi sveitinni eftir með tökumanni í einn dag.

Í myndskeiðinu, sem birst hefur á Youtube, er íslensku sveitinni fylgt eftir daginn sem þau koma fram á tónlistarhátíðinni Governors Ball í New York nú í júní í grenjandi rigningu. Í lokin á myndbandinu má sjá sveitina stíga á svið við gríðarlegan fögnuð þúsunda áhorfenda.

➜ Plata sveitarinnar My Head Is an Animal náði sjötta sætinu á bandaríska Billboard-listanum.

Hljómsveitin segir lífið á tónleikaferðalagi vera öðruvísi en skemmtilegt en þau hafa verið á miklu flakki um heiminn það sem af er ári, meðal annars í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi.



**VEKJA LUKKU** Tökulið frá Billboard tímaritinu fylgdi Of Monsters and Men eftir í einn dag.



**HAMINGJUSÖM** Jennifer Love Hewitt er búin að finna ástina í lífi sínu.

## Jennifer Love Hewitt ólétt

Sjónvarpsstjarnan Jennifer Love-Hewitt sást skarta stórum trúlofunarhring á dögunum, en hún á einnig von á barni með unnusta sínum og meðleikara, Brian Hallisay. Parið hefur verið saman í fimmmtán mánuði en það leikur saman í bandarísku sjónvarpsþáttunum The Client List þar sem Hewitt fer með aðalhlutverk.

- mmm



**GLAMÚRKONA** Söng- og leikkonan Mariah Carey flott í rauðu.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Mariah Carey leikur þræl

Hin 43 ára söngdrottning Mariah Carey leggur glamúrútlitið á hilluna á meðan hún leikur þrælinn Hattie Pearl í kvikmyndinni The Butler.

Kvikmyndin er tekin upp í New Orleans og er byggð á sannsögulegri sögu Eugene Allen sem þjónaði í Hvíta Húsinu á árunum 1952-1986. Fleiri þekkt nöfn koma fram í myndinni er þar ber að nefna Opruh Winfrey, Forest Whitaker og John Cusack.

- mmm



**KRAFTWERK** Hljómsveitin er að undirbúa níundu plötuna.

## Byrjuð á plötu númer níu

Þýska rafhljómsveitin Kraftwerk er byrjuð að undirbúa sína níundu hljóðversplötu. Hún mun fylgja í kjölfar Tour De France Soundtracks sem kom út fyrir áratug.

Að sögn Ralf Hütter úr Kraftwerk hefur hljómsveitin nánast lokið við öll tónleikaferðalög í tengslum við safnkassann The Catalogue sem kom út 2009. „Núna getum við einbeitt okkur að plötu númer níu,“ sagði hann í viðtali við The Guardian. Kraftwerk spilar á Iceland Airwaves-hátíðinni í haust.





IS JU 13 456

Fegraðu landið með Frumherja

**Júní** er skoðunarmánuður bíla með **6** í endastaf númers, júní er líka góður mánuður til að gróðusetja tré og plöntur. Frumherji ætlar að gefa viðskiptavinum sínum samtals **6000** birkiplöntur í júní. Komdu í skoðun og taktu þátt í að fegra landið og vinna gegn mengun með Frumherja.

HÆGT ER AÐ FÁ GEFINS TRÉ Á EFTIRFARANDI STÖÐUM

REYKJAVÍK
Hesthálsi 6-8, 110 Reykjavík
Grandi, Hólmaslóð 2, 104 Rvk.
Sund, Klettagörðum 11, 104 Rvk.
Skeifan, Grensásvegi 7, bakhús, 108 Rvk.
Grafarvogur, Gylfaflöt 19, 112 Rvk.

KÓPAVOGUR
Dalvegi 22, 200 Kópavogur

GARÐABÆR
Litlatúni 1, 210 Garðabær

HAFNARFJÖRÐUR
Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður

AKUREYRI
Frostagötu 3a, 603 Akureyri

SELFOSSI
Hrísmýri 9, 800 Selfossi

OG NÚ EINNIG HÉR

REYKJANESBÆ
Njarðarbraut 7, 260 Reykjanesbæ

AKRANESI
Smiðjuvöllum 17, 300 Akranesi

ÞJÓNUSTUVER
TÍMAPANTANIR OG UPPLÝSINGAR
570 9090

Frumherji
- örugg bifreiðaskoðun um allt land
Netfang; frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# Kanye West sakaður um framhjáhald

Kanye West á að hafa haldið framhjá kærustu sinni Kim Kardashian, með kanadískri fyrirsætu. Hin 24 ára fyrirsæta, Leyla Ghobadi, sagði við tímaritið America's Star að fundir þeirra Kanye hefðu byrjað í júlí í fyrra og haldið áfram, þrátt fyrir að Kim bæri barn rapparans undir belti. „Þetta er slæmt, mjög slæmt. Þetta er bara vandræðalegt. En ef ég væri í sporum Kim, með barn á leiðinni, myndi ég vilja vita þetta," er haft eftir fyrirsætunni. Heimildarmenn Kim þvertaka fyrir að nokkuð sé satt í þessum efnum en heimildarmenn Kanye hafa ekkert gefið frá sér enn.

Sagan segir að Kanye hafi fyrst komið auga á kanadísku fyrirsætuna meðal áhorfenda á tónleikum sínum í Atlantic City í fyrra. Hann hafi þá beðið starfsmann sinn um að finna stúlkuna og bjóða henni að hitta sig baksviðs. Um kvöldið bauð Kanye fyrirsætunni að koma með sér upp á hótelherbergi en hún neitaði. Hann hafi þá tekið sig til og boðið fyrirsætunni og vinkonum hennar á tónleika sína kvöldið eftir. Hann gaf þeim öllum baksviðspassa og sagði við Leylu að samband hans og Kim væri ekkert nema fjölmiðlabrella. Leyla gaf sig og fór því með Kanye upp á hótelherbergi hans. „Við kysstumst í smá stund. Allt í einu vorum við bæði nakin og farin að stunda kynlíf," segir Leyla.

→ Framhjáhald Kanye West á að sögn slúðurmiðlanna ytra að hafa staðið yfir í 11 mánuði, eða frá því í júlí í fyrra.

Næsti fundur þeirra Leylu og Kanye var í New York í október en þá var Kim stödd í Miami og hafði á þeim tíma ekki greint frá því að hún ætti von á barni. Leyla segir Kanye hafa haft samband við sig um síðustu helgi en fyrirsætan þá þvertekið fyrir að hitta hann, þar sem hún vissi nú að Kanye og Kim ættu von á erfingja.



**SAMBANDSDRAMA** Nú reynir á samband þeirra Kanye West og Kim Kardashian. Von er á frumburði þeirra á næstu vikum.



**FJÖLHÆFUR CHAN** Jackie Chan er margt til lista lagt. Hann undirbýr nú söngleik um eigið líf.

## Gerir söngleik um eigið líf

Leikarinn og bardagalistamaðurinn Jackie Chan skrifar þessa dagana söngleik sem byggir á lífi hans. Þá ætlar hann að laga sjálfsævisögu sína, „I Am Jackie Chan: My Life in Action", að söngleiknum en ævisöguna gaf hann út árið 1998. „Við erum að leita að leikstjórum fyrir söngleikinn núna," sagði leikarinn á blaðamannafundi í New York á þriðjudag. Í söngleiknum ætlar hinn 59 ára Chan að fara yfir uppvaxtarárin í Hong Kong, tímann í fimleikahópnum Seven Little Fortunes og það að stíga fram sem bardagalistamaður í skugga goðsagnarinnar Bruce Lee. Chan hefur áður talað um dálæti sitt á söngleikjum. „Ég elskaði The Sound of Music. Þegar ég var yngri kunni ég enga ensku en ég horfði á alla myndina."



**EKKERT BRÚÐKAUP Í BRÁÐ** Þeim Justin Theroux og Jennifer Aniston gefst ekki tími til að gifta sig í sumar eins og til stóð.

## Brúðkaupinu frestað

Jennifer Aniston hefur frestað brúðkaupi sínu og Justin Theroux. Samkvæmt erlendum slúðurmiðlum ætlaði parið að gifta sig í sumar en hefur nú frestað brúðkaupinu sökum vinnu og tímaleysis. „Það var búið að bóka hljómsveitirnar og Jen var að velja sér kjól," sagði heimildarmaður við tímaritið People. Nú er hins vegar búið að setja allt á bið. Parið er um þessar mundir á fullu við að gera upp heimili sitt en það eyðir um sex milljónum dala í verkefnið. Þrátt fyrir að ekkert verði af brúðkaupinu í bráð segja heimildarmenn að Justin og Jennifer séu enn gríðarlega hamingjusöm.



# Dr. Nilfisk og herra Kirby

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



Ég var gestaglaður sem barn. Ef það komu gestir í heimsókn eftir kvöldmat varð ég svo spenntur að ég gat ekki sofið. Ég man enn eftir kvöldinu þegar ryksugusölumaðurinn kom í heimsókn. Hann var að selja bandarískar gæðaryksugur frá Kirby. Ég man eftir söluræðunni. Bleiser-klæddur, hvíttenntur sölumaðurinn útskýrði fyrir okkur á sannfærandi hátt að með Kirby væri ryksugun ekki lengur leiðinleg heldur stórskemmtileg. Auk þess væri Kirby betri en gamla draslið sem við ættum. Hann lét okkur ryksuga stofugólfið með gömlu Nilfisk-ryksugunni okkar og fór svo aftur yfir sama flöt með Kirby og viti menn, Kirby náði fullt af ryki sem Nilfiskurinn hafði látið eiga sig. Ég og bróðir minn horfðum gapandi á þetta. Hvernig í veröldinni var hægt að eiga öðruvísi ryksugu en Kirby? Ég svaf lítið næstu nætur og hugsaði um Kirby. Bara ef við ættum Kirby. Ég suðaði lengi í pabba en að endingu kom niðurstaða. Við keyptum ekki Kirby. Þess í stað keyptum við nýja Nilfisk-ryksugu sem var alveg eins og sú gamla.

**ÞAÐ** hefur tekið mig yfir tuttugu ár að skilja hvað foreldrum mínum gekk til. Nú loksins skil ég þetta. Þetta snerist ekki um peninga. Þetta var yfirlýsing. Ég er alinn upp af Nilfisk-fólki. Fólki sem vill í fyrsta lagi ekki heillast af fagurgala sölumanna heldur vill frekar kaupa heimilistæki af pirruðum mönnum úti í bæ sem dettur ekki í hug að sannfæra nokkurn mann um að það sé gaman að ryksuga og fólki sem vill í öðru lagi ekki of góðar ryksugur sem soga allt ryk í burtu. Sumt ryk á að vera eftir til að auka flóruna. Það er bara frekja að ætla sér að ryksuga allt ryk í burtu.

**NÚ** skil ég af hverju ég hef ekki starfað í neinum stjórnmálaflokki. Líf mitt einkennist af togstreitu. Ég er alinn upp samkvæmt góðum og gegnum Nilfiskgildum en á nóttunni ligg ég andvaka og hugsa um betra líf með Kirby.



**Í STUÐI** Ben Bridwell og félagar í Band of Horses voru í hörkustuði í Hörpu á þriðjudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bandarískir túristar í toppformi

★★★★☆

**Tónleikar**
Band of Horses
**ELDBORG, HARPA, 11. JÚNÍ**

Meðlimir bandarísku hljómsveitarinnar Band of Horses höfðu verið á tveggja daga túristaferðalagi um Ísland áður þeir stigu á svið í Hörpu á þriðjudagskvöld sællegir og glaðir.

Söngvarinn Ben Bridwell byrjaði á því að þakka Ásgeiri Trausta, sem hitaði upp, fyrir fallega tónlist sína. Bridwell var fullur þakklætis á tónleikunum því fleiri þakkarorð fylgdu síðar meir til Íslendingsins sem ferðaðist með þeim um landið, til tónleikahaldarans og að sjálfsögðu áhorfenda.

Eftir rólegheitatóna Ásgeirs Trausta var hressandi að heyra Bridwell og félaga keyra allt í gang með blöndu sinni af indírokki og þjóðlagapoppi. Fyrsta lagið var einfaldlega The First Song, upphafslagið af fyrstu plötu sveitarinnar Everything All the Time, og strax á eftir fylgdi slagarinn Is There a Ghost. Næst kom hið prýðilega Knock Knock af nýjustu plötunni Mirage Rock sem kom út í fyrra. Það var aðeins annað af tveimur lögum plötunnar sem fengu að fljóta með á þessum nítján laga tónleikum.

Öll vinsælustu lög Band of Horses fengu sinn sess, þar á meðal áðurnefnt Is There a Ghost, No One´s Gonna Love You og The Funeral. Hið síðastnefnda var lokalagið fyrir uppklapp þar sem fólk reis úr sætum sínum til að hylla hljómsveitina.

Að uppklappinu loknu mættu félagarnir aftur á svið og fluttu tvö lög. Fyrst Our Swords, þar sem Bridwell spilaði óvænt á bassann, og svo hið eldhressa The General Specific. Þar með luku þeir vel heppnuðum tónleikum, þar sem hljóðfæraleikurinn var í hæsta gæðaflokki og spilagleðin mikil, auk þess sem æðisleg rödd Bridwell naut sín afar vel í Eldborgarsalnum. Hann er fæddur forsprakki og skemmtikraftur, óhræddur við að bregða á leik, eitthvað sem vantaði kannski örlítið upp á hjá hinum meðlimunum. **Freyr Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Band of Horses spilaði öll sín þekktustu lög á vel heppnuðum tónleikum.


SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| PAIN AND GAIN VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| EPIC ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 8 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 8 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 10:50 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| AFTER EARTH | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 10:10 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 7 |
| THE INTERNSHIP LÚXUS | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| AFTER EARTH | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK 3D | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK | KL. 5 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ (5%) | | |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 7 |
| AFTER EARTH | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 6 | L |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 9 | 12 |
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 - 9 | 12 |

| BORGARBÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| FAST & THE FURIOUS 6 | KL. 5.40 | 12 |
| AFTER EARTH | KL. 8 - 10.20 | 12 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP | 5.30 - 8 - 10.20 | 7 |
| EPIC 2D | 5 | L |
| EPIC 3D | 5 | L |
| HANGOVER III | 8 - 10.30 | 12 |
| FAST & FURIOUS | 10.10 | 12 |




SIGHTSEERS HANNA ARENDT SIRIUS ON THE ROAD
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

BÍÓ ★ PARADÍS
EUROPA CINEMAS

| | | |
|---|---|---|
| SIRIUS | (12) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| SIGHTSEERS | (16) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| IN MEMORIAM? | (L) | 18:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 20:00 |
| ON THE ROAD | (16) | 22:10 |
| SVAR WARS - BÍÓMYNDA PÖBBKVISS | (L) | 20:00 |

Eina sérverslun landsins
með grill og garðhúsgögn

# Grillbúðin



www.grillbudin.is









Komdu og fáðu ráðleggingar

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is

## Messi sver fyrir skattsvik



**FÓTBOLTI** Spænsk skattayfirvöld hafa Argentínumanninn Lionel Messi undir smásjá sinni. Messi er grunaður um að hafa svikið um fjórar milljónir evra, andvirði 640 milljóna íslenskra króna, undan skatti. Messi hefur þegar neitað sök.

Árstekjur Messi hjá Barcelona eru taldar nema um 16 milljónum evra á ári og því er fyrri upphæðin minniháttar miðað við tekjurnar. Þá fær Messi einnig himinháar tekjur fyrir að leika í auglýsingum og tengja nafn sitt við vörur.

Messi og faðir hans, Jorge Horacio, eru sakaðir um að hafa greint ranglega frá upplýsingum á skattskýrslu Messi á árunum 2007-2009. Verði Messi sakfelldur gæti hann átt yfir höfði sér sex ára fangelsisvist og háa sekt. **- ktd**

## Vil festa mig í sessi sem gæðaleikmann

**HANDBOLTI** „Þetta er óneitanlega mjög spennandi eftir þungan vetur bæði hvað varðar meiðsli og annað,“ segir Rúnar Kárason. Landsliðsmaðurinn hefur gengið til liðs við Rhein-Neckar Löwen frá Grosswallstadt. Rúnar var frá keppni vegna meiðsla fram í febrúar og stóð svo í stappi ásamt öðrum leikmönnum Grosswallstadt að fá laun sín greidd. Þá féll liðið úr efstu deild á dögunum.

„Ég var búinn að heyra af því að þetta gæti verið inni í myndinni fyrst Alexander (Petersson) væri meiddur,“ segir Rúnar. Áhuginn hafi svo verið staðfestur og hann farið í læknisskoðun á mánudagskvöldið.

„Ég er þakklátur fyrir að Gummi (innsk. Guðmundur Þórður Guðmundsson, þjálfari Löwen) skuli hafa trú á mér í stöðuna,“ segir Rúnar. Löwen hafnaði í þriðja sæti þýsku deildarinnar auk þess að vinna sigur í EHF-bikarnum. Rúnar ræðst því ekki á garðinn þar sem hann er lægstur.

„Þetta er náttúrulega mjög krefjandi og stórt stökk. Ég er mjög spenntur og staðráðinn í að nýta tækifærið vel. Ég vil festa mig í sessi sem gæðaleikmaður og sýna að ég get spilað í þessum styrkleikaflokki,“ sagði landsliðsmaðurinn. **- ktd**



**VISTASKIPTI** Rúnar hefur spilað sinn síðasta leik fyrir Grosswallstadt. GETTY IMAGES/BONGARTS

## ÚRSLIT

### UNDANKEPPNI EM 2014

**6. RIÐILL**

**HVÍTA-RÚSSLAND - ÍSLAND 29-24 (16-10)**

**Mörk Hvíta-Rússlands (skot):** Barys Pukhouski 10/2 (17/2), Dzmitry Kamyshyk 4 (7), Dzianis Rutenka 3 (5), Kiryl Kniazeu 3 (5), Siarhei Shylovich 3 (5), Maksim Baranau 2 (2), Dzmitry Nikulenkau 2 (4), Viachaslau Schumak 1 (1), Vitali Kazhaneuski 1 (1), Mikhail Niazhura (1), Aliaksandr Tsitou (2),

**Varin skot:** Vitali Charapenka 14/1 (38/2, 37%), Kazimir Kotlinski 1 (1, 100%),

**Hraðaupphlaup:** 7.

**Utan vallar:** 4 mínútur.

**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 7/1 (11/2), Rúnar Kárason 5 (12), Ernir Hrafn Arnarson 4 (7), Arnór Atlason 3 (8), Ólafur Bjarki Ragnarsson 2 (4), Ólafur Gústafsson 1 (1), Atli Ævar Ingólfsson 1 (1), Snorri Steinn Guðjónsson 1 (3).

**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 11 (29/1, 38%), Björgvin Páll Gústavsson 4 (15/1, 27%).

**Hraðaupphlaup:** 6 (Guðjón Valur 2, Rúnar 2, Arnór 1, Snorri Steinn 1)

**Fiskuð víti:** 2 (Ernir Hrafn 1, Arnór 1)

**Utan vallar:** 6 mínútur.

**RÚMENÍA - SLÓVENÍA 22-31**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ísland | 5 | 4 | 0 | 1 | 160-149 | 8 |
| Hv.-Rússland | 5 | 3 | 1 | 1 | 154-147 | 7 |
| Slóvenía | 5 | 2 | 1 | 2 | 159-144 | 5 |
| Rúmenía | 5 | 0 | 0 | 5 | 134-167 | 0 |



**HELDUR Í VONINA** Þóra Björg stefnir á að ná Evrópumótinu í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/

## EM í uppnámi

**FÓTBOLTI** Enn bættist á meiðslalista íslenska kvennalandsliðsins í gærkvöldi. Þóra Björg Helgadóttir fór meidd af velli undir lok leiks í 2-2 jafntefli LdB Malmö gegn Tyresö í toppslagnum í Svíþjóð.

„Ég er tognuð aftan í læri,“ segir Þóra en leikurinn var sá síðasti í deildinni fram yfir Evrópumótið í Svíþjóð sem hefst 10. júlí. „Ég var að reyna að kasta langt út, þurfti að stoppa mig og setti fótinn of langt út,“ segir Þóra. Hún tekur undir að tímasetningin á meiðslunum sé slæm. Hún gefur þó ekki upp von um að ná Evrópumótinu.

„Ég ætla ekki að gefast upp enn þá. Ég get gengið þótt ég sé aðeins hölt svo það eru jákvæð merki,“ segir Þóra. Hún hafi fengið nokkuð jákvæð viðbrögð frá læknum sænska liðsins og landsliðsins.

„Þannig að við erum ekkert svartsýn,“ segir Þóra, sem missir þó af æfingaleiknum gegn Dönum 20. júní.

Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir sat allan tímann á bekknum í sigurleik Arna-Björnar gegn botnliði Sandviken í gærkvöldi. Gunnhildur Yrsa er meidd en óvíst hve alvarleg meiðsli hennar eru.

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði mark Kristianstad í 3-1 tapi gegn Örebro. Margrét Lára spilaði allan leikinn sem er góðs viti fyrir kvennalandsliðið. **- ktd**

# Of margir spiluðu undir pari

**Aron Kristjánsson, þjálfari karlalandsliðsins í handbolta, segir of marga leikmenn hafa spilað undir getu í sex marka tapi gegn Hvít-Rússum ytra í gær. Sóknarleikinn þarf að bæta fyrir leikinn gegn Rúmeníu.**

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið sá ekki til sólar í 29-23 tapi gegn Hvíta-Rússlandi ytra í gær. Leikurinn var sá næstsíðasti í undankeppni fyrir Evrópumótið í Danmörku í ársbyrjun 2014. Strákarnir okkar héldu í við heimamenn fram í miðjan fyrri hálfleikinn. Í stöðunni 6-6 skildi leiðir.

„Við vissum svo sem fyrir fram að þetta gæti orðið gríðarlega erfiður leikur. Það vantar marga lykilmenn og margir óreyndir leikmenn sem komu í þeirra stað,“ segir landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson. Hann segir leikmenn liðsins hafa gert sig seka um of mörg mistök í sóknarleiknum í fyrri hálfleiknum.

„Við klúðruðum sendingu og tókum rangar ákvarðanir,“ segir Aron. Skynsemi hafi skort þegar munurinn var tvö til þrjú mörk. Þá fóru of mörg góð færi forgörðum. „Fyrir vikið misstum við þá of langt fram úr okkur undir lok fyrri hálfleiks.“



**GETA BETUR** Strákarnir okkar voru flestir hverjir langt frá sínu besta í Minsk í gær. Vonandi sýna þeir sitt besta í lokaleiknum gegn Rúmeníu og kveðja Ólaf Stefánsson með sæmd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Standa betur innbyrðis

Fyrir leikinn var vitað að sama hver úrslitin í leiknum yrðu væri sæti Íslands á EM tryggt. Þess utan dygði liðinu sigur í lokaleiknum gegn Rúmeníu á sunnudaginn til að tryggja sér efsta sæti riðilsins. Liðinu dugar nú jafntefli þar sem liðið stendur betur að vígi gegn Hvíta-Rússlandi eftir átta marka sigur í leiknum á Íslandi.

Aron segist hafa verið meðvitaður um það snemma í síðari hálfleiknum að leikurinn væri tapaður. Mestu máli skipti að tapa með minna en átta marka mun.

„Við tókum leikhlé í byrjun síðari hálfleiks þegar við vorum lentir tíu mörkum undir. Þá lögðu við áherslu á að standa betur í innbyrðis leikjunum,“ segir Aron. Hann segist hafa verið ánægður með spilamennsku liðsins síðasta stundarfjórðunginn.

„Þá gerðum við töluvert af breytingum sem mér fannst skila sér vel. Bjarki Már (Gunnarsson) kom sterkur inn í varnarleikinn og Ernir (Hrafn Arnarson) fyrir utan hægra megin,“ segir Aron. Með tilkomu Ólafs Gústafssonar í stöðu vinstri skyttu, Arnórs Atlasonar á miðjunni og Atla Ævars Ingólfssonar á línuna hafi komið betra flæði í sóknarleikinn. Það hafi vantað fram að því sem hafi orðið til þess að íslensku strákarnir reyndu erfið skot.

### Gripu ekki tækifærið

Aron segir of marga leikmenn íslenska liðsins hafa spilað undir getu í leiknum.

„Það eru of margir sem eiga inni. Sérstaklega menn sem fengu stærra hlutverk en áður hjá liðinu. Maður vill sjá menn grípa tækifærið og standa sig.“

Daníel Freyr Andrésson og Ólafur Stefánsson koma til móts við hópinn fyrir leikinn gegn Rúmeníu. Leikurinn verður kveðjuleikur Ólafs með landsliðinu en nauðsynlegt er að ná góðum úrslitum til að verða í efri styrkleikaflokki þegar dregið verður í riðla fyrir lokakeppnina í Danmörku.

> **Það eru of margir sem eiga inni. Sérstaklega menn sem fengu stærra hlutverk en áður hjá liðinu.**
>
> *Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari*

„Ólafur er í toppformi og styrkir auðvitað liðið. Ég veit að hann og allir leikmenn liðsins vilja leggja sig 100 prósent fram til að fá góðan kveðjuleik og einnig góðan síðasta leik fyrir sumarfríð.“

**kolbeinntumi@365.is**



**UTAN VALLAR KOLBEINN TUMI DAÐASON** kolbeinntumi@365.is

# MANNDÓMI FÓRNAÐ FYRIR RAUTT SPJALD

Magnús Þórir Matthíasson verður fjarri góðu gamni í 7. umferð Pepsi-deildar karla á sunnudaginn þegar Keflavík sækir Stjörnuna heim. Magnús missti stjórn á skapi sínu og stuggaði við Jordan Halsman, leikmanni Fram, sem henti sér í jörðina. Óþolandi hegðun. Hjá báðum aðilum.

Það færist í vöxt og sér ekki fyrir endann á því hve lágt knattspyrnumenn leggjast til þess að bæta stöðu síns liðs. Virðast því engin takmörk sett hve kjánalega menn eru tilbúnir að hegða sér til að fiska rautt spjald á andstæðinginn.

Nú er ég alls ekki að afsaka heimskulega hegðun Magnúsar Þóris í fyrrnefndu atviki, enda átti hann rauða spjaldið skilið. Reglurnar eru skýrar hvað það varðar. Hann bauð hættunni heim og átti að vita betur. Staðreyndin er hins vegar sú að hefði Halsman staðið í fæturna eru allar líkur á að niðurstaðan hefði orðið tiltal til Keflvíkingsins eða í mesta lagi áminning. Gunnar Jarl Jónsson hefði ekki neyðst til þess að reka Magnús af velli.



### Aumingjaskapur

Björgólfur Takefusa, þá leikmaður Víkings, fiskaði FH-inginn Pétur Viðarsson af velli með svipuðum hætti sumarið 2011. Var sem allur máttur hyrfi úr fótum Björgólfs þegar leikmennirnir stungu saman höfðum. Samkvæmt reglunum þurfti dómari leiksins að reka Pétur af velli. Sem betur fer, fyrir alla þá sem ofbauð aumingjaskapur Björgólfs, unnu FH-ingar leikinn.

Steininn tók úr í leik FH og Keflavíkur síðastliðið sumar. Þá áttu Guðjón Árni Antoníusson og Jóhann Birnir Guðmundsson eitthvað vantalað. Fór svo að Guðjón Árni henti sér í jörðina með tilþrifum við fyrsta tækifæri og fiskaði vin sinn af velli. Jóhanni Birni var svo misboðið að hann hraunaði yfir Guðjón í viðtali eftir leikinn. Hann trúði ekki sínum eigin augum. Vinur hans hafði leitt hann í gildru. Hversu lágt geta menn lagst?

### Óásættanleg hegðun

Því miður eru dæmin miklu fleiri en þessi þrjú en engu að síður er sjálfsagt að rifja þau upp. Leikmennirnir sem hentu sér í jörðina urðu sér til skammar. „Árásaraðilarnir“ tóku út refsingu samkvæmt reglum en hinir sluppu vel, enda leikaraskapur sem þessi, á einhvern ótrúlegan hátt, orðinn samþykktur hluti af leiknum. En svo þarf ekki að vera. Þótt dómarar verði að fara eftir reglum geta fjölmiðlar, sparkspekingar, þjálfarar, liðsfélagar og stuðningsmenn lýst yfir óánægju sinni með gang mála og reynt að hamla hegðun sem þessari. Verði þessi pistill til þess að Halsman, Björgólfur eða Guðjón Árni hugsi sig tvisvar um næst, þegar færi gefst á að fiska rautt spjald, er til einhvers unnið. Vonandi hugsa fleiri hreystimenni úr Pepsi-deild karla sinn gang.

OZ

Sjónvarp framtíðarinnar

# Stöð 2 hvar sem er

## Upplifunin hefst á stod2.is

Nú eru tímamót í íslenskri sjónvarpssögu. Með OZ-appinu getur þú horft á Stöð 2, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Krakkar, Gull, PoppTíví, Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 í iPad, iPod eða iPhone, iOS 6 eða nýrra. Njóttu þess að horfa á notendavænan og þægilegan máta, hvar og hvenær sem er.

### Horfðu á útsendinguna

Útsending Stöðvar 2 er nú aðgengileg fyrir áskrifendur í Apple-spjaldtölvum og í iPhone. Nú getur þú horft á Stöð 2 hvar og hvenær sem er.

### Speglaðu á sjónvarpið

Þeir sem eiga Apple TV geta speglað myndina yfir á sjónvarpsskjáinn.

### Spólaðu aftur í tímann

Með einum smelli er hægt að spóla allt að eina klukkustund aftur í tímann. Misstirðu af byrjuninni á uppáhaldsþættinum? Ekkert mál, þú smellir bara á byrjun og missir ekki af neinu.

### Taktu upp dagskrárliði og safnaðu þínum þáttum

Merktu við uppáhaldsþættina og appið sér um að taka þá upp. Þú getur svo horft á þá í safninu þínu þegar þér hentar.




FÍTON / SÍA

Fáanlegt í App Store

**Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is**

### Skráðu þig á stod2.is

- Appið virkar aðeins á þeim iPad, iPod touch og iPhone sem hafa stýrikerfið iOS 6 eða nýrra. (iPad 2 og nýrri og iPhone 4 og nýrri og iPod touch af 4. eða 5. kynslóð).
- Notaðu OZ-appið með Wi-Fi sem býður upp á meiri gæði og er hagkvæmara en t.d. 3G og 4G.
- Einungis fyrir áskrifendur á Íslandi.
- OZ TV þjónustan kostar aðeins 990 kr. á mánuði fyrir áskrifendur.



**ÁSKORUN** Þorlákur hefur skilað bikar í hús í Garðabæ undanfarin tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Höfum áður farið erfiða leið

**FÓTBOLTI** Það verður heldur betur stórleikur í 8-liða úrslitum Borgunarbikars kvenna þegar Valur tekur á móti Stjörnunni að Hlíðarenda.

„Mér líst bara vel á þetta,“ sagði Þorlákur Árnason, þjálfari Stjörnunnar, eftir dráttinn.

„Við fórum erfiðustu leiðina í bikarnum í fyrra og það skiptir engu máli hvaða liði maður mætir, þú þarft alltaf að fara í gegnum bestu liðin til að vinna þennan bikar.“

„Valur er klárlega með mjög gott lið og þær eiga án efa eftir að leggja mikla áherslu á bikarinn vegna stöðunnar í deildinni. Þetta verður mikil áskorun fyrir okkur.“ - sáp

### Fjórðungsúrslitin

Leikirnir fara fram 28. júní:

| | |
|---|---|
| ÍBV - Breiðablik | 17.00 |
| Þór/KA - Þróttur R. | 18.00 |
| HK/Víkingur - Fylkir | 19.15 |
| Valur - Stjarnan | 19.15 |

# Þarf að fá ákveðin svör

Sigurður Ragnar Eyjólfsson mun nota vináttulandsleikinn gegn Dönum til að fá svör við ákveðnum spurningum varðandi liðið. Þjálfarinn mun síðan í framhaldinu af því velja 23 manna lokahóp fyrir EM í Svíþjóð.

**FÓTBOLTI** Ísland leikur vináttulandsleik gegn Dönum ytra þann 20. júní en leikurinn er hluti af undirbúningi liðsins fyrir lokakeppni Evrópumótsins, sem fram fer í Svíþjóð frá 10. til 28. júlí.

Íslenska landsliðið hefur ekki náð góðum úrslitum að undanförnu en liðið tapaði til að mynda fyrir Skotum, 3-2, á Laugardalsvelli 1. júní. Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari þarf að nota tímann vel fram að móti til að slípa saman liðið. Ísland er í eins konar dauðariðli á mótinu en Þýskaland, Noregur og Holland eru með þeim í riðli.

„Hópurinn er þannig saman settur að við fáum Katrínu Ómarsdóttur inn í liðið á ný eftir að hún meiddist í síðasta landsliðsverkefni með okkur. Liðið hefur verið án hennar síðan í mars og það verður gott að fá hana til baka.“

**Vil prófa aðra leikmenn**

Sif Atladóttir og Edda Garðarsdóttir verða ekki með liðinu gegn Dönum.

„Sif Atladóttir er meidd og mun ekki taka þátt í þessu verkefni. Hún er bara ekki nægilega tilbúin og ef ég myndi tefla henni fram myndi það minnka líkurnar á að hún yrði með í lokakeppninni. Hún er með bólgur nálægt lífbeininu og við viljum ekki taka neinar áhættur með hana. Edda Garðarsdóttir fær frí frá þessu verkefni svo ég geti prófað aðra leikmenn fyrir komandi átök.“

### Landsliðshópurinn

| Markverðir | Leikir |
|---|---|
| Þóra Björg Helgadóttir | 98 |
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | 22 |
| **Varnarmenn** | **Leikir/mörk** |
| Katrín Jónsdóttir | 127/21 |
| Ólína G. Viðarsdóttir | 59/2 |
| Rakel Hönnudóttir | 49/3 |
| Hallbera G. Gísladóttir | 39/1 |
| Glódís Perla Viggósdóttir | 8/0 |
| Þórunn Helga Jónsdóttir | 8/0 |
| Anna Björk Kristjánsdóttir | - |
| **Miðjumenn** | |
| Dóra María Lárusdóttir | 89/15 |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | 81/32 |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | 59/14 |
| Katrín Ómarsdóttir | 52/9 |
| Guðný Björk Óðinsdóttir | 33/0 |
| Dagný Brynjarsdóttir | 29/3 |
| Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir | 11/0 |
| **Sóknarmenn** | |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | 87/69 |
| Fanndís Friðriksdóttir | 37/2 |
| Harpa Þorsteinsdóttir | 28/1 |
| Guðmunda Brynja Óladóttir | - |

Tveir nýliðar koma inn í landsliðshópinn fyrir leikina gegn Dönum.

„Það er alltaf gaman að sjá nýjar stelpur koma inn í liðið en Anna Björk Kristjánsdóttir og Guðmunda Brynja Óladóttir verða með hópnum í Danmörku. Þær hafa verið að standa sig sérstaklega vel. Við erum síðan einnig að fara að skoða Þórunni Helgu Jónsdóttur hjá Advaldsnes en hún hefur verið að fá virkilega góða dóma úti að undanförnu. Þetta er verulega spennandi hópur fyrir okkur til að skoða og vonandi færumst við nær þeim lokahóp sem við förum með út til Svíþjóðar.“

**Danir með eitt besta lið í heimi**

Sigurður Ragnar mun nota næstu vikur til að velja 23 manna hóp sem fer með liðinu í lokakeppnina í Svíþjóð. Þar af eru þrír markverðir.

„Við hlökkum mikið til að takast á við Dani, sem eru með frábært lið, en Ísland hefur aðeins náð að vinna liðið einu sinni í sögunni. Þetta verður erfitt og mjög krefjandi verkefni en jafnframt skemmtilegt en liðin spila mjög ólíkan fótbolta. Danir eru með eitt besta lið í heiminum að halda boltanum innan liðsins. Ég mun síðan nota þennan leik til að svara ákveðnum spurningum varðandi lokahópinn sem fer út.“

stefanp@frettabladid.is



**EKKI VALIN** Edda Garðarsdóttir er ekki með Íslandi gegn Dönum en hún hefur verið lykilmaður í íslenska landsliðinu í fjöldamörg ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


# Hobby hjólhýsi • Stór sparnaður

**Útvegum beint frá Þýskalandi eftirfarandi hjólhýsi, eigum til eitt stykki eftir af hverri tegund.**

**Allar upplýsingar í síma 866 5395**

**560 Premium CFe Verð c.a. 4.700.000 Hjá umboði 5.795.000**



**560 Exellent UL Verð c.a. 3.995.000 Hjá umboði 4.795.000**



**540 Exellent Ufe Verð c.a. 3.995.000 Hjá umboði 4.745.000**



**495 Exellent UL Verð c.a. 3.750.000 Hjá umboði 4.545.000**




**Markísur**

3 metrar
Verð kr. 120.000.-

3.50 metrar
Verð kr. 130.000.-

4 metrar
Verð kr. 140.000.-




**Sólarsellur**

130 w
með stjórnstöð
og festingum
kr. 105.000.-




Miðað við gengi 160 kr.

# 20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum



**CLASSIC - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**



**DRAUMEY**
Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**



**ROYAL - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG **FRÍ LEGU-GREINING**

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

## LAGERHREINSUN
### Á ARINELDSTÆÐUM





**EINUNGIS 3 VERÐ!**

**19.900,-**

**29.900,-**

**39.900,-**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM



**TOPPARNIR** Tiger og Rory verða í ráshóp með Adam Scott fyrstu tvo hringina á US Open sem hefst í dag. NORDICPHOTOS/AFP

# Topparnir saman í ráshóp á US Open

## Annað risamót ársins hefst í Bandaríkjunum í dag.

Þrír efstu menn heimslistans, þeir Tiger Woods, Rory McIlroy og Adam Scott, verða saman í ráshóp á fyrstu tveimur hringjunum á Opna bandaríska meistaramótinu sem hefst í dag. Mótið er haldið á hinum fornfræga Merion-velli í Pennsylvaníu.

Fyrir fram beinast flestra augu að sjálfsögðu að Tiger Woods, sem hefur ekki unnið risamót í rétt fimm ár, eftir magnaðan sigur á US Open á Torrey Pines. Hann hafði þá verið nær alráður í tæpan áratug þar sem hann sigraði á þrettán af 27 risamótum, frá PGA-meistaramótinu 1999. Þar áður hafði hann sigrað á Masters árið 1997.

Tiger er því enn að elta met Jacks Nicklaus yfir flesta sigra á risamótum, með fjórtán á móti átján sigrum Nicklaus.

McIlroy og Scott eru líka með risatitla á sínum ferilsskrám. Scott varð hlutskarpastur á Masters nú í vor og Rory sigraði á US Open árið 2011 og PGA-meistaramótinu í fyrra.

Þó er hætt við því að veðrið verði senuþjófurinn því að miklar rigningar hafa verið á vellinum og við hann síðustu daga. Í dag er svo spáð gríðarlegu úrhelli sem gæti sett allt úr skorðum.

Völlurinn ætti þó almennt séð að henta best þeim kylfingum sem eru nákvæmastir í aðgerðum sínum. Völlurinn er stuttur en karginn er varasamur og flatirnar illviðráðanlegar.

- þj



**KAL Í FLÖTUM** Þrátt fyrir miklar aðgerðir í vetur er ástandið bágborið á golfvellinum Jaðri á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Á vetrarflötum þar til degi fer að halla

## Formaður Golfklúbbs Akureyrar, Sigmundur Ófeigsson, man ekki eftir lengri vetri. Golfvöllurinn Jaðar á Akureyri reiknar ekki með að hleypa inn á aðalflatir fyrr en á bilinu 22.-27. júní. „Okkur finnst þetta grátlegt," segir Sigmundur.

„Völlurinn kom betur undan vetri en við þorðum að vona. Við lögðum gríðarlega vinnu í það að brjóta ís í vetur, en það hefur verið mikið kal á Norðurlandi öllu þennan langa vetur. Völlurinn okkar er engin undantekning þar á, og þótt við höfum hamast í allan vetur við það að brjóta ís á stórum vinnuvélum, fengum við samt kal í margar flatir hjá okkur," segir Sigmundur Ófeigsson, formaður Golfklúbbs Akureyrar.

Sigmundur reiknar ekki með að hleypa inn á aðalflatirnar fyrr en á bilinu 22.-27. júní. „Við sáðum nýju fræi í aðalflatirnar fyrir um tveimur vikum. Til þess að hafa flatirnar góðar í allt sumar þá viljum við leyfa þeim að spretta þokkalega," hélt Sigmundur áfram.

Meðlimir Golfklúbbs Akureyrar eru spenntir að komast inn á aðalflatirnar og hafa sýnt mikla þolinmæði að sögn Sigmundar. „Okkar félagar eru náttúrulega orðnir óþreyjufullir að komast á völlinn og spila í þessu góða veðri sem hefur verið hérna fyrir norðan. Okkur finnst þetta grátlegt," bætti Sigmundur við.

Til samanburðar má benda á að byrjað var að hleypa inn á aðalflatirnar á Jaðri þann 20. apríl í fyrra. „Auðvitað er það skrýtið að spila á vetrarflötum þar til degi fer að halla. Þetta er ekki sama íþrótt," segir Sigmundur jafnframt. Vetrarflatir er það kallað þegar holur eru settar út á brautina sjálfa, til þess að hlífa flötunum sem fyrir eru. „Þetta eru náttúrlega ekki alvöru flatir. En þetta er svosem víða gert. Skotar gera mikið af þessu þegar þeir þurfa að hlífa sínu flötum," útskýrði Sigmundur.

> **Auðvitað er það skrýtið að spila á vetrarflötum þar til degi fer að halla. Þetta er ekki sama íþrótt.**
>
> *Sigmundur Ófeigsson*
> *Formaður Golfklúbbs Akureyrar*



Þessi staða sem upp er komin hefur talsverð áhrif á afkomu félagsins og vallarins. „Tekjuskerðing af þessu fyrir okkur hleypur á milljónum," segir Sigmundur. „Núna er völlurinn aðallega opinn fyrir klúbbsmeðlimi náttúrulega og við leyfum útlendingum að spila líka. Þeir eru oft að koma hingað til þess að spila á einum nyrðsta átján holu velli veraldar," bætti Sigmundur við. „En þeir kannski kvarta minnst, því þeir virðast gera þetta fyrir upplifunina en ekki gæðin," segir Sigmundur.

En þrátt fyrir snjóþungann og óvenjulangan vetur sem náði frá októberlokum fram í apríl segir Sigmundur völlinn hafa komið ágætlega út. „Brautir eru ágætar, flestir teigar í lagi, en þetta var gríðarlega vinna í vetur sem við lögðum í þetta," segir Sigmundur að lokum.

olof@frettabladid.is

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára







VERÐDÆMI: 499.900,-*
á mann m.v. 2 fullorðna í innri-klefa.

★★★★★ 28. ÁGÚST - 11. SEPT. 2013

AUSTUR-MIÐJARÐARHAF OG RÓM

Róm - Sikiley – Aþena – Ephesus – Rhodos - Santorini – Mykonos – Napoli og Róm

Innifalið:
» Flug til og frá Róm með millilendingu í Frankfurt.
» Skemmtisigling með fullu fæði og afþreyingu í 10 nætur.
» Gisting á hótel Cicerone 2 nætur eftir siglingu.
» Þjórfé um borð í skipinu.
» Allar ferðir milli flugvalla, hótela og skips.

FLEIRI SIGLINGAR Í BOÐI Á UU.IS
VESTUR-KARÍBAHAF OG FLÓRÍDA | 25. OKT. - 5. NÓV. 2013 | FREEDOM OF THE SEAS
AUSTUR-KARÍBAHAF OG FLÓRÍDA | 8. NÓV. - 19. NÓV. 2013 | ALLURE OF THE SEAS

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR!
ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | MEIRA Á URVALUTSYN.IS

Farþegar okkar geta boðið 1 gesti með sér í hádegisverð á Brilliance of the seas í Reykjavíkurhöfn á eftirtöldum dagsetningum: 19.07 / 03.08 / 08.09

* Innifalið: flug, skattar, gisting, akstur og íslensk fararstjórn. Prentað með fyrirvara um villur.

# Veiði LAGERINN outlet

## MARKAÐUR MEÐ ÓDÝRAR OG ELDRI VEIÐIVÖRUR Í ALLT SUMAR

FLUGULÍNUR FRÁ AÐEINS
2.995,-
LÆKKAÐ VERÐ



SÖKKENDAR Á HÁLFVIRÐI

VEIÐIVESTI
FRÁ
1.995,-
LÆKKAÐ VERÐ



VESTI Á MYND KR. 4.995,-

VERÐ FRÁ
299,-
ÓDÝRT!



SPÚNAR
Frábært úrval.



ÓDÝRT!
BEITAN Í VEIÐIFERÐINA
ORMAR OG MAKRÍLL

AÐEINS FRÁ
14.995,-
LÆKKAÐ VERÐ



ÖNDUNARVÖÐLUR
Mikið úrval!

AÐEINS
12.995,-
ÓDÝRT!



DAM TASLAN VÖÐLUR

AÐEINS
16.995,-
ÓDÝRT!



RON THOMPSON
NEOPRENVÖÐLUR

VERÐ FRÁ
4.995,-
LÆKKAÐ VERÐ



FLUGUHJÓL
Gott úrval.

AÐEINS FRÁ
9.995,-
LÆKKAÐ VERÐ



VATNSHELDIR
VEIÐIJAKKAR

20% AFSLÁTTUR
LÆKKAÐ VERÐ



VEIÐISTANGASETT
Mikið úrval. 20% afsláttur.

VERÐ FRÁ
1.995,-
ÓDÝRT!



VEIÐITÖSKUR
- á góðu verði

VERÐ FRÁ
2.995,-
LÆKKAÐ VERÐ



KASTHJÓL
- í miklu úrvali.



FRÁ
4.995,-
LÆKKAÐ VERÐ

KASTSTANGIR
Mikið úrval!

AÐEINS
9.995,-
ÓDÝRT!



RON THOMPSON
BARNAVÖÐLUR

VERÐ FRÁ
8.995,-
LÆKKAÐ VERÐ



VÖÐLUSKÓR
Ýmsar gerðir.

ZPEY FLUGUSTANGIR OG PAKKAR
30 TIL 50% AFSLÁTTUR
LÆKKAÐ VERÐ



AÐEINS
3.895,-
ÓDÝRT!



VEIÐIKASSAR
Bleikir, bláir og grænir.

LÆKKAÐ VERÐ



FLUGUSTANGIR Á HÁLFVIRÐI
Mikið úrval!



FRÁBÆRT VERÐ
895,-
ÓDÝRT!



LETINGJAR

KRÓKHÁLSI 4 - SÍMI 517 8050 - MÁN. TIL FÖS. - 9 TIL 18 OG LAU. - 10 TIL 16

SJÁÐU TILBOÐIN Á

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 22.00
### Vice

Fréttaþátturinn Vice er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld.Í þættinum í kvöld verða tvö málefni tekin fyrir. Útsendarar þáttarins halda til Kína og rannsaka hvaða áhrif takmarkanir á barneignum hafa haft á kynjahlutföllin í landinu og hvernig þessar ströngu reglur hafa breytt kynlífshegðun landsmanna. Einnig er fjallað um hvernig efnahagskreppan í Evrópu hefur breytt landslaginu fyrir ungt fólk sem er tilbúið að grípa til róttækra aðgerða.




## Í KVÖLD



### Modern Family

**STÖÐ 2 KL. 19.35** Við erum komin í fjórðu þáttaröðina af þessum stórskemmtilega gamanþætti. Enn fylgjumst við með þremur fjölskyldum sem allar tengjast fjölskylduböndum en gætu ekki verið ólíkari.

**TV.COM** 8,2 **IMDb** 8,6



### The Office

**SKJÁR 1 20.45** Skrifstofustjórinn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrirrennari hans. Andy ber hag starfsmanna sinna fyrir brjósti og vill að jólaóskir þeirra rætist.

**TV.COM** 9,0 **IMDb** 8,7



### Chicago Fire

**RÚV 21.15** Í Chicago Fire sjáum við hvar slökkviliðsmenn og bráðaliðar í Chicago berjast við elda og bjarga mannslífum.

**TV.COM** 7,2 **IMDb** 6,8

## Rás 1 kl. 8.05
### KK

Tónlistarmaðurinn Kristján Kristjánsson, KK, leikur létta tónlist af ýmsu tagi.








## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle** (1:22)
**08.30 Ellen** (166:170)
**09.15 Doctors** (102:175)
**09.55 Bold and the Beautiful**
**10.15 Human Target** (12:12)
**11.05 Masterchef** (2:13)
**11.50 Man vs. Wild** (7:15)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Who Do You Think You Are?** (7:7)
**13.40 Flicka 2**
**15.15 Ofurmennið**
**15.35 Histeria!**
**16.00 Lína langsokkur**
**16.25 Ellen** (76:170)
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** (14:21)
**18.23 Veður** Ítarlegt veðurfréttayfirlit.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** (21:23)
**19.35 Modern Family** Fjórða þáttaröðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda víða um heim.
**20.00 Grillað með Jóa Fel** (3:6) Glænýir, girnilegir og sumarlegir grillþættir þar sem Jói Fel sýnir okkur réttu handtökin.
**20.30 Revolution** (12:20)
**21.15 Grimm** (10:22) Þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning.
**22.00 Vice** (4:10) Fréttaskýringaþættir þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar um heim allan og þeim gerð góð skil.
**22.30 L'armee Du Crime** Áhrifamikil mynd sem gerist í Þýskalandi í síðari heimsstyrjöldinni.
**00.50 Harry's Law** (3:22)
**01.35 Rizzoli & Isles**
**02.20 The Killing** (1:12)
**03.05 Mad Men** (9:13)
**03.50 Burn Notice** (11:18)
**04.35 Human Target** (12:12)
**05.20 The Big Bang Theory** (21:23)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** (9:24)
**19.25 Two and a Half Men** (8:24)
**19.45 Simpson-fjölskyldan** (13:25)
**20.10 Game Tíví**
**20.35 Glory Daze** (9:10)
**21.40 Sons of Tucson** (11:13)
**22.05 Brickleberry** (7:10)
**22.25 Pretty Little Liars** (3:25)
**23.10 Pretty Little Liars** (4:25)
**23.55 Game Tíví**
**00.20 Glory Daze** (9:10)
**01.20 Sons of Tucson** (11:13)
**01.45 Brickleberry** (7:10)
**02.10 Pretty Little Liars** (3:25)
**02.50 Pretty Little Liars** (4:25)
**03.35 Myndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Spurningakeppni grunnskóla**
**21.30 Spurningakeppni grunnskóla**

## SPORT
*besta sætið*

**16.55 FH - KR**
**18.45 Pepsi mörkin 2013**
**20.00 Kraftasport 2013**
**20.55 Roger Maltbie á heimaslóðum**
**21.45 Winning Time: Reggie Miller vs. NY Knicks** Skemmtileg heimildamynd frá ESPN um frábæran leik Reggie Miller gegn New York Knicks í undanúrslitum Austurdeildarinnar árið 1995.
**23.05 San Antonio - Miami**
**01.00 San Antonio - Miami**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**17.50 Fulham - Liverpool**
**19.30 Premier League World 2012/13**
**20.00 Liverpool - AC Milan**
**20.40 QPR - Liverpool**
**22.20 Liverpool - AC Milan**
**23.05 Stuðningsmaðurinn: Steingrímur Ólafsson** Guðmundur Benediktsson hittir glerharða stuðningsmenn ensku stórliðanna og ræðir um leikmenn, þjálfara, frammistöðuna sl. vetur og þær breytingar sem eru framundan.
**23.35 Man. City - Liverpool**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.05** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Svampur Sveinsson **08.00** Dóra könnuður **08.45** Áfram Diego, áfram! **09.10** Lína langsokkur **09.35** Strumparnir **10.00** Waybuloo **10.20** Brunabílarnir **10.40** Doddi litli og Eyrnastór **10.50** Histeria! **11.10** Ofuröndin Stórskemmtilegar teiknimyndir um Ofuröndina og félaga. **11.30** Sorry I've Got No Head **12.00** iCarly **12.20** Njósnaskólinn **12.50** Victourious. **13.10** Big Time Rush **13.35** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.00** Lalli **14.05** Lalli **14.15** Refurinn Pablo **14.20** Litlu Tommi og Jenni **14.45** Svampur Sveinsson **15.05** Dóra könnuður **15.50** Áfram Diego, áfram! **16.15** Lína langsokkur **16.40** Strumparnir **17.05** Waybuloo **17.25** Brunabílarnir **17.45** Histeria! **18.05** Ofuröndin **18.25** iCarly **18.50** Njósnaskólinn **19.15** Victourious **19.35** Big Time Rush

## GULL

**20.00 Auddi og Sveppi**
**20.30 Stelpurnar**
**20.55 Fóstbræður** (2:8)
**21.25 Curb Your Enthusiasm** (8:10)
**22.00 The Drew Carey Show** (15:22)
**22.25 Breaking Bad**
**23.15 Breaking Bad**
**00.05 Auddi og Sveppi**
**00.35 Stelpurnar**
**01.00 Fóstbræður** (2:8)
**01.30 Curb Your Enthusiasm** (8:10)
**02.05 The Drew Carey Show** (15:22)
**02.30 Myndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**12.40 Monte Carlo**
**14.30 Pétur og kötturinn Brandur 2**
**15.50 Date Night**
**17.20 Monte Carlo**
**19.10 Pétur og kötturinn Brandur 2**
**20.30 Date Night**
**22.00 The Messenger**
**23.50 The 41-Year-Old Virgin Who Knocked Up Sarah Marshall**
**01.10 The Transporter**
**02.45 The Messenger**

## RÚV

**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Úmísúmí** *(11:20) (Team Umizoomi - Season 1)*
**17.43 Hrúturinn Hreinn** *(1:20) (Shaun the Sheep)*
**17.50 Dýraspítalinn** *(5:10) (Djursjukhuset) (e)*
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Gómsæta Ísland** *(4:6) (Delicious Iceland) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Andraland II** *(4:5)* Andri Freyr Viðarsson fer á flandur, skoðar áhugaverða staði og spjallar við fólk.
**20.20 Tony Robinson í Ástralíu** *(1:6) (Tony Robinson Down Under)*
**21.15 Neyðarvaktin** *(22:24) (Chicago Fire)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(11:24) (Criminal Minds VII)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Ljósmóðirin** *(Call the Midwife II)* Breskur myndaflokkur um unga ljósmóður í fátækrahverfi London 1957. *(e)*
**00.00 Prenna** *(2:8) (Trekant) (e)*
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos** *(31:48)*
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(16:25)*
**08.00 Cheers** *(21:22)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**14.20 The Voice** *(11:13)*
**16.50 7th Heaven** *(23:23)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Psych** *(5:16)*
**19.05 America's Funniest Home Videos** *(32:48)*
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(17:25)* Endursýningar frá upphafi.
**19.55 Cheers** *(22:22) (e)*
**20.20 How to Be a Gentleman** *(5:9)*
**20.45 The Office** *(10:24)*
**21.10 Royal Pains** *(6:16)*
**22.00 Vegas - LOKAÞÁTTUR** *(21:21)*
**22.50 Dexter** *(8:12)*
**23.40 Common Law** *(5:12)*
**00.25 Excused**
**00.50 The Firm** *(14:22)*
**01.40 Royal Pains** *(6:16)*
**02.25 Vegas** *(21:21)*
**03.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.45 Golfing World**
**08.35 US Open 2000 - Official Film**
**09.35 US Open 2002 - Official Film**
**10.35 US Open 2012** *(4:4)*
**16.35 Inside the PGA Tour** *(24:47)*
**17.00 US Open 2013** *(1:4)*
**23.00 The Open Championship Official Film 1989**
**00.00 US Open 2013** *(1:4)*
**03.00 ESPN America**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

heimkaup.is




# VERTU KROPPUR Í SUMAR

Hydroxycut er eitt vinsælasta fitubrennsluefni í heiminum

**3.580**

VERÐ ÁÐUR ~~5.980~~

**Hydroxycut Pro Clinical**
60 töflur af þessu vinsæla fæðubótarefni

**40% afsl.**

## Brot af vöruúrvali okkar


mega 3:6:9 olía

4.290

Under Armour stuttermabolur

6.490

XEN-TAN Lotion Luxe brúnkukrem dark

8.190

Nectar mysuprótein

28.990

Apple iPod nano 16GB svartur

**Við sendum FRÍTT heim til þín! [eða í vinnuna]**

6.990

Cloud B Gentle G


cs Wellman
ín 30 stk

**Mikið vöruúrval sem fer vaxandi dag frá degi**

2.990

Retro Stefson–Retro Stefson

2.990

Flott armband fyrir alla snjallsíma með skjástærðinni 4.3"–4.8"

1.990

Everlast sippuband

6.490

Aerial7 SPORTS eyrnaband með innbyggðum heyrnartólum

22.900

Sodastream Gene



## Heimkaup er fyrsta vefverslun sinnar tegundar á Íslandi.

Þar finnur þú frábært vöruúrval úr ótal vöruflokkum á góðu verði og getur sparað þér búðarápið. Þú ræður svo hvort þú sækir vöruna í vöruhús okkar í Turninum í Kópavogi eða lætur senda þér hana. Þú getur einnig komið beint í vöruhúsið, skoðað vörur í sýningarsal, þegið aðstoð frá starfsfólki og verslað á staðnum.

**heimkaup.is**

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

Örugg vefverslun · Hagstætt verð · Hraðsending · Sendum um allt land

HEIMKAUP

## MORGUNMATURINN



**„Það er klassískt að fara á Prikið og fá sér morgunmat meistarans. Egg, beikon, skyr, appelsínur og grillaður tómatur með osti klikka aldrei.“**

Gauti Þeyr Másson, rappari og umsjónarmaður netþáttarins Og hvað?

# Býr til metnaðarfullt tímarit fyrir krakka

Guðbjörg Gissurardóttir ritstýrir krakkablaðinu Krakkalakkar fyrir börn á aldrinum 6-12 ára.

„Það hefur ekki verið gefið út blað fyrir krakka í næstum 20 ár eða síðan Æskan lagði upp laupana,“ segir Guðbjörg Gissurardóttir, ritstjóri og útgefandi tímaritsins Krakkalakkar sem ætlað er börnum.

Fyrsta tölublaðið af Krakkalökkum kemur út í byrjun júlí og verða þær Eva Þorgeirsdóttir aðstoðarritstjóri og Erla Björg Gunnarsdóttir einnig starfandi á blaðinu. Tímaritið er ætlað börnum á aldursbilinu 6-12 ára og verður án allra auglýsinga. „Við lítum ekki þennan hóp sem markhóp auglýsenda. Fyrsta tölublaðið er tilraunaeintak svo við sjáum hvernig þetta leggst í lesendur,“ segir Guðbjörg sem hefur þess í stað leitað óhefðbundinna leiða til að fjármagna útgáfuna. „Við höfum komið upp Karolina fundsíðu þar sem hægt er að forkaupa blaðið. Þá sjáum við hvaða peningur er að koma inn. Vonandi verður svo hægt að gefa út blaðið þrisvar til fjórum sinnum á ári í framhaldinu.“

Efnistök blaðsins eru barnamenning og náttúran, að sögn Guðbjargar, sem og að tengja íslenska krakka við íslenskan veruleika. „Við viljum að efnið verði hvatning fyrir íslenska krakka,“ segir Guðbjörg, sem kvíðir ekki fyrir samkeppninni við snjallsíma og spjaldtölvur. „Blaðið er hugsað sem mótvægi við það allt saman þó að við fjöllum kannski eitthvað um svoleiðis tæki í blaðinu.“ **- áp**

➜ Guðbjörg gefur einnig út tímaritið Í boði náttúrunnar.



**BLAÐ FYRIR BÖRN** Guðbjörg Gissurardóttir ritstýrir nýja tímaritinu Krakkalakkar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Vinnur við búningana í Game of Thrones

Listakonan Sylvía Dögg Halldórsdóttir vinnur við búningadeildina í sjónvarpsþáttunum Game of Thrones. Nú er verið að taka upp fjórðu seríuna.

„Þetta er skemmtilegasta vinna sem ég hef unnið á tímakaupi,“ segir listakonan Sylvía Dögg Halldórsdóttir sem landaði vinnu í búningadeild sjónvarpsþáttanna Game of Thrones.

Sylvía er komin til Belfast á Írlandi þar sem tökur á fjórðu seríu sjónvarpsþáttanna vinsælu fara að mestu leyti fram en seríuan er væntanleg á skjáinn á næsta ári. „Þættirnir eru að stærstum hluta teknir á Írlandi og er myndverið sjálft og allar vinnustofurnar í Belfast. Við klárum tökur fyrir jól svo ég verð hér að minnsta kosti næsta hálfa árið,“ segir Sylvía, sem á fjögurra ára son, Andreas Halldór, sem er væntanlegur til Írlands ásamt móðursystur hennar um leið og Sylvía hefur komið sér almennilega fyrir.

➜ Game of Thrones hefur hlotið tvenn Emmy-verðlaun sem besta dramaserían í gegnum tíðina.

Sylvía er titlaður „break down artist“ sem tilheyrir búningadeildinni. Hún sér meðal annars um að láta búningana líta út fyrir að vera bæði notaðir og veðraðir og þannig passa hinum ýmsum kringumstæðum. Hún er menntaður myndlistarmaður frá Willem de Kooning Academy í Hollandi og hefur sett upp sýningar hérlendis og erlendis en hún gengur undir listamannsnafninu Lovetank.

Tækifærið við sjónvarpsþættina kom upp í hendurnar á henni í fyrra er tökulið Game of Thrones var statt hér við gerð þriðju þáttaraðarinnar. „Ég var á leiðinni til Boston þegar ég fékk símtal frá Ellen Loftsdóttur, vinkonu minni, sem var að vinna hjá Pegasus. Það vantaði listamann til að mála á búningana sem voru í tökum þar og ég skipti því Boston út fyrir tökur á Mývatni,“ segir Sylvía og sér ekki eftir því í dag því henni bauðst svo vinna við fjórðu seríuna í kjölfarið. Hún segir starfsfólk Pegasus og írska tökuliðið hafa átt það sameiginlegt að vera yndislegt fólk sem hafði fagmennskuna í fyrirrúmi þannig að dvölin við Mývatni varð ógleymanleg.

„Þessi þáttagerð er mjög umfangsmikil og mikið hæfileikafólk sem leggur hönd á plóg. Ég er að vinna með listamönnum alls staðar að úr heiminum svo óhætt er að segja að tengslanetið mitt hefur margfaldast og ýmis tækifæri gætu fylgt því í framtíðinni.“

alfrun@frettabladid.is



**SKEMMTILEG VINNA** Listakonan Sylvía Dögg Halldórsdóttir sér um að búningarnir í fjórðu seríu Game of Thrones líti út fyrir að vera bæði veðraðir og notaðir. MYND/HELENSLOAN




# Í franskri gítarkeppni

Thiago Trinsi einn af fimmtíu sem komust áfram.

Brasilíski gítarleikarinn Thiago Trinsi, sem starfar hér á landi sem tónlistarkennari, er kominn í undanúrslit í alþjóðlegri franskri gítarkeppni sem fer fram á netinu.

Alls tóku 978 gítarleikarar frá hinum ýmsu löndum þátt í undankeppninni og komst Trinsi í gegnum fimmtíu manna niðurskurðinn. Hann er jafnframt sá eini sem keppir fyrir hönd Íslands.

Til að komast í gegnum undanúrslitin þurfti Trinsi að senda inn eigið lag og kemur það í ljós á næstunni hvort hann hlýtur náð fyrir augum dómnefndarinnar.

Trinsi hefur áður náð langt í gítarkeppnum, auk þess sem hann átti lag á plötunni Guitar Wizards. Á meðal annarra sem áttu þar lag voru Gilby Clarke, sem spilaði með Guns N'Roses, og Bernie Marsden, sem spilaði með Whitesnake.

**- fb**



**THIAGO TRINSI** Brasilíski gítarleikarinn er að gera góða hluti í frönsku gítarkeppninni.


THULE OG NÁMAN KYNNA
JEFF DUNHAM
VINSÆLASTI GRÍNISTI HEIMS Á ÍSLANDI
MIÐASALAN HEFST
Í DAG KL.10!
AUKASÝNING KL. 23
FÖSTUDAGINN 20. SEPTEMBER Í HÖLLINNI
SÍÐAST SELDIST UPP Á SKOTSTUNDU!
ÞAÐ ER EKKI HÆGT AÐ BÆTA VIÐ FLEIRI SÝNINGUM...Í ALVÖRU
THULE
Léttöl
Nánar á www.sena.is/jeffdunham.
Miðasala á Miði.is og í síma 540-9800.
sena

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kopar slær í gegn

Veitingastaðurinn Kopar, sem opnaði nú fyrir skemmstu við Geirsgötu í Reykjavík hjá gömlu höfninni, hefur heldur betur slegið í gegn. Hann hefur nú verið opinn í rúmar tvær vikur og alltaf virðist fullt út úr dyrum.

Þær Ásta Guðrún Óskarsdóttir og Ylfa Helgadóttir standa á bak við veitingastaðinn Kopar. Ásta er yfirþjónn og framkvæmdastjóri en Ylfa gegnir starfi yfirkokks. Ásta átti hlut í Grillmarkaðnum en seldi sig út úr rekstrinum ekki alls fyrir löngu. Bæði Ásta og Ylfa eru fyrrverandi starfsmenn Grill- og Fiskmarkaðarins sem eru að hluta til í eigu Hrefnu Sætran. **- ósk**



### Gunnar kominn á RÚV

Gunnar Sigurðsson, eða Gunnar á Völlum, mun snúa aftur á knattspyrnuvelli landsmanna í sumar en þættirnir verða nú sýndir á RÚV. Tökur eru þegar hafnar á þáttunum og segist Gunnar hlakka mikið til að starfa aftur með fyrrverandi starfsfélaga sínum, Fannari Sveinssyni Hraðfréttamanni, en þeir fóru saman um víðan völl þegar þættirnir voru sýndir í vefsjónvarpi MBL. Gunnar segir að til standi að kíkja á leiki í efstu deildum karla- og kvennafótboltans í sumar. **-ka**



## Mest lesið vísir

1 Bubbi skrifar um Leoncie: „Farðu nú að þegja!“
2 Ekki fyrir viðkvæma: Tyrkneskur lögreglumaður skýtur mótmælanda í höfuðið
3 Casper kannast ekki við fullyrðingar Gests
4 Hvað gerist ef ómenntaður einstaklingur starfar sem læknir?
5 Starfar hjá stærsta banka í heimi

ÆSANDI ÍSLENSK SKÁLDSAGA EFTIR KARL FRANSSON



www.forlagid.is

Sumargleði!
20% afsláttur
af öllum vörum í verslunum okkar




